HRAFNHILDUR GUÐRÚNARDÓTTIR

*Ómetanlegar Disneybuxur*

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






JÚLÍUS STEINAR HEIÐARSSON

*Stofnandi úramerkisins 101 Reykjavík*

Með úr á báðum höndum

FÓLK 58








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júlí 2006 — 179. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Inúítar í lokaverkefni frá HÍ



Oddný Ósk Sverrisdóttir hlaut á dögunum styrk fyrir BA verkefni sitt í mannfræði um uppruna Inúíta.

TÍMAMÓT 34

### Íslenskir selir verðlaunaðir



Selirnir í Húsdýragarðinum léku stórt hlutverk í franskri auglýsingu sem vann til verðlauna á auglýsingahátíðinni í Cannes.

FÓLK 46

### Ólafur Kjartan Sigurðarson óperusöngvari



Gerir það gott á sviði óperuhúsanna í London og segir líf söngvarans eiga sitthvað sammerkt með sjómannslífinu.

MENNING 40

### Titillinn ekki tryggður



Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari kvennaliðs Vals, vill ekki viðurkenna að Íslandsmeistaratitillinn sé svo gott sem kominn í hús. Valsstúlkur hafa mikið forskot á toppi deildarinnar og hafa ekki tapað stigi í ár.

ÍÞRÓTTIR 52

### VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR NORÐVESTAN TIL-** Í dag verður hæg breytileg átt. Smá skúrir norðvestan til annars yfirleitt þurrt. Hiti 10-19 stig, hlýjast á austanverðu landinu.

VEÐUR 4






**FRAKKAR FAGNA** Það verða Frakkar og Ítalir sem mætast í úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar sem fram fer í Berlín á sunnudaginn. Það var vel við hæfi að Zinedine Zidane tryggði Frökkum sæti í úrslitaleiknum en hann skoraði eina mark leiksins í undanúrslitaleiknum gegn Portúgal í gærkvöld. NORDICPHOTOS/AFP

# Mansal um Ísland hefur verið stöðvað

**Lögreglunni hefur tekist að stöðva mansal og smygl á fólki í gegnum Ísland. Fréttir af árangri Íslendinga hafa borist eins og eldur í sinu um glæpaheiminn.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Keflavíkurflugvelli hefur tekist að stöðva ólöglegan flutning fólks með flugi til Bandaríkjanna í gegnum Ísland og valdið glæpahringunum verulegu tjóni.

„Ísland hefur verið áningarland, hvorki upphaf né endastöð mansals, og við höfum ítrekað dæmt smyglara og aðstoðarmenn þeirra til fangelsisvistar," segir Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli.

Talið er að viðskipti með átta hundruð þúsund manns eigi sér stað í heiminum á hverju ári. „Við stöndum mjög framarlega í þessum málum. Þetta er í fyrsta skipti sem áningarland getur gripið inn í með þessum hætti," segir Jóhann og bendir á að með því að stöðva umferð sé verið að valda glæpamönnunum verulegu tjóni. Þeir reyni ekki lengur að fara um Ísland.

Jóhann telur að bæði löggjafinn og lögreglan hafi staðið sig vel í baráttunni. Hann segir að lögum hafi verið breytt til að taka á brotunum og skilningur á brotum af þessu tagi og eðli þeirra hafi aukist. Hér séu nú dómafordæmi sem ekki séu til annars staðar.

Jóhann segir að Ísland sé í tísku og hafi ekki bara vakið athygli erlendra fjárfesta og ferðamanna heldur líka glæpamanna. Hann segir að lögreglan hafi rannsakað á annan tug mála sem talin eru tengjast mansali á síðustu þremur árum. Mansal og smygl á fólki sé vaxandi vandamál og ágóði glæpasamtaka sé svipaður og af fíkniefnaviðskiptum í heiminum. - ghs

Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, kallaður fyrir þingnefnd:

# Án innflytjenda hryndi allt

**NEW YORK, AP** Michael Blomberg, borgarstjóri í New York, segir að efnahagur Bandaríkjanna myndi hrynja ef allir ólöglegir innflytjendur væru reknir úr landi.

Bloomberg sagði þetta í gær þegar hann kom fyrir nefnd á vegum öldungadeild Bandaríkjaþings og svaraði þar ýmsum spurningum um málefni innflytjenda. Hann er einn fjölmargra ráðamanna og sérfræðinga í Bandaríkjunum sem þessa dagana eru kallaðir fyrir þessa nefnd vegna þess að þingið hefur í undirbúningi viðamiklar breytingar á löggjöf um innflytjendur í Bandaríkjunum.

Í New York búa meira en þrjár milljónir innflytjenda og



**ARLEN SPECTER OG MICHAEL BLOOMBERG** Öldungadeildarþingmaðurinn Arlen Specter er formaður þingnefndarinnar, sem kallaði Bloomberg fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bloomberg sagði að um hálf milljón þeirra hafi komið til landsins með ólöglegum hætti.

„Enda þótt þeir hafi brotið lög með því að koma yfir landamæri okkar ólöglega, þá væri efnahagur borgarinnar ekki nema svipur hjá sjón ef þeir hefðu ekki gert það, og efnahagslífið myndi hrynja ef þeir yrðu fluttir úr landi," sagði Bloomberg. „Það sama gildir um ríkið allt."

Hann hvatti þingið til að bjóða ólöglegum innflytjendum upp á leið til að gerast löglegir innflytjendur í Bandaríkjunum.

Öldungadeildin og fulltrúadeildin hafa samþykkt mismunandi útgáfur af nýju innflytjendalöggjöfinni, en reyna nú að koma sér saman um sameiginlegt frumvarp til að leggja fyrir George W. Bush forseta. - gb

Maður í haldi lögreglu:

# Rændi konur á níræðisaldri

**LÖGREGLA** Maður á þrítugsaldri er í haldi lögreglu en hann hefur viðurkennt að hafa rænt tvær konur á níræðisaldri.

Maðurinn var handtekinn um hádegisbil í gær. Hann hafði þá ráðist á aðra konuna á Njálsgötu og hrifsað af henni veskið. Konan gat gefið greinargóða lýsingu á manninum sem leiddi til handtöku hans.

Fyrra ránið framdi maðurinn í fyrradag í námunda við verslun á Brúnavegi. Að sögn lögreglu hafði maðurinn eytt hátt í tuttugu þúsund krónum af ránsfengnum. Hann hefur áður komist í kast við lögin. - æþe



**NÝLENT** Flugvél forsetahjónanna lenti á Reykjavíkurflugvelli síðdegis í gær.

Forseti Grikklands á Íslandi:

# Heimsækir Suðurnes í dag

**HEIMSÓKN** Forseti Grikklands Karolos Papoulias og frú May Papoulia eiginkona hans komu til landsins síðdegis í gær. Grísku forsetahjónin eru hér á landi í opinberri heimsókn í boði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

Eftir móttökuathöfn á Bessastöðum munu forsetahjónin heimsækja Þjóðminjasafn Íslands og snæða hádegisverð í boði borgarstjórans í Reykjavík í Höfða. Þá liggur leið þeirra til Grindavíkur og að orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi og í Bláa lónið. Dagskrá forsetahjónanna í dag lýkur með hátíðarkvöldverði í boði forsetahjónanna á Bessastöðum. - shá






## SPURNING DAGSINS

*Steingrímur, varstu sómi Bush, sverð hans og skjöldur?*

„Nei, ég held ég verði nú aldrei sómi, sverð eða skjöldur Bush.“

George Bush kom til landsins árið 1983 í varaforsetatíð sinni. Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, skipti um sæti við hann í Stjórnarráðinu vegna ótta öryggisvarða um launmorð.

Kenneth Lay, stofnandi olíufyrirtækisins Enron, lést í gær:

# Átti lífstíðardóm í vændum

**HOUSTON, AP** Kenneth Lay, stofnandi bandaríska olíufyrirtækisins Enrons, lést í gær af völdum hjartaáfalls. Hann var 64 ára gamall og átti yfir höfði sér ævilangt fangelsi í einu stórfelldasta viðskiptasvikamáli sem upp hefur komið í sögu Bandaríkjanna.

Lay bjó í Houston en var staddur ásamt eiginkonu sinni, Lindu, á ferðamannastaðnum Aspen í Colorado.

Í maí síðastliðnum komst kviðdómur að þeirri niðurstöðu að Lay væri, ásamt félaga sínum, Jeffrey Skilling, fyrrverandi framkvæmdastjóra Enron, sekur um að hafa blekkt bæði fjárfesta og starfsfólk fyrirtækisins með því að hafa hvað eftir annað gefið rangar upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækisins síðustu mánuðina áður en það varð gjaldþrota í desember árið 2001.



**LINDA OG KENNETH LAY** Myndin er tekið þegar Lay var á leið í réttarsal um miðjan maí þegar lokamálflutningur var að hefjast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómur í málinu átti þó ekki að falla fyrr en 23. október næstkomandi.

Lay hafði einnig verið dæmdur sekur í öðru dómsmáli, er snerist um persónulegan fjárhag hans, fyrir að hafa gefið bankastofnunum rangar upplýsingar.

Hvorki Lay né Skilling viðurkenndu í réttarhöldunum að hafa gert neitt rangt, heldur hafi fyrirtækið orðið gjaldþrota vegna slæmrar umfjöllunar sem dró úr því trausti sem fjárfestar höfðu borið til þess. - gb

Smygltilraun á Litla-Hrauni:

## Geymdi stera í leggöngum

**DÓMSMÁL** Þrítug kona hefur verið ákærð fyrir að reyna að smygla eiturlyfjum og steratöflum til fanga á Litla-Hrauni. Málið var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Í ákæruskjali kemur fram að konan faldi tæp 20 grömm af amfetamíni og 101 steratöflu í leggöngum. Efnið hugðist hún færa fanga sem hún var að heimsækja.

Eftir að upp komst um smyglið vísaði konan, eftir yfirheyrslur lögreglu, á tæplega 75 grömm af hassi sem hún geymdi í bíl sínum sem hún hafði áður lagt í bílastæði við Litla-Hraun. - æþe

Utanríkisráðuneytið:

## Skipt um ráðuneytisstjóra

**STJÓRNSÝSLA** Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri á viðskiptaskrifstofu, tekur við starfi ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins síðar í mánuðinum. Gunnar Snorri Gunnarsson, sem verið hefur ráðuneytisstjóri síðustu fjögur ár, flyst í haust til starfa erlendis.



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON**

Þrjár vikur eru síðan tilkynnt var að Grétar Már yrði sendiherra Íslands í Peking. Ekki fengust skýringar á þessum skyndilegu breytingum þegar eftir þeim var leitað. -bþs

# Árétting iðnaðarráðherra sögð út í hött

**Fráleitt, hálf hlægilegt, stenst ekki skoðun. Það eru orðin sem þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna velja áréttingu iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá því á þriðjudag um að stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar hafi lokið 2003.**

**STJÓRNMÁL** Formenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna gefa lítið fyrir áréttingu Jóns Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um að stóriðju- og virkjanastefnu ríkisstjórnarinnar hafi lokið 2003. Jón lagði fram minnisblað þess efnis á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag.

„Þetta er algjörlega út í hött og í raun fráleit yfirlýsing af hans hálfu,“ segir Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Hún segir orð Jóns ekki standast skoðun, stjórnvöld hafi beint atvinnumálum á braut stóriðju. „Valgerður Sverrisdóttir tók virkan þátt í að móta atvinnustefnuna og hennar umræða snérist nær eingöngu um stóriðju.“

Magnúsi Þór Hafsteinssyni, formanni þingflokks Frjálslynda flokksins, finnast orð Jóns Sigurðssonar hálf hlægileg. „Það er ekki mjög trúverðugt hjá honum að koma með svona útspil,“ segir Magnús Þór. „Það er eins og ríkisstjórnin sé á flótta undan sjálfri sér og vilji ekki viðurkenna eigin verk. Stóriðjustefnunni er hvergi nærri lokið og mér finnst þetta kjánalegt hjá Jóni.“



**ÁLVERIÐ Í STAUMSVÍK** Margrét Frímannsdóttir, þingmaður Samfylkingar, segir öll verk stjórnvalda benda til annars en að horfið hafi verið frá stóriðjustefnunni árið 2003.

Ögmundi Jónassyni, þingflokksformanni vinstri grænna, virðist sem Jón lifi í öðrum heimi en flestir aðrir. „Við höfum fylgst með Valgerði Sverrisdóttur undirrita hverja viljayfirlýsinguna á fætur annarri um fleiri álver. Hún hefur haldið allt frá Húsavík til New York í þeim erindagjörðum og fjölmörg álver hafa verið á teikniborðinu,“ segir Ögmundur. Hann bætir við að stjórnvöld hafi sóst eftir frekari undanþágum frá Kyótó-bókuninni „til að geta fullnægt ítrustu draumum sínum um frekari stóriðjuuppbyggingu. Og ef þetta er ekki stefna ríkisstjórnarinnar þá veit ég ekki hvar hana er að finna.“

Margréti er einnig hugleikin nýleg viljayfirlýsing Valgerðar og forsvarsmanna Alcoa um hagkvæmniathugun á álveri við Húsavík. „Hún skrifaði ekki undir sem Valgerður Sverrisdóttir að norðan, hún gerði það sem fulltrúi ríkisstjórnar Íslands.“ Margrét segir fráleitt að stóriðju- og virkjanastefnunni hafi lokið 2003 þrátt fyrir að þá hafi gengið í gildi lög sem ýttu ákveðnum þáttum ákvarðanatökunnar yfir á orkufyrirtæki og sveitarfélögin. Öll verk stjórnvalda bendi til annars. Ögmundur tekur í sama streng en bætir við að hafi Jón verið að boða stefnubreytingu hjá ríkisstjórn eða Framsóknarflokknum þá þurfi að orða það með skýrum hætti.

bjorn@frettabladid.is



**JÓN SIGURÐSSON**



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Ákvörðun um stýrivexti verður kynnt fyrir hádegi í dag.

Vaxtahækkun Seðlabankans:

## Búist við allt að 75 punktum

**VIÐSKIPTI** Gangi spár greiningardeilda bankanna eftir verða stýrivextir Seðlabanka Íslands 12,75 til 13 prósent eftir 50 til 75 prósentustiga hækkun í dag. Stýrivextir hafa ekki verið hærri í rúman áratug.

Seðlabankinn gefur í dag út efnahagsrit sitt Peningamál og er búist við að hann hækki jafnframt vexti til að slá á verðbólguþrýsting. Landsbankinn telur að miðað við verðbólguhorfur sé 75 punkta hækkun líklegri en áður en útilokar þó ekki 50 punkta hækkun. Glitnir spáir 50 til 75 punktum og KB banki spáir því að punktar verði hækkaðir um 50 punkta nú og svo aftur í haust áður en þeir taki að lækka á ný. - óká

Nýr forsætisráðherra Litháen:

## Fær frest til að mynda stjórn

**VILNÍUS, AP** Gedimas Kirkalas verður næsti forsætisráðherra Litháens. Þjóðþingið í Litháen samþykkti það á þriðjudag, en Kirkalas fær nú fimmtán daga frest til að mynda nýja ríkisstjórn, sem væntanlega verður minnihlutastjórn vinstri- og miðjuflokka.

Kirkalas, sem er sósíaldemókrati, var varnarmálaráðherra í ríkisstjórn Algirdas Brazauskas, sem sagði af sér í síðasta mánuði eftir að hneykslismál urðu stjórninni að falli. - gb



**ÁREKSTURINN** Umferð á Miklubrautinni hægðist mjög eftir óhappið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Umferðaróhapp á Miklubraut:

## Fjórir bílar skullu saman

**LÖGREGLUMÁL** Harður árekstur varð á Miklubraut síðdegis í gær þegar fjórir bílar skullu saman. Svo virðist sem tveir bílar hafi lent í árekstri og þeir tveir bílar á akreininni sem á eftir komu hafi ekki náð að hemla tímanlega. Olli þetta nokkrum töfum á umferð.

Engin slys urðu á fólki en aðeins fremsti bíllinn er í ökuhæfu ástandi eftir áreksturinn. -sgj




**Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.**

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerð á fund samgöngunefndar:

# Frestun framkvæmda rædd

**STJÓRNMÁL** Frestun framkvæmda við samgöngumannvirki verður rædd á fundi samgöngunefndar Alþingis í dag. Fulltrúar Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar og Vegagerðar hafa verið kallaðir til fundarins sem haldinn er að ósk þingmanna Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar. Talsverðar framkvæmdir á vegum stofnananna þriggja voru fyrirhugaðar á næstu misserum en ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta opinberum framkvæmdum til að draga úr þenslu. Ekki hefur verið skorið úr um hvaða framkvæmdum verður slegið á frest.

„Við ætlum að fara yfir þær fyrirhuguðu framkvæmdir sem áætlaðar voru og svo verða málin rædd,“ segir Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður samgöngunefndar, um dagskrá fundarins. Í samgönguáætlun er kveðið á um framkvæmdir á árunum 2006 og 2007 upp á níu milljarða króna. Guðmundur segir vilja ríkisstjórnarinnar standa til að slá þeim á frest en áréttar að málin hafi ekki verið greind frekar. „Þetta liggur ekki ljóst fyrir fyrr en sól fer að lækka verulega á lofti.“



**VEGAGERÐ** Enn á eftir að ákveða hvaða opinberu framkvæmdum verður frestað til að mæta kröfum ríkisstjórnarinnar um samdrátt hins opinbera. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Guðmundur segist þeirrar skoðunar að óskynsamlegt sé að fresta ýmsum þeim verkefnum sem ráðgerð voru og nefnir vegagerð á Vestfjörðum og norðausturhorni landsins þar sem enn séu malarvegir sem standist ekki nútíma kröfur og séu í raun hættulegir. Þá verði áfram unnið að undirbúningi stórframkvæmda á borð við Sundabraut og mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut í Kópavogi og framhaldið greint á haustdögum. „Vegagerðin mun auðvitað halda áfram með sína heimavinnu. Það er ekkert stopp komið ennþá.“

Hann vill ekki segja til um hverju beri að fresta en svarar aðspurður að svo geti farið að stækkun flugstöðvarinnar á Egilsstaðaflugvelli verði slegið á frest. Það skýrist þó betur í haust -bþs







Blandaður garðáburður




Gróðurmold

# Helgarsprengja

## fimmtudag - sunnudags




Frostþolnir útipottar



Úðadæla 5ltr 499

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 5.7.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,01 | 75,37 |
| Sterlingspund | 138,35 | 139,03 |
| Evra | 95,74 | 96,28 |
| Dönsk króna | 12,831 | 12,907 |
| Norsk króna | 12,034 | 12,104 |
| Sænsk króna | 10,437 | 10,499 |
| Japanskt jen | 0,6525 | 0,6563 |
| SDR | 111,12 | 111,78 |

*Gengisvísitala krónunnar*
132,2123

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ályktun stjórnarnefndar Landspítala - háskólasjúkrahúss vegna nýfallinna dóma:

# Stjórnin styður eigin stefnu

**STARFSMANNAMÁL** Stjórnarnefnd Landspítala-háskólasjúkrahúss ítrekar stuðning sinn við stefnu spítalans um starfsskyldur yfirmanna LSH og harmar hvernig mál hafa þróast. Í ályktun sem stjórnarnefndin samþykkti í gær segir að hún hafi í desember 2001 ákveðið að stefna bæri að því að yfirmenn sinntu eingöngu starfi innan spítalans enda umfang einstakra deilda og sérgreina það mikið að yfirmönnum yrði illkleift að sinna samtímis stjórnun stórrar deildar eða sérgreinar og rekstri læknastofu utan hans.

Tilefni ályktunarinnar eru tveir nýgengnir dómar þar sem spítalinn var sagður hafa farið ólöglega fram gegn tveimur yfirlæknum.

Af 84 yfirlæknum á spítalanum eru 69 í fullu starfi. Fjórir yfirlæknar eru með hlutaráðningu vegna smæðar eininga þeirra og tíu án stjórnunarskyldu og hafa heimild til stofureksturs. Ófrágenginn er samningur við einn yfirlækni og er unnið að honum.

Í ályktun stjórnarnefndarinnar segir meðal annars að í dómunum sé ekki gengið gegn stefnu spítalans í ráðningarmálum en þeir sýni að meðferð starfsmannamála hjá hinu opinbera geti verið erfið úrlausnar enda lög um opinbera starfsmenn flókin og vandmeðfarin. **- bþs**



**LANDSPÍTALI** Stjórnarnefnd spítalans telur lög um opinbera starfsmenn flókin og vandmeðfarin.

Skurðlæknafélag Íslands:

## Krefjast viðunandi lausnar

**DÓMSMÁL** Stjórn Skurðlæknafélags Íslands harmar að faglegur ágreiningur innan Landspítalans þurfi að vera viðfangsefni dómstóla, en þann 29. júní síðastliðinn var kveðinn upp dómur í máli Stefáns E. Matthíassonar skurðlæknis gegn LSH.

Í dómsorði sagði að áminning sem LSH hafi veitt Stefáni teldist ólögmæt, en áminningin var undanfari brottvikningar hans úr starfi yfirlæknis æðaskurðlækningadeildar LSH.

Stjórn félagsins krefst þess jafnframt að yfirstjórn LSH fari að lögum og að Stefán fái viðunandi lausn sinna mála. **- sþs**

Reiður kaupmaður:

## Banamaður bangsa kærður

**ÞÝSKALAND** Þýskur bolasali hefur kært veiðimanninn sem skaut bjarndýrið Brúnó nýverið. Ástæðan er sú að daginn áður hafði hann látið prenta hundruð Brúnó-bola með áletruninni „Þið náið mér aldrei“.



**BRÚNÓ HEITINN**

Brúnó bangsi hafði ráfað um Bæjaraland í margar vikur, drepið kindur og kanínur, en ekkert gekk að handsama dýrið. Bolasalinn sá sér því leik á borði og prentaði boli með þessum hnyttna texta, en getur nú ekki selt þá þar sem bjarndýrið var skotið.

„Hann gerði engum mein,“ sagði bolasalinn um björninn. „Ég mun krefjast skaðabóta fyrir allan varninginn sem ég hannaði fyrir ferðamenn sem komu til að sjá björninn.“ **- sgj**

### EGYPTALAND

**Friðargæsluliðar ásakaðir** Hátt settur yfirmaður innan egypsku lögreglunnar ásakaði alþjóðlega friðargæsluliða um að aka í jeppa yfir 18 ára mann í Sínaí í gær með þeim afleiðingum að unglingurinn lést.

### LEIÐRÉTTING

Ekki var rétt sem fram kom í Fréttablaðinu á mánudag að kvartanir um lokanir evrópskra sjónvarpsstöðva á meðan HM stendur væru í formlegri athugun hjá Samkeppniseftirlitinu. Hið rétta er að stofnunin hefur tekið til umfjöllunar kvartanir vegna verðhækkunar á áskrift að Sýn meðan á keppninni stendur. Talsmaður Samkeppniseftirlitsins segir kvartanir borist vegna hins málsins en það hefur ekki verið tekið til formlegrar athugunar.



**NORÐUR-KÓRESKUR FÁNI BRENNDUR Í SEOUL** Suðurkóreskur almenningur mótmælti tilraunaskotinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Hörð viðbrögð við eldflaugaskotinu

**Tilraunaskot Norður-Kóreumanna eru litin alvarlegum augum víða um heim, enda ríkir mikil spenna í samskiptum þjóða í Austur-Asíu. Japanir kölluðu til neyðarfundar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær.**

**ERLENT, AP** Viðbrögð við tilraunaskotum Norður-Kóreumanna eru margvísleg. NATO sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem atvikinu var lýst sem „ógnun við öryggi austurhluta Asíu“ og hvatt var til harðra viðbragða á alþjóðavettvangi. „Við hörmum og fordæmum þetta skot,“ sagði einnig í tilkynningunni og framkvæmdastjóri NATO, Jaap de Hoop Scheffer, sagði tilraunina ekki einungis varða Austur-Asíu, heldur væri hún ógn við alþjóðlegt öryggi og kæmi það því í hlut NATO að bregðast við henni. De Hoop Scheffer sagðist vonast eftir hörðum viðbrögðum frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Haft var eftir háttsettum embættismönnum Bandaríkjanna að „fordæmislaus samstaða“ hefði myndast meðal þjóða heimsins gegn tilrauninni N-Kóreumanna.

Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, sagði að tilraunaskotið hefði verið „ögrandi aðgerð“ sem auki mjög á spennuna í Austur-Asíu, en bæði NATO og ESB hvöttu N-Kóreumenn til að setjast aftur að samningaborðinu.

Japanir hvöttu meðlimi öryggisráðsins til að bregðast við af hörku, en viðbrögð Kínverja og Suður-Kóreumanna voru vægari. Talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins bað þjóðir heims um að halda aftur af sér og auka ekki á spennuna á svæðinu en sagði jafnframt að Kínverjar hefðu „verulegar áhyggjur“ af framgangi mála.

Skrifstofa forseta Suður-Kóreu sendi frá sér varlega orðaða yfirlýsingu sem hvatti til langlundargeðs í viðræðum og að Norður-Kóreumenn yrðu ekki beittir miklum þrýstingi. Réttast væri að ríki mótmæltu af festu en sýndu sveigjanleika í viðræðum. Fyrr um daginn hafði þjóðaröryggisráðgjafi Suður-Kóreu verið mun harðorðari og í höfuðborginni Seoul voru norðurkóreskir fánar brenndir í mótmælaskyni.

klemens@frettabladid.is

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Braut þrjár tennur í pilti

**DÓMSMÁL** Tvítugur karl hefur verið ákærður fyrir að ráðast á sautján ára pilt í Þorlákshöfn í nóvember í fyrra. Málið var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Manninum er gert að hafa slegið piltinn hnefahögg á andlitið, til móts við Setberg í Þorlákshöfn, með þeim afleiðingum að þrjár tennur í fórnarlambinu brotnuðu.

Ákæruvaldið krefst refsingar yfir hinum ákærða. **- æþe**



**OLÍUVERKAMENN Í ASERBAÍDSJAN** Enn hækkar þessi dýrmæta afurð í verði. NORDICPHOTOS/AFP

Áhrif milliríkjadeilna:

## Heimsverð olíu fer hækkandi

**BANDARÍKIN, AP** Olíuverð skaust upp fyrir sjötíu og fimm dollara í gær. Galli í olíuhreinsunarstöð í Texas og upphaf nýs fjárhagsársfjórðungs olli þenslu á markaði en hækkunina má einnig rekja til spennu sem ríkir milli Bandaríkjanna og nokkurra annarra ríkja. Má þar sérstaklega nefna Íran og Norður-Kóreu, en eldflaugaskot Norður-Kóreu á þriðjudaginn jók á almenna óvissu á vettvangi alþjóðastjórnmála. Einnig hefur ókyrrð í Nígeríu og Mið-Austurlöndum dregið úr stöðugleika á heimsmarkaði. **- kóþ**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BETRI HORFUR** Gangi spár eftir mun Suðvestur- og Vesturland koma sterkt inn um helgina. Eru horfur á að smám saman létti til á þeim svæðum er líður á morgundaginn. Á laugardag og sunnudag gæti orðið hálfskýjað eða léttskýjað vestan til. Þetta hljóta að teljast tíðindi eftir þá tíð sem verið hefur upp á síðkastið. Norður- og Austurland sigla hins vegar inn í vætutíð, strax í dag norðvestan til en á morgun verður vætusamt á Norður- og Austurlandi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Hæg suðlæg átt. Skýjað en úrkomulítið eða úrkomulaust. Hiti 9-11 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 25°C léttskýjað | London | 24°C skúrir | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 23°C léttskýjað | París | 27°C rigning | Mallorca | 26°C heiðskírt |
| Osló | 23°C hálfskýjað | Frankfurt | 27°C skúrir | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C léttskýjað | Friedrichshafen | 24°C skúrir | Krít | 29°C heiðskírt |
| Gautaborg | 23°C léttskýjað | Berlín | 27°C skúrir | Las Palmas | 27°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




BELGÍA: LÍTIÐ LAND,
HEIMSINS BESTI BJÓR.

ANNO 1366
STELLA ARTOIS

0,0%



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að elta sólina í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætar þú að fylgjast með úrslitaleik HM keppninnar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Gæsluvarðhaldsúrskurður staðfestur í skotárásarmálinu í Hafnarfirði:

# Haglabyssan enn ófundin

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum sem taldir eru tengjast skotárásinn á Burknavöllum í Hafnarfirði var framlengt í gær að kröfu lögreglu. Mennnirnir tveir verða varðhaldi til ágústloka enda litið svo á að um tilraun til manndráps sé að ræða. Þeir hafa báðir kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Haglabyssan sem notuð var við árásina er að sögn lögreglu enn ófundin. Leitað hefur verið á heimilum mannanna sem og í bílum þeirra. Lögregla hefur lagt hald á ýmis vopn svo sem kylfur, hnúajárn og skotfæri.

Tildrög árásarinnar eru, að sögn lögreglu, ósætti á milli annars þeirra sem nú gistir fangageymslur og tveggja manna af þremur sem staddir voru inni í húsinu þegar skotunum tveimur var hleypt af. Einn þeirra sem var innandyra fékk byssuhögl í sig.

Annar manna sem situr í varðhaldi er grunaður um að hafa kastað eldsprengju að sama húsnæði tæpum sólarhring síðar.

Átta manns voru handtekin innan við sólarhring eftir skotárásina, þar af þrjár konur. Fimm þeirra var sleppt að lokinni skýrslutöku en þrír úrskurðaðir í gæsluvarðhald. **- æþe**



**UMMERKI SKOTÁRÁSARINNAR** Tveir menn hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 29. ágúst vegna aðildar sinnar að skotárásinni í Hafnarfirði.

Bresk kona eftir heilablóðfall:

# Talar eins og Bob Marley

**BRETLAND** Linda Walker, sextug bresk kona sem fékk heilablóðfall á dögunum, kom sjálfri sér og fjölskyldu sinni rækilega á óvart þegar hún vaknaði á spítalanum. Hún var heil á húfi, en með nýjan, erlendan talanda. Nú talar hún eins og hún sé fædd og uppalin í Kingston, Jamaíku, en stundum eins og Slóvaki eða Kanadamaður. Frá þessu var greint á vef BBC og þar segir að um sjaldgæfan kvilla sé að ræða.

„Ég hef glatað sjálfsmynd minni,“ segir Linda, „allir spyrja mig hvaðan ég sé og þegar ég segist vera frá Newcastle hlæja allir, fólk heldur að ég sé að ljúga.“ **- kóþ**

Töskurnar komnar til landsins:

# Síminn hefur ekki stoppað

**SAMGÖNGUR** Farangur farþega sem komu frá Danmörku um síðustu helgi er kominn til landsins. Samkvæmt upplýsingum frá afgreiðslu Leifsstöðvar er nú unnið að því að koma farangrinum í réttar hendur. Hringt verður í fólk um leið og töskurnar koma og geta eigendur þeirra vitjað þeirra á BSÍ.

Starfsmaður afgreiðslunnar sagði að síminn hefði verið rauðglóandi vegna málsins og hefðu margir farþegar verið mjög reiðir yfir seinkun farangursins sem var til komin vegna verkfalls hlaðmanna á Kastrupflugvelli. **- hs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Slasaðist á hjóli** Maður slasaðist lítilsháttar þegar hann datt á torfæruhjóli í gærkvöld, skammt frá Svartárkoti í Bárðardal. Hann var fluttur til aðhlynningar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

## HÉRAÐSDÓMUR

**Ástríður skipuð** Dómsmálaráðherra hefur skipað Ástríði Grímsdóttur, sýslumann á Ólafsfirði, í embætti dómara við Héraðsdóm Suðurlands.

## ÞÝSKALAND

**Harður bolti** Þýska lögreglan er á höttunum eftir hrekkjalómi sem hefur skilið eftir fótbolta, fyllta með harðri steypu, víðsvegar um Berlín ásamt með skiltum sem segja: „Kanntu að sparka?“ Tveir menn hafa nú þegar slasað sig á því að þrusa í boltana. Lögreglan kveðst leita manns sem hafi fengið ógeð á HM.


afrit.is

- Afritun á hvers konar gögnum
- Einfalt viðmót og uppsetning
- Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- Ókeypis aðgangur í 30 daga
- Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- Vöktun allan sólarhringinn
- Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr Skýrr


# Lítil hagkerfi næmari fyrir verðbólgu

**Verðbólgan er meiri hér á landi en í nágrannalöndunum og sveiflast mun meira. Þetta sýnir samanburður á þróun samræmdrar vísitölu neysluverðs. Lítil lönd eru miklu næmari fyrir breytingum á verðbólgu en stóru löndin.**

**VERÐBÓLGAN** Verðbólgan er meiri hér á landi en í nágrannaríkjum okkar og sveiflast mun meira, samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs eftir löndum og mánuðum frá 1996. Vísitalan tekur ekki tillit til hækkunar á verði eigin húsnæðis, sem einmitt hefur verið talin hafa valdið mikilli verðbólgu hér á landi síðustu misseri, og gefur því ekki fulla mynd af þróuninni en vissulega ákveðnar vísbendingar.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON**

Verðbólgan hér á landi sveiflast úr 2,2 prósentum að meðaltali árið 1996 upp í 4,4 prósent árið 2000, 6,6 prósent árið 2001 og 5,3 prósent árið 2002. Um svipað leyti er hún tvö til þrjú prósent í nágrannaríkjum okkar, til dæmis þrjú prósent árið 2000 í Noregi og 2,7 prósent árið eftir, fer upp í 2,7 prósent í Svíþjóð árið 2001 og 2,2 prósent í EES-ríkjunum almennt. Verðbólgan er hins vegar lægri í ESB-ríkjunum, fer upp í tvö prósent og verður mest 2,7 prósent í Danmörku árið 2000. Bandaríkin skera sig svolítið úr þessum samanburði. Verðbólgan hækkar þar upp í 3,4 prósent árið 2000.

Verðbólguþróunin á þessu ári hefur verið á svipuðum nótum, víðast farið heldur hækkandi en hvergi þó jafn mikið og hér. Verðbólgan á Íslandi hefur hækkað úr 1,3 prósentum í ársbyrjun í 4,8 prósent í maí. Fyrstu fimm mánuði ársins hefur verðbólgan verið svipuð í Bandaríkjunum og hér, samkvæmt þessari samræmdu vísitölu neysluverðs, en munurinn er sá að hún hefur staðið nokkurn veginn í stað í Bandaríkjunum, var fjögur prósent í ársbyrjun og 4,2 prósent nú í maí.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir að Íslendingar séu að upplifa mjög mikið þensluskeið og það sé endurspeglun á því gríðarlega hagvaxtarskeiði sem hefur verið hér á landi. „Svona lítil lönd eru jafnframt næmari fyrir breytingum í eftirspurn og verðbólgu en stór lönd. Þetta endurspeglar það.“

„Það er erfitt að svara því hversu mikið húsnæðisliðurinn skekkir samanburðinn,“ segir Rósmundur Guðnason, deildarstjóri hjá Hagstofunni. „Í mörgum ríkjum hefur húsnæði verið að hækka mikið í verði þannig að það getur skekkt myndina. Leiguverð á húsnæði er sums staðar líka inni í tölunum þannig að það er ekki alveg gott að segja.“

**ghs@frettabladid.is**




* Miðað við gildi í maí 2006

Heimild: Samræmd vísitala neysluverðs eftir löndum og mánuðum frá 1996 til 2006. Húsnæðisliðurinn er ekki inni í þessum mælingum. Hagstofa Íslands.



**VERSLUN** Fyrstu fimm mánuði ársins var verðbólga hér svipuð og í Bandaríkjunum.


www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LYF 33204 06/2006

## Vectavir

VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSUNNAR
- ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási


Rannsókn á hópnauðgun og morðum bandaríska hermanna í Írak:

# Írakar vilja stjórna rannsókn

**KÚVEIT, AP** Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, krafðist þess í gær að Írakar fengju að stjórna óháðri rannsókn, eða að Írakar fengju í það minnsta að taka þátt í rannsókn sem nú fer fram á meintum morðum og hópnauðgun bandarískra hermanna á ungri írakskri konu og fjölskyldu hennar.

Al-Maliki, sem staddur var í Kúveit, sagði við blaðamenn að „endurskoða“ bæri þá friðhelgi sem bandarískir hermenn njóta gegn íröskum lögum.

„Við teljum að friðhelgin sem hermenn Bandaríkjanna og bandamanna þeirra njóta hafi hvatt þá til að fremja glæpi sem þessa með köldu blóði,“ sagði al-Maliki. Fyrrverandi hermaður var ákærður á mánudag í Bandaríkjunum í tengslum við málið, og er að rannsaka aðild minnst fjögurra annarra hermanna, sem allir eru enn í Írak.

Hermönnunum er gert að hafa í mars ráðist inn á heimili stúlku, sem þeir höfðu fylgst með um hríð, nauðgað henni og myrt, og kveikt svo í líkinu. Jafnframt er þeim gert að hafa skotið foreldra hennar og um fimm ára systur. Upp komst um málið í síðustu viku, þegar einn hermannanna sagði frá vegna þrúgandi samviskubits. **- smk**



**HANDTEKINN** Steven D. Green, fyrir miðju, er sakaður um að vera forsprakki bandaríska hermanna sem gert er að hafa nauðgað og myrt íraska stúlku og fjölskyldu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Útsalan

## í fullum gangi

# 30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

**Vorum að bæta við vörum á markaðinn. Aðeins 4 verð!**

| UPPHAFLEGT VERÐ | VERÐ NÚ |
|---|---|
| ~~999-1.299~~ KR. | 250 KR. |
| ~~1.499-1.999~~ KR. | 500 KR. |
| ~~2.499-2.999~~ KR. | 750 KR. |
| ~~3.499-4.999~~ KR. | 1.000 KR. |

**barnafatnaður, dömufatnaður, herrafatnaður og skór.**



Fyrstur kemur fyrstur fær

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




Solvognen leikhópurinn stóð fyrir þöglum mótmælum:

# Guantanamo mótmælt

**DANMÖRK, AP** Þjóðhátíðardags Bandaríkjanna var minnst með óvenjulegum hætti í Kaupmannahöfn á þriðjudaginn. Þrjú til fjögurhundruð mótmælendur gengu í langri röð frá varnarmálaráðuneyti Dana að bandaríska sendiráðinu klæddir á svipaðan hátt og fangar í Guantanamo fangabúðunum alræmdu.

Gangan var þögul, utan að glumdi reglulega í keðjunum sem mótmælendur báru. Þegar að bandaríska sendiráðinu kom stöðvaðist hersingin og söng bandaríska sálminn Amazing Grace við raust.

Mótmælin voru skipulögð af Solvognen-leikhópnum, en hann vakti fyrst á sér athygli fyrir leikræn mótmæli gegn Víetnamstríðinu. - kóþ


**GANGAN SKRAUTLEGA** Mótmælin fóru friðsamlega fram. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnmál í Vesturbyggð:

# Þrír sækja um bæjarstjórastól

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þrír hafa sótt um stöðu bæjarstjóra í Vesturbyggð, að því er fram kemur á vef Bæjarins besta. Guðmundur Guðlaugsson var ráðinn bæjarstjóri af meirihluta Sjálfstæðisflokks fyrir tveimur árum, en meirihlutinn féll í kosningunum í vor og ekki var sóst eftir áframhaldandi setu Guðmundar í bæjarstjórastól.

Umsækjendur eru Pétur Ingvarsson, íþróttakennari frá Hveragerði, Ragnar Jörundsson, fyrrverandi sveitarstjóri í Hrísey, og Þórður Snær Júlíusson, sem er með meistarapróf í alþjóðlegum og evrópskum fræðum frá háskólanum í Edinborg. Forseti bæjarstjórnar mun ræða við umsækjendur á næstunni. - sgj

# Einfalt að flytja inn ólögleg fellihýsi

**Einstaklingar sem flytja inn fellihýsi geta auðveldlega sparað sér kostnað við breytingar þar sem eftirliti er ábótavant. Innflutningsaðilar hafa einnig selt ólögleg hús. Fyrrverandi starfsmaður Evró segir að um þegjandi samkomulag sé að ræða.**

**NEYTENDUR** „Ég held að það sé búið að vera þegjandi samkomulag í gangi þar sem allir hafa eitthvað að fela og Vinnueftirlitið hefur tekið þátt í því," segir Óskar Jónsson, fyrrum starfsmaður Evró. „Við fengum engar athugasemdir fyrr en undir 2000. Þá var okkur sagt að óheimilt væri að selja búnað sem ekki væri CE merktur. Hins vegar voru aldrei gerðar athugasemdir við hitabúnaðinn sem er ólöglegur og enn í dag er verið að selja vagna með þeim búnaði."

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er óleyfilegt að selja gasbúnað hérlendis sem ekki hefur hlotið CE stöðlun.

„Ástæðan fyrir þessum kröfum er að tryggja hámarks öryggi gagnvart tækjum og búnaði," segir Kristinn Tómasson, staðgengill forstjóra Vinnueftirlitsins. „Aðalatriðið er að fólk kanni hvort tæki þess séu með öryggismerkingu. Verði óhapp, spyr maður sig hvernig sé með bótaskyldu, ef tækin eru ólögleg." Kristinn segir að líklegra sé að finna ólöglegan búnað í fellihýsum frá árunum 2000 til 2002 en þá hafi kynning á reglum um innflutning ekki verið næg. Blaðamanni Fréttablaðsins reyndist auðvelt að finna fellihýsi með ólöglegum búnaði á bílasölum sem selja notuð fellihýsi.

Þá virðist sem mjög auðvelt sé fyrir þá einstaklinga sem flytja sjálfir inn fellihýsi að komast hjá breytingum. „Ef einstaklingur flytur inn hús með þessum búnaði þá er enginn sem skiptir sér af því," segir Þorsteinn Ingólfsson hjá Bílasölu Akureyrar og bætir við að um töluvert magn fellihýsa sé að ræða. „Við erum búnir að fá hús í sölu, bæði að sunnan og hérna á Akureyri sem eru nýlega innflutt og óbreytt."

Þorsteinn Garðarsson, framkvæmdastjóri Felli- og hjólhýsa, segir mjög alvarlegt hversu auðvelt sé fyrir einstaklinga að flytja inn felli- og hjólhýsi með ólöglegum búnaði, án þess að gera tilskildar breytingar.

„Í þeim fellihýsum sem fólk flytur inn sjálft frá Ameríku er nær undantekningalaust ólöglegt gaskerfi. Vinnueftirlitið gefur leyfi fyrir innflutningi með því skilyrði að búnaðinum sé breytt en eftirfylgnin er lítil sem engin. Þarna er um að ræða eldavélar, miðstöðvar og vatnshitakerfi."

hnefill@frettabladid.is


**FELLIHÝSI** Dæmi eru um að ekki sé skipt um gashitunarbúnað fyrir vatn í fellihýsum, en hann er í flestum tilfellum ólöglegur, sé hann flutttur inn frá Bandaríkjunum.


**ÞORSTEINN GARÐARSSON** Segir alvarlegt hversu auðvelt sé fyrir einstaklinga að flytja inn fellihýsi með ólöglegum búnaði án þess að gera tilskildar breytingar.










Eggjatakan í Dyrhólaey hefur ekki áhrif á kríustofninn:

# Eggjaþjófar ófundnir

**DÝRALÍF** Eggjataka á borð við þá sem fór fram í Dyrhólaey á dögunum hefur lítil sem engin áhrif á kríustofninn í heild sinni að sögn Ævars Petersen, fuglafræðings.

„Venjulega er það þannig að krían verpir aftur þegar eggin eru tekin undan henni en í þessu sambandi lítur út fyrir að hún geri það ekki. Það getur annað hvort verið vegna þess að eggin hafa ekki verið ný heldur legin, eða að ætisskortur hafi orðið til þess að fuglarnir hafi ekki treyst sér til þess að verpa aftur," segir Ævar.

„Þó er afskaplega hæpið að þetta hafi áhrif á kríustofninn til lengdar. Þetta er mjög langlífur fugl, elstu kríur verða milli þrjátíu og fjörutíu ára gamlar, og hvert par þarf ekki að koma upp nema tveimur ungum til þess að viðhalda stofninum."


**KRÍA Á FLUGI** Lögreglan er enn engu nær því að hafa hendur í hári þess sem tók öll kríuegg úr Dyrhólaey á dögunum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru öll egg horfin úr öllum hreiðrum í Dyrhólaey og hafa þau líklega verið tekin í vikunni sem leið. Allar kríur eru farnar úr eynni og lítur út fyrir að mörg ár séu í að hún komi aftur. Rannsókn málsins stendur yfir hjá lögreglunni í Vík en engar vísbendingar hafa borist þeim vegna málsins. - sþs

# DEBENHAMS

# Útsala

## 50 til 70% afsláttur af völdum vörum

SJÓÐHEIT TILBOÐ:

**COTTONFIELD** PÓLOBOLIR
~~4.990 kr.~~ **1.990 kr.**

**OSBORNE** SPARISKYRTUR
~~5.990 kr.~~ **1.500 kr.**

**J. TAYLOR** DÖMUBOLIR
~~2.990 kr.~~ **1.290 kr.**

ILMSTEINAR MEÐ OLÍU
~~899 kr.~~ **300 kr.**

**LITUÐ GLÖS** OG ÖLKÖNNUR
~~699 kr.~~ **350 kr.** ~~899 kr.~~ **350 kr.** ~~1.990 kr.~~ **900 kr.**

VASAR
~~899 kr.~~ **350 kr.**
~~1.290 kr.~~ **500 kr.**

AUK ÞESS **20%** **afsláttur af dömunærfatasettum**

**AÐEINS FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS!**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33400 06/2006

DEBENHAMS

SMÁRALIND



**FÓTBOLTI** Þótt enginn endir virðist í nánd á átökunum í Írak, er ekki svo að sjá að ástandið hafi mikil áhrif á þennan gutta, sem sýndi færni sína með boltann við sólarlag í Bagdad á þriðjudag. Miklir hitar eru nú í landinu, og flestir íbúar Bagdad hafa eingöngu aðgang að rafmagni í fjóra tíma á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kvótaárinu lýkur 31. ágúst og mjög er gengið á kvóta flestra fiskveiðitegunda:

# Ýsan gefur sig ekki í trollið

**SJÁVARÚTVEGUR** Mörgum íslenskum skipum reynist á hverju ári erfitt að ná ýsukvóta sínum þegar líður á kvótaárið. Ástæðan er sú að mörg skipanna hafa ekki kvóta til að mæta meðafla í þorski þegar reynt er við ýsuna á hefðbundinni veiðislóð þessara tegunda botnfisks. Vegna þessa eru mörg skip á stöðugum „flótta“ úr prýðilegri veiði ef samsetning aflans á veiðislóðinni er óhagstæð.

Ólafur Gunnarsson skipstjóri á togaranum Ljósafelli SU-70, sem gerður er út af Loðnuvinnslunni hf. á Fáskrúðsfirði, segir þetta þó ekki hafa verið mikið vandamál á Austfjarðamiðum að undanförnu. Aðalvandamálið sé að ýsa gefi sig ekki á togaraslóðinni á Austfjarðamiðum í augnablikinu og ómældum tíma sé eytt í að leita að henni. „En það er nóg af ýsu og mælist vel af henni. Hún veiðist í dragnót og á línu á grunnslóðinni. Það er til dæmis ýsa inni í Fáskrúðsfirði og við Skrúðinn. Þetta er sjálfsagt tilkomið vegna breytts hitastigs í sjónum.“

Ólafur segir að Ljósafellið eigi eftir að veiða um 600 tonn af ýsu á þeim tíma sem eftir er af kvótaárinu en hefur engar áhyggjur af því að það náist ekki. „Ýsan fer að veiðast þegar síldin fer að hrygna því þá kemur hún í síldarhrognin.“ - shá



**LJÓSAFELL SU-70** Lítil ýsugengd er nú á togaramiðum austanlands. Áhöfnin á Ljósafelli þarf þess vegna að eyða miklum tíma í að leita. MYND/LOÐNUVINNSLAN

Evrópusambandið:

# Írum gert að vernda laxinn

**ÍRLAND, AP** Evrópusambandið hefur beðið Íra um að gera meira til að vernda Atlantshafslaxinn. Sjómenn leggja net undan ströndum Írlands og veiða í þau laxa sem eru á leið til hrygningarstaða sinna bæði á Írlandi sem og í öðrum löndum.

Talsmaður framkvæmdastjórnar ESB segir að þótt Írar hafi leitt hjá sér ráð vísindamanna fyrr á árinu, sem bentu á að netaveiðarnar hefðu neikvæð áhrif á stofninn, hafi þeir heitið að fylgja ráðleggingum þeirra í framtíðinni. Evrópusambandið vill að írsk yfirvöld tryggi að þessu loforði verði framfylgt. - smk





QUBA
Eikarhúsgögn



7 eikarlitir
Framleitt í Belgíu

Quba Eikarhúsgögn
borð 131.390
stóll 30.210
skenkur 153.330
skápur 178.130
sjónvarpsskápur 78.330

Líf&List HÚSGÖGN
Ármúla 44, sími 553 2035




**GEORGE H. W. BUSH VIÐ KOMU SÍNA TIL ÍSLANDS ÁRIÐ 1983** Ekki eru allir sáttir við að Bush sé hér á landi í boði Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, segir heimsóknina koma honum undarlega fyrir sjónir.

# Mótmælti komu Bush

**Ólafur Ragnar Grímsson forseti hélt ávarp á mótmælafundi vegna komu George H. W. Bush til Íslands árið 1983. Bush er nú aftur kominn til landsins en í boði Ólafs Ragnars í þetta skiptið.**

**HEIMSÓKN** Þegar George H. W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, heimsótti Ísland árið 1983 var komu hans harðlega mótmælt á fundi á Lækjartorgi. Það vekur athygli að einn þeirra sem flutti ávarp á þessum fundi var enginn annar en Ólafur Ragnar Grímsson forseti, en Bandaríkjaforsetinn fyrrverandi er nú í boði hans hér á landi. Þá var Ólafur Ragnar formaður þingflokks Alþýðuflokksins og Bush varaforseti Bandaríkjanna.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Fyrir fundinum stóðu Alþýðubandalagið í Reykjavík, El Salvadornefndin á Íslandi, Fylkingin og Samtök herstöðvarandstæðinga. Samþykkt var ályktun þar sem afskiptum Bandaríkjanna af málefnum El Salvador var mótmælt, sem og veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu og herstöð Bandaríkjamanna á Íslandi.

„Það sem bar hæst í heimsmálum frá sjónarhorni þeirra sem þarna voru að mótmæla var borgarastríðið í El Salvador þar sem aðstoðarsveitir Bandaríkjamanna á vegum bandarísku leyniþjónustunnar höfðu verið að myrða fólk,“ segir Pétur Tyrfingsson, einn þeirra sem héldu ávarp ásamt Ólafi Ragnari á fundinum.

„Bush var fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustunnar og umræðan snerist um það hver væri þarna kominn blóðugur upp að öxlum. Svo var gengið upp að bandaríska sendiráðinu við Laufásveg þar sem ályktun fundarins var afhent starfsmanni sendiráðsins.“



PÉTUR TYRFINGSSON

Þó enginn mótmælafundur hafi verið haldinn í þetta skiptið eru ekki allir sáttir við heimsókn Bush til Íslands á dögunum. Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, er einn þeirra sem finnst óviðeigandi að fyrrverandi Bandaríkjaforseta og fyrrverandi yfirmanni bandarísku leyniþjónustunnar hafi verið boðið sem heiðursgesti að Bessastöðum í nafni forsetaembættisins.

„Bush er hluti af innsta valdakjarna Bandaríkjanna og tákngervingur hinna ráðandi afla í Bandaríkjunum nú um stundir. Það kemur mér mjög undarlega fyrir sjónir, eins og staðan er í heimsmálum nú um stundir, að honum skuli núna boðið til landsins vegna þess að svona heimsóknir og boð eru táknræn á sinn hátt,“ segir Ögmundur.

„Mér finnst meginmálið vera að menn líta á heimsóknir og boð af þessu tagi sem táknrænan viðburð og þá hlýtur maður að horfa til þess nákvæmlega fyrir hvað þessi maður er tákngerfingur.“ - sþs





LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LÝSING


Síminn
NÝTT
Síminn býður
Betri leið!
Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Þú velur þá áskriftarleið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun. Borgaðu eitt fast mánaðargjald þar sem fyrirfram ákveðinn mínútufjöldi og fjöldi SMS skilaboða er innifalinn.*
Settu þig í samband við þjónustufulltrúa á sölustöðum Símans um allt land og veldu Betri leið Símans.
Góður GSM 35
35 mín / 20 sms
990 kr. á mán.
Betri GSM 100
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mán.
Bestur GSM 160
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mán.
Langbestur GSM 280
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mán.
*Umframnotkun gjaldfærist samkvæmt verðskrá
Kynntu þér skilmálana á siminn.is
800 7000 - siminn.is




Hagkvæmnikönnun um fríverslun Íslands og Kína:

# Bæði ríkin hagnast

**UTANRÍKISMÁL** Hvatt er til þess að Ísland og Kína hefji fríverslunarviðræður við fyrsta tækifæri í hagkvæmnikönnun sem lokið var við í gær. Könnunin átti að skera úr um hvort ríkin myndu hagnast á fríverslunarsamningi sín á milli. Niðurstaðan er að svo sé.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og aðstoðarutanríkisráðherra Kína, Yi Xiaozhun, sátu upphaf fundar sendinefnda beggja landa í utanríkisráðuneytinu, en á þeim fundi var vinnu lokið við könnunina. Fyrir ári síðan var undirritaður samningur þess efnis að skoða þessi mál, en sendinefndirnar funduðu einnig um málið síðastliðinn mars í Peking.


VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Í fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins segir að líklegt þyki að fríverslunarviðræður hefjist í haust með samningalotu í Peking, en hagkvæmnikönnunin bendi til að lækka eða afnema beri tolla, sérstaklega þá sem lúta að viðskiptum og þjónustu. Einnig var rætt samstarf milli landanna á sviði orkumála, sjávarútvegs og fleiri atvinnugreina.- sgj





**UNGA KYNSLÓÐIN MÓTMÆLIR** Undanfarnar vikur hefur unga kynslóðin í Chile, sú fyrsta sem alist hefur upp við lýðræði, hrært upp í þjóðlífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Mörgæsirnar gera byltingu

## Fyrsta kynslóðin í Chile, sem alist hefur upp við lýðræði, er farin að láta í sér heyra.

**SANTIAGO, AP** Sjö hundruð þúsund unglingar í Chile hafa á síðustu vikum gert uppreisn gegn skólakerfi landsins. Þeir hafa gengið fylktu liði um götur landsins, tekið skólabyggingar á sitt vald og krefjast víðtækra umbóta á skólakerfinu.

Þau kalla sig „mörgæsir“ vegna skólabúninganna sem eru í hvítum og svörtum litum, en þetta er fyrsta kynslóðin í Chile sem hefur alist upp við lýðræði.

Eftir að einræðisstjórn Pinochets leið undir lok fyrir fimmtán árum hefur margt breyst í Chile, en þó hefur ekki verið hlustað á kröfur námsmanna svo heitið geti allan þennan tíma.

Þegar Michelle Bachelet varð forseti fyrir þremur mánuðum, vöknuðu nýjar vonir í brjóstum námsmanna, og þá fór mótmælafundum smám saman að fjölga, háskólastúdentar bættust í hópinn og jafnvel kennarar og starfsmenn menntamálaráðuneytisins tóku undir kröfurnar.

Bachelet lét loks undan, hét auknu fjárframlagi til menntamála og fékk fulltrúa námsmanna í nefnd sem á að endurskipuleggja skólakerfið.

Mótmæli námsmannanna hafa síðan gefið öðrum hópum í samfélaginu kjark til þess að gera slíkt hið sama. Þannig hefur heilbrigðisstarfsfólk heimtað betri vinnuaðstöðu, fórnarlömb ofbeldis hafa krafist réttlætis og ökumenn hafa mótmælt háu bensínverði. - gb








SAMSUNG
Dyrnar
að þínum draumum
Skápar til innbyggingar
Rústfrítt stál og ál
SAMSUNG
RS21KCSM
Lakkað Stál.
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
249.900,-
Stál, kámfríir
SAMSUNG
RS21DASM
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
209.900,-
RS21KLSR - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
299.900,-
RS21KLAL - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
329.900,-
SAMSUNG
kæli- og frystiskápar
SAMSUNG
Hvítir kæliskápar
RS21NASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
139.900,-
RS21DASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
179.900,-
RS21FASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
199.900,-
RS21KCSV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
229.900,-
imago
Einfaldir kæliskápar
SAMSUNG
RL36EBSW Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir
69.990.-
RL39EBSM Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir og frystir
89.990.-
RL39WBSW Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn
89.990.-
RL39WBMS Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn.
99.990.-
Umboðsmenn:
Suðurland: Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
Vesturland: Model Akranesi.
Vestfirðir: Þristur Ísafirði.
Norðurland: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
Austurland: Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði
RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000
ORMSSON
SMÁRALIND
Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8
Sími 530 2800
Ný Ormsson verslun í Keflavík | Hafnargötu 25 | Sími 421 1535

# ÚTSALAN

## 6. júlí - 30. júlí



Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2005

# er hafin!



rýmum fyrir nýjum vörum
yfir 1000 vörur á útsölu

IKEA®

## „ORÐRÉTT“

**Tíminn fljótur að líða**

*„Ég er búin að eiga hestinn minn lengi, í svona fimmtíu ár því við keyptum hann þegar ég var eins mánaðar.“*

KARA BJÖRK SÆVARSDÓTTIR, SEX ÁRA GÖMUL, Á HESTINN ÍSABEL OG ÞYKIR MJÖG VÆNT UM HANN. FRÉTTABLAÐIÐ, 5. JÚLÍ.

**Mannlegur skjöldur**

*„En það var greinilega allt í lagi þó ég væri skotinn og var því látinn skýla Bush.“*

STEINGRÍMUR HERMANNSSON, FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA, TALAR UM HEIMSÓKN GEORGE H. W. BUSH, FYRRVERANDI BANDARÍKJAFORSETA ÁRIÐ 1983. FRÉTTABLAÐIÐ, 5. JÚLÍ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÖRLYGUR KRISTFINNSSON FORSTÖÐUMAÐUR SÍLDARMINJASAFNS ÍSLANDS

## *Sólskin og gróðrarskúrir til skiptis*

„Héðan er allt gott að frétta og hásumar á Sigló. Hér skiptast á sólskin og gróðrarskúrir í hæfilegum hlutföllum fyrir gróður jarðar,“ segir Örlygur Kristfinnsson forstöðumaður Síldarminjasafns Íslands. Mikið annríki er hjá honum um þessar mundir við uppbyggingu Þjóðlagaseturs á Siglufirði og sýningu um íslenska þjóðlagaarfinn sem brátt kemur fyrir sjónir almennings. Setrið verður vígt á laugardaginn kemur svo lokaundirbúningur stendur sem hæst.

„Ég er nokkurs konar sýningarstjóri og hef eftirlit með því að hlutirnir gangi vel fyrir sig, bæði úti og inni. Koma þarf upp sýningum inni í herbergjum hússins og svo standa líka miklar framkvæmdir yfir úti á lóðinni og stefnt að því að gera þar lítinn skrúðgarð.“ Örlygur er í leyfi frá starfi sínu á Síldarminjasafninu í um mánuð og í sumar vinna aðrir starfsmenn við rekstur safnsins á meðan háannatíminn stendur yfir. Þegar hægist um á Þjóðlagasetrinu ætlar Örlygur því að grípa tækifærið og bregða sér í sumarfrí. „Ég hef ekki fengið mikið sumarfrí í mörg ár ef frá er talið síðasta sumar þegar ég fór í nokkuð gott frí. Í ein tólf ár þar á undan hafði ekki verið mikill frítími vegna uppbyggingar við Síldarminjasafnið. Ég hugsa mér gott til glóðarinnar í sumar að hvíla mig.“

Aðspurður segist Örlygur ekki ætla að ferðast mikið í fríinu þótt hann ætli kannski að bregða sér austur um land og til Reykjavíkur með fjölskyldu sinni. „Ég bý fyrir utan bæinn á friðsælum stað í mikilli fuglaparadís. Þegar maður býr við þær aðstæður og mikla náttúrufegurð hefur maður ekki mjög mikla þörf fyrir að ferðast,“ segir Örlygur Kristfinnsson.



**SJÓNARHÓLL**

**HRAÐATAKMARKANDI BÚNAÐUR Í ÖKUTÆKI**

## *Alls ekki vitlaust*



„Ég hef heyrt margt vilausara en að takmarka hraða við til dæmis hundrað og tuttugu kílómetra á klukkustund. Ég hef aldrei verið flughræddur á ævinni vegna þess að flugvélinni stýrir þrautþjálfaður flugmaður sem er að auki nýkominn úr læknisskoðun og ég finn því til mikils öryggis í flugi. Bílhræðsla er hins vegar eitthvað sem ég hef verið að díla við lengi vegna þess að það getur hvaða hálfviti sem er og í hvaða ásigkomulagi sem er sest undir stýri.

Þegar bíll er kominn yfir hundrað og tuttugu kílómetra hraða þá er hann orðinn eitthvað annað og meira en farartæki sem kemur okkur frá punkti A til B; hann er orðinn að drápstæki. Ég sjálfur keyri eins og mús og kemst samt leiðar minnar. Venjulegt fólk dílar ekkert við akstur á yfir hundrað og tuttugu kílómetra hraða, sérstaklega ekki ef eitthvað óvænt kemur upp á, slíkur hraði er einungis fyrir atvinnumenn. Þannig að ég er alveg sammála þessum hugmyndum og ég skal vera manna fyrstur til að setja svona búnað í bílinn hjá mér!“

# Ungar konur þurfa fyrirmyndir

**Á bæjarskrifstofum Dalvíkurbyggðar ríkir sannkallað kvennaveldi. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor tóku þrjár konur við stórum embættum innan stjórnsýslu bæjarins.**



**BJARNVEIG INGVADÓTTIR, FORSETI BÆJARSTJÓRNAR DALVÍKURBYGGÐAR, SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR, BÆJARSTJÓRI DALVÍKURBYGGÐAR, OG ÍRIS ÓLÖF SIGURJÓNSDÓTTIR, SAFNSTJÓRI BYGGÐASAFNSINS HVOLS Á DALVÍK,** eru meðal þeirra kvenna sem skipa valdamestu stöðunum innan bæjarfélagsins og segja Bjarnveig, Svanfríður og Íris að jákvæð teikn séu á lofti í jafnréttismálum innan sveitarfélagsins.

Svanfríður Jónasdóttir er bæjarstjóri, Bjarnveig Ingvadóttir forseti bæjarstjórnar og Anna Sigríður Hjaltadóttir formaður bæjarráðs.

Þegar blaðakona knýr dyra á skrifstofu Svanfríðar taka á móti henni þrjár konur. Ásamt Svanfríði og Bjarnveigu er þar Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, safnstjóri byggðasafnsins á Dalvík. Anna Sigríður er í burtu og Írisi er falið að hlaupa í skarðið fyrir hana sem fulltrúi kvenna sem fara fyrir stofnunum í Dalvíkurbyggð.

Fyrsta spurningin sem brennur á vörum blaðakonu er hvað sé eiginlega sérstakt við að konur sitji í þessum embættum. „Það ætti náttúrulega ekki að vera neitt sérstakt, en er það samt alltaf þegar konur taka í fyrsta sinn við einhverju hlutverki eins og að vera bæjarstjóri á Dalvík,“ segir Svanfríður sem ítrekar að enn séu ótrúlega fáar konur bæjar- og sveitarstjórar. Hvert skref skipti því máli í baráttunni fyrir jöfnuði milli karla og kvenna. Íris tekur í sama streng og tekur dæmi úr safnaheiminum þar sem hún þekkir vel til. „Nú er þjóðminjavörður kona, borgarminjavörður kona og ég er kona,“ segir hún og hlær.

Konurnar eru sammála um að það skipti máli að breyta ímynd starfa sem hafa tilheyrt körlum, eins og þeirra sem fram fara innan bæjar- og sveitarstjórna. „Ungar konur þurfa fyrirmyndir á sem flestum sviðum þjóðfélagsins svo þær fái skilaboðin að þær eigi allsstaðar möguleika,“ segir Svanfríður. Aðspurðar um hvort þær upplifi sig sjálfar sem fyrirmyndir vilja þær ekki mikið um það segja. „Þótt okkur finnist að jafnvægi milli karla og kvenna ætti að vera sjálfgefið er það samt alls ekki svo. Þess vegna megum við alveg vera ánægðar með þetta,“ skýtur Bjarnveig þó inn í. „Ég held að það hafi ofboðslega mikið að segja að það er kona í bæjarstjórastólnum upp á framtíðarsýnina, sérstaklega í svona litlum samfélögum,“ segir Íris. Þær eru allar sammála að umræðan um hlut kvenna innan sveitarfélaganna sé af hinu góða. „Það þýðir samt ekkert að konur séu í valdastöðum ef krakkarnir vita kannski ekki neitt um það,“ bætir Bjarnveig við.

Svanfríður segist sérstaklega ánægð með ungt fólk, konur til jafns við karla sem séu að koma fram í pólitíkinni á Dalvík. „Það er mjög gaman að ungar konur eru hérna að taka formennsku í þungum nefndum og mikið af ungu fólki tekur þátt í umræðunni. Ég hef gaman af því að kynnast þessu fólki því það hleypir mér ákveðnu kappi í kinn að skynja að það hafi átt sér stað meiri breytingar en ég kannski hélt í einhverju svartsýniskasti.“ Íris og Bjarnveig taka undir þetta og nefna dæmi þess að mörg jákvæð teikn séu á lofti í jafnréttismálum á Dalvík. „Ég er viss um að það á eftir að taka skref sem við tókum aldrei,“ segir Svanfríður.

**annat@frettabladid.is**


Eldvarnartæki
– til öryggis

Fyrir heimilið, sumarbústaðinn, vinnustaðinn og hótelið

1.056 kr. Reykskynjari 9v

3.459 kr. Eldvarnarteppi 100x100cm

4.950 kr. Dufttæki 2kg með mæli og bílfestingu

6.698 kr. Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu

6.957 kr. 50l grá/svört

8.573 kr. 30l ryðfrítt stál

2.737 kr. 15l blá/svört

Eldvarnarfötur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6208A




**SKRIFAÐ UNDIR** Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, og Ingibjörg Karlsdóttir, formaður ADHD samtakanna, kampakát við undirskriftina.

# Styðja fræðsluátak um ofvirkni barna

Ingibjörg Karlsdóttir, formaður ADHD samtakanna og Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, undirrituðu á þriðjudag samkomulag um að flugfélagið muni á næstu tólf mánuðum styðja fræðsluátak fyrir kennara um ADHD, taugaröskun sem í daglegu tali er kölluð athyglisbrestur og ofvirkni.

ADHD samtökin styðja börn og fullorðna sem glíma við athyglisbrest og ofvirkni. Um fimm prósent allra barna og unglinga glíma við slíkar raskanir og samkvæmt könnunum eru ofvirk börn helsti streituvaldur grunnskólakennara.

Birgir segir verkefnin sem samtökin sinna mjög aðkallandi og að starfsmenn Iceland Express hafi verið einhuga um að styðja þau. Flugfélagið mun leggja samtökunum lið með margvíslegum hætti. Þeir munu meðal annars standa fyrir klinksöfnun flugfarþega og verður ágóðinn notaður til að útbúa fræðsluefni fyrir kennara. Einnig er stefnt að því að halda sérstök námskeið fyrir kennara um efnið og þá mun flugfélagið veita ferðastyrki sem munu auðvelda samtökunum að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu. Ingibjörg segir stuðninginn gefa samtökunum byr undir báða vængi. Þau hafi einnig fundað með fulltrúum menntamálaráðuneytisins og finni fyrir velvilja hvarvetna. **- sh**

# Nú er rétti tíminn til að mála



**Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.**




Allir litir

10 lítrar
DEKAPRO
Útimálning
Kr. 3.990,-




10 lítrar
DEKATEX
Þakmálning
Kr. 5.260,-




2,5 lítrar
DEKA
Pallaolía
Kr. 1.298,-




2,5 lítrar
Þekjandi viðarvörn
Kr. 2.141,-




100% AKRÝL
Allir litir
10 lítrar
DEKAPRO 10
Innimálning
Kr. 3.515,-




100% AKRÝL
10 lítrar
DEKAPRO 02
Loftamálning
Kr. 2.633,-




100% AKRÝL
Allir litir
10 lítrar
DEKACRYL7
Innimálning
Kr. 2.949,-




10 lítrar hvítt
ALFACRYL
Inni/úti málning
Kr. 2.990,-



SPECTER
bakki og rúlla
Kr. 499,-

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.
Gerið samanburð á verði og gæðum

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**




**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Höfum opnað verslun á Húsavík*

## Svona erum við

> Gjaldþrot félaga á Íslandi 1990-2000




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** DISCOVERY

# Elsta geimferjan sem enn er notuð

Bandarísku geimferjunni Discovery var skotið á loft í fyrradag í þriðju tilraun, en geimskotinu hafði tvisvar verið frestað vegna veðurskilyrða. Mikil áhersla hefur verið lögð á öryggi hjá NASA eftir Columbia-slysið árið 2003 þegar sjö fórust, og hefur Discovery átt í öryggisvandræðum síðan henni var seinast skotið á loft í júlí 2005.

**Hvað er Discovery?**
Discovery er geimferja í eigu Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA. Hún er elsta geimferjan sem enn er í notkun, en hún fór í sína fyrstu ferð árið 1984. Nafn hennar er aðallega dregið af seglskipinu HMS Discovery sem fylgdi könnuðinum fræga James Cook í þriðju og seinustu könnunarferð hans á sautjándu öld. Geimferjan hefur einnig sama nafn og Discovery One, geimskipið úr kvikmyndinni 2001: A Space Odyssey.

**Hvað hefur hún gert?**
Discovery var geimferjan sem kom Hubble-sjónaukanum út í geim, og hefur hún sinnt nokkrum viðhaldsverkefnum vegna hans síðan þá. Áætlað er að hún fari í fimmtu viðhaldsferðina árið 2008. Hún var líka tvisvar fyrsta geimferjan til að fara út í geim eftir stórslys, fyrst eftir Challenger-slysið árið 1986 og síðan eftir Columbia-slysið árið 2003.

**Hvert er verkefni hennar núna?**
Í ferðinni sem hófst í fyrradag mun Discovery flytja birgðir til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar sem er á braut um jörðu. Einn geimfaranna, Þjóðverjinn Tomas Reiter, mun verða eftir í geimstöðinni, en fyrir eru þar rússneskur og bandarískur geimfari.



## SPURT & SVARAÐ
UMFERÐIN YFIR SUMARTÍMANN



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON
upplýsingafulltrúi

### *Ofmat á aðstæðum*

Um síðustu helgi lést tvennt í umferðarslysum og tvær stúlkur slösuðust alvarlega. Hver ferðamannahelgin eftir aðra fer nú í hönd og hætta á að fleiri slys verði. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að það sé skringilegt en satt að alvarlegustu slysin verði þegar aðstæður eru hvað bestar.

**Er eðlismunur á umferðinni á sumrin og veturna?** Umferð yfir sumartímann margfaldast svo hættan verður meiri. Líklegt er líka að ákveðnar hættur sem eru til staðar á veturna, eins og slæm færð og skyggni, geri að verkum að menn draga úr hraða og gæta sín frekar. Á sumrin grípur menn einhvers konar fölsk öryggistilfinning.

**Er því ofmat á aðstæðum algeng slysaorsök?** Flest slys verða vegna þess að menn ofmeta sjálfan sig og vanmeta aðstæður. Hámarkshraðinn er auðvitað miðaður við bestu mögulegu aðstæður og lögreglan og Umferðarstofa senda á hverjum degi skýr skilaboð um það.

**Hvað er til ráða?** Ég held að hver og einn þurfi að líta sér nær í þeim efnum. Auðvitað er margt gert og ýmsilegt fleira hægt að gera til að koma böndum á umferðalagabrot. Maður vonar þó að ekki þurfi að koma til að hér verði eitthvað lögregluríki til að tapa ekki þessum mannslífum sem við töpum í umferðinni á hverju ári.

# Fréttaflutningur eða þjóðarógn?

**Ríkisstjórnir sífellt fleiri landa sjá sig nú tilneyddar til að taka á lekamálum þar sem leynilegum upplýsingum varðandi Íraksstríðið hefur verið lekið til blaðamanna.**




Sífellt fleiri slík mál koma til kasta dómstóla vestrænna ríkja. Hæfileikaríkir blaðamenn finna leka innan ríkisstjórna og segja frá þeim í fréttum, og veldur þessi fréttaflutningur misjöfnum viðbrögðum. Sumir segja að um eðlilegan fréttaflutning sé að ræða, en aðrir saka blaðamennina um að ógna öryggi þjóðar sinnar.



Afskipti dómstóla af þessum málum fara sífellt vaxandi og hafa fjölmiðlsérfræðingar áhyggjur af þeirri þróun. Segja þeir frelsi fjölmiðla í hverju landinu á fætur öðru vera fórnað á altari stríðs bandarískra og evrópskra ráðamanna gegn hryðjuverkum og Írak.

„Það er afkáralegt að nú á þessum tímum þegar pólitískt orðagjálfur er yfirfullt af hugmyndum um lýðræði og frelsi, að þessi grundvallarréttur blaðamanna, um að rannsaka og skýra frá málum sem vekja áhuga almennings, skuli vera dreginn í efa," sagði Aidian White, framkvæmdastjóri Alþjóðasambands blaðamanna, en höfuðstöðvar þess eru í Belgíu.

En aðrir segja einfaldlega að öryggi þjóða liggi í því að stöðva leka leynilegra upplýsinga, og segja að fréttir af starfsháttum ríkisstjórna gefi hryðjuverkamönnum upplýsingar sem geti ógnað lífi saklausra.

Hefur George W. Bush Bandaríkjaforseti gengið svo langt að ásaka blaðamenn um að beinlínis ógna öryggi lands síns og þjóðar með fréttaflutningi sínum.

**BRETLAND**



Eitt umdeildasta lekamál undanfarinna ára gerðist í Bretlandi árið 2003. Breski vopnasérfræðingurinn David Kelly gaf sig fram við yfirmenn sína og sagði þeim að hann væri leynilegur heimildamaður breska ríkisútvarpsins, BBC, en fréttin hafði sýnt ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar um að taka þátt í innrás Bandaríkjanna á Írak í neikvæðu ljósi. Þegar yfirmennirnir opinberuðu nafn uppljóstrarans, framdi Kelly sjálfsmorð.

Í haust verður annað mál, sem vakið hefur mikla athygli, tekið fyrir í breskum dómssal. Þeim David Keogh, sem var talsmaður bresku ríkisstjórnarinnar, og Leo O'Connor, fyrrverandi aðstoðarmanni við þingið, er gert að hafa lekið upplýsingum til breska fjölmiðla um samræður Bush og breska forsætisráðherrans, Tonys Blair, þar sem Blair reyndi að fá Bush ofan af því að sprengja höfuðstöðvar arabísku sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazeera í loft upp.

Breska ríkisstjórnin hefur hótað að kæra hvern þann fjölmiðil sem fjallar meira um þann leka.

Verði Keogh og O'Connor fundnir sekir, geta þeir átt von á allt að tveggja ára fangelsisvist.

Athygli vekur að engar kærur hafa verið lagðar fram vegna frétta Michaels Smith í London's Daily Telegraph og The Times árin 2004 og 2005 um minnisblöð Blairs um að Bandaríkjastjórn hafi verið búin að ákveða að ráðast inn í Írak löngu áður en stríðið hófst, og að upplýsingarnar um gjöreyðingavopnin hefðu verið hannaðar vegna þeirrar ákvörðunar.

**DANMÖRK**



Í haust mæta tveir danskir blaðamenn Berlingske Tidene fyrir dómstólum vegna lekamáls. Árið 2004 sögðu Michael Bjerre og Jesper Larsen fréttir af því að dönsku ríkisstjórninni hefði verið tilkynnt fyrir árásina í Írak að engar áreiðanlegar sannanir væru til um gjöreyðingavopn í Írak. Danska ríkisstjórnin studdi Bandaríkjamenn samt sem áður í innrásinni.



UPPLJÓSTRARI? David Keogh, fyrrverandi talsmaður bresku ríkisstjórnarinnar, er sakaður um að hafa lekið út leynilegum upplýsingu um samtöl Tonys Blair og George Bush. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þar sem um stríð var að ræða, átti fréttin eðlilega erindi til dansks almennings, að sögn Niels Lunde, ritstjóra Berlingske Tidene.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt mál kemur til kasta danskra fjölmiðla, og geta blaðamennirnir átt von á allt að tveggja ára fangavist, verði þeir fundnir sekir.

Uppljóstrarinn var fundinn sekur í fyrra og dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi.

**BANDARÍKIN**



New York Times er eitt nýjasta fórnarlamb þessarar þróunar. Viðbrögð Bandaríkjastjórnar við fréttum blaðsins í lok júní af eftirliti stjórnarinnar með alþjóðlegum peningamillifærslum innan viðurkenndra alþjóðlegra bankastofnanna voru afar harkalegar, og mega bæði blaðamenn og opinberir starfsmenn eiga von á lögreglurannsókn.

Samkvæmt fréttum blaðsins hefur Bandaríkjastjórn látið fylgjast með millifærslunum í þeim tilgangi að finna hryðjuverkamenn, sem og þá sem fjármagna meint hryðjuverk.

Ritstjórar Los Angeles Times og New York Times brugðust við með sameiginlegum leiðara sem birtur var í báðum blöðunum um síðustu helgi. Þar sögðust þeir meta áhættuna sem fylgir því að birta fréttir, en minntu á að það er á ábyrgð fjölmiðla að birta upplýsingar um starfshætti lýðræðislega kosinna þingmanna, svo lesendur geti sjálfir dæmt um ágæti starfa þeirra.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bandarísk yfirvöld taka til sinna ráða gegn New York Times vegna fregna af Íraksstríðinu. Enn er verið að rannsaka hið flókna mál sem upp kom árið 2003, þegar blaðið upplýsti að ríkisstjórn Bush hefði logið til um kjarnorkuvopn í Írak. Blaðakona New York Times, Judith Miller, afplánaði þriggja mánaða fangelsisvist í fyrra vegna þessa máls.

Eins er verið að rannsaka blaðamenn Washington Times vegna frétta þeirra í fyrra af hlerunum yfirvalda á símtölum venjulegra bandarískra borgara í þeim yfirlýsta tilgangi að koma upp um hryðjuverkamenn, sem og blaðamenn Washington Post um meint leynifangelsi leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, í Austur-Evrópu.

**ÖNNUR LÖND**

Auk þessara mála er verið að rannsaka þrjá blaðamenn í Sviss vegna frétta af leynifangelsum CIA, og er uppljóstrarans enn leitað.

Í Rúmeníu bíða tveir blaðamenn dóms fyrir að hafa haft undir höndum upplýsingar um aðgerðir rúmenska hersins í Írak og Afganistan, jafnvel þó aldrei hafi nein frétt birst um málið.

Í síðasta mánuði féll dómur í Hollandi sem skipaði hollensku leyniþjónustunni að hætta að hlera síma tveggja blaðamanna De Telegraf sem höfðu komist yfir leynilegar upplýsingar, og í maí upplýsti þýska þingið að yfirvöld þar í landi hafa njósnað ólöglega um þýska blaðamenn síðan árið 1990. „Kerfisbundið eftirlit er að verða eitt mesta áhyggjuefnið í sambandi yfirvalda og fjölmiðla um allan heim," sagði Aidian White hjá Alþjóðasambandi blaðamanna.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is



# JÚLÍTILBOÐ – NÚ ER FJÖR...







## JÚLÍTILBOÐ

SPRING AIR

AMERÍSK RÚM

**KYNNINGAR-AFSLÁTTUR**

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ Á

NÝRRI LÍNU – NÝ HÖNNUN





## JÚLÍTILBOÐ

GRAVITY ZERO

STILLANLEG HEILSURÚM

**VERÐ**

SEM EKKI HEFUR

SÉST ÁÐUR

MARGAR STÆRÐIR OG GERÐIR





## JÚLÍTILBOÐ

TEMPUR HEILSUVÖRUR

**15%**

AFSLÁTTUR

HEILSUDÝNUR, HEILSUKODDAR,

SESSUR, BAKSTOÐIR, INNISKÓR,

FERÐAKODDAR O.M.FL.

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

Lokað á laugardögum í júlí

www.design.is ©2006



Ómæld þægindi
725 g GRILL
179 KR.
EINNOTA
INSTANT BARBECUE
EINNOTA FERÐAGRILL 725g
Regnslá 203 x 132 sm
REGNSLÁ
129 KR.
203x132 sm
DÁSAMLEG FLÍK VIÐ GRILLIÐ
Nú er að laga lausu skrúfurnar á pallinum og herða á grillinu!
3-5 tíma hleðsla!
PRÁÐLAUS BORVÉL
4999 KR.
SETT MEÐ FYLGIHLUTUM
CORDLESS DRILL SET
18V þráðlaus borvél * 2ja hraða * 2 rafhlöður
Myndaðu frúna að skrúfa saman pallinn!
MYNDAVÉL
299 KR.
EINNOTA
35mm FLASH Camera
400 ASA myndavél - 27 mynda með flassi!
Sama verð um
KAUP BÆTIR
-með pylsupakka!
BÓNUSPYLSUR
479 kg KR.
500g EUROSHOPPER SINNEP Í KAUPBÆTI MEÐ HVERJUM PAKKA!
Senap • Mustard
500 g
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
Birgjum okkur upp í Bónus!
HM Pringles 2 tegundir
EVERY CAN WINS
Pringles
HM Pringles
139 KR.
200g
BÓNUSÍDÝFA 175 ml
99 KR.
Krydd ÍDÝFA
Papriku ÍDÝFA
APPELSÍN
59 KR.
Í GLERI
EGILS MALT
69 KR.
Í GLERI
MALTEXTRAKT
Egils APPELSÍN
EKKERT BRUÐL
Bónus býður betur!
Bónus hangiálegg
40% afsláttur við kassann
BÓNUS HANGIÁLEGG
1499 kg KR.
MERKT VERÐ 2499 KR.
Gæða KLEINUR
BÓNUSSAMLOKA
99 KR.
ÚRVALS FLATKÖKUR
59 KR.
4
GÆÐAKLEINUR
149 KR.
10 Í PAKKA
10 kleinur
BÓNUS Samlokur
3 TEGUNDIR

# allt land í Bónus!

Taktu þátt í GRILL - LEIK MS
Gáðu í lukkunúmerið í lokinu á
MS sýrða rjómanum þínum!



DANSKAR KRYDDLEGNAR
1998 kg KR.
KJÚKLINGABRINGUR

Kryddlegnar danskar kjúklingabringur






## Frábær verðlækkun - einstakt verð!




20% verðlækkun

VERÐ NÚ:
773 kg KR.

Góður á brauðið-góður á grillmatinn!

## Eitt kíló af hamborgurum

XL alvöru brauð!




10 frosnir hamborgarar
899 KR.
1 kíló

4 XL brauð
98 KR.

Frosnir og fínir í ferðalagið

## Hreint Síríus rjómasúkkulaði




HREINT RJÓMASÚKKULAÐI
159 KR.
200g




GÓU ÞRENNAN
399 KR.
PRINS/HRAUN/ÆÐI

Góu þrennan-góð í bílinn!

## Taktu þátt í sumarleik Klóa!




Lukkumiði fylgir hverjum sexpakka

www.bonus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.43 **-0,25%**
**Fjöldi viðskipta:** 284
**Velta:** 3.769 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | +1,10% | **FL Group** | -3,33% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,73% | **Avion** | -0,92% |
| | | **Össur** | -0,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,10 +1,10% ... Alfesca 3,97 +0,00% ... Atlantic Petroleum 554,00 +0,73% ... Atorka 6,15 -0,49% ... Avion 32,30 -0,92% ... Bakkavör 45,30 -0,66% ... Dagsbrún 5,68 +0,00% ... FL Group 17,40 -3,33% ... ... Glitnir 17,40 +0,00% ... KB banki 737,00 -0,27% ... Landsbankinn 20,00 +0,00% ... Marel 70,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,90 -0,59% ... Össur 108,00 -0,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Vagnstjóraskortur í Höfn

Útlit er fyrir alvarlegan strætóbílstjóraskort á stór-Kaupmannahafnarsvæðinu vegna þess hversu fækkað hefur í hópi þeirra sem láta mennta sig í faginu. Í Berlinske Tidende er frá því greint að 40 prósentum færri útskrifist sem almenningsvagnstjórar nú en á síðustu árum. Velta menn því nú fyrir sér hvernig leysa eigi úr skortinum og horfa meðal annars til þess að ráða bílstjóra frá Eystrasalts- eða Austantjaldslöndunum og kenna þeim dönsku áður en þeir yrðu sendir út í umferðina. Spurning er hvort þarna séu sóknarfæri fyrir íslenska vagnstjóra sem yrðu fljótir að skerpa á barnaskóladönskunni.



### Útlendingarnir flykkjast á hótelin

Sókn erlendra ferðamanna á íslensk hótel snarjókst í maí og fjölgaði gistinóttum milli ára úr 87.200 í 102.100. Þetta sýna nýjar tölur frá Hagstofu Íslands. Aukninguna má alfarið rekja til erlendra ferðamanna en gistinóttum þeirra fjölgaði um 23 prósent á meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði um 2,5 prósent.



Tölur frá Ferðamálaráði, sem fylgist með umferð um Leifsstöð, sýna hins vegar að ferðamönnum sem komu hingað til lands í maí fjölgaði einungis um tólf prósent milli ára. Því má spyrja sig hvort mismuninn megi rekja til þess að útlendingarnir hafi flúið tjöldin sín sökum miður spennandi veðurs á landinu þetta sumarið.

## MARKAÐSPUNKTAR

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hvetur stjórnvöld í Rússlandi til þess að auðvelda erlendum fjárfestum að fjárfesta í landinu. Stofnunin segir styrkingu rúblunnar skipta miklu máli auk þess sem leggja verði niður ýmsar takmarkanir á fjárfesta.

Æðstu stjórnendur bílaframleiðendanna General Motor, Nissan og Renault funda um samstarf fyrirtækjanna um miðjan mánuðinn. Til tals hefur komið að Nissan og Renault kaupi 20 prósenta hlut í General Motors.

Greiningardeild Landsbankans hefur endurskoðað verðbólguspá sína fyrir júlí. Deildin segir að vegna töluverðra bensínhækkana verði tólf mánaða verðbólgan 8,7 prósent í júlí.



**SLYS Á MIKLUBRAUT** Tryggingafélög segja áríðandi að lögreglan fái í skyndi kallað til drátt á slysstað þar sem tjónabílar valdi jafnvel hættu eða liggi undir frekari skemmdum þar sem þeir eru.

# Samkeppniseftirlitið hafnar beiðni SÍT

Samkeppniseftirlitið hefur hafnað beiðni Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um undanþágu vegna sameiginlegt útboðs bifreiðartryggingarfélaga á flutningum tjónabifreiða af slysstað á höfuðborgarsvæðinu. Fram til síðustu mánaðamóta var í gildi samningur tryggingafélaganna við dráttarbílaþjónustuna Krók ehf.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitisins er komast að þeirri niðurstöðu ekki samrýmist samkeppnislögum að framlengja samninginn, enda verði að hafa í huga að markaður fyrir bifreiðatrygginar sé fákeppnismarkaður og aðildarfélög SÍT með yfirburðastöðu á honum. „Ljóst er að öll samvinna og snertifletir keppinauta á fákeppnimarkaði er varhugaverð. Samkeppniseftirlitið bendir einnig á að skýra beri beiðnir um undanþágu frá banni samkeppnislaga um verðsamráð þröngt og þurfa að vera verulegir þjóðfélagslegir hagsmunir fyrir hendi til þess að slík undanþága sé veitt,“ segir í ákvörðuninni. Ekki er fallist á það með SÍT að bjóða þurfi út þjónustuna til að tryggja öryggi á vettvangi og vörslu tjónabifreiða, þótt fallist sé á með sambandinu að tjónabifreiðir á vettvangi geti skapað hættu og óþægindi og brýnt að koma þeim af vettvangi. Með útboði segir eftirlitið að komið yrði í veg fyrir samkeppni sem þó væri fyllilega möguleg og bendir á að þrír aðilar hafi lýst áhuga á að taka að sér brottflutning tjónabíla á höfuðborgarsvæðinu. **- óká**

# Hafa tryggt sér tæpa 48 milljarða

Sambankalán til Landsbanka Íslands sem verið er að undirbúa í Evrópu hefur hlotið góð viðbrögð fjárfesta. Bankinn áætlar að taka að láni 300 milljónir evra, eða tæpa 29 milljarða króna, til þriggja ára.

Landsbankinn hafði hins vegar þegar fengið loforð um 500 milljónir evra í lánsfé, tæpa 48 milljarða króna, áður en öðrum fjárfestum en bönkum sem átt höfðu í nánu samstarfi við bankann var boðin þátttaka í lok síðasta mánaðar. Þá útilokar Brynjólfur Helgason, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Landsbankans, ekki að tekið verði hærra lán á endanum.



**BANKABOLTALEIKUR** Mikið var um dýrðir á afmælishátíð Landsbankans um síðustu helgi en svo héldu áfram hefðbundin viðskipti í bankanum sem var að tryggja sér hátt lán.

Bank of America Securities Limited, BayernLB, Deutsche Bank Luxembourg, Lloyds TSB Bank og Royal Bank of Scotland var falið að hafa yfirumsjón með sambankaláninu og segir Landsbankinn eftirspurn eftir þátttöku þegar hafa verið mjög mikla strax á fyrstu stigum. Síðasta þriðjudag var svo haldinn kynningarfundur fyrir fjárfesta í Lundúnum sem bankinn segir hafa verið vel sóttan. Gert er ráð fyrir að lántökunni ljúki fyrir lok þessa mánaðar.

Brynjólfur segir að kjörin sem bankanum bjóðist við lántökuna séu heldur betri en íslenskum bönkum hafi staðið til boða á eftirmörkuðum skuldabréfa í Evrópu til þessa, eða 32,5 punkta álag sem leggst á annan tveggja hluta lánsins 190 milljarða evra. „Svo leggjast líka á gjöld sem eru mismunandi eftir upphæðum og skilmálum þannig að við erum ekki enn komin með endanlega kostnaðartölu við lántökuna.“ **- óká**

# Bætist við íslensk krónubréf

Evrópski fjárfestingarbankinn tilkynnti á þriðjudag um stækkun krónubréfaútgáfu sinnar með gjalddaga í febrúar 2011 um þrjá milljarða í sex. Er þetta lengsti líftími erlendra krónubréfa sem gefin hafa verið út hingað til. Krónubréf eru skuldabréf gefin út af erlendum aðilum í íslenskum krónum. Alls hefur bankinn, sem er annar stærsti útgefandi íslenskra krónubréfa, gefið út bréf fyrir hátt í fimmtíu milljarða króna.

Rólegt hefur verið yfir útgáfu erlendra krónubréfa frá því í febrúar þegar krónan tók að veikjast. Frá því þá hefur útgáfan einungis verið fyrir um 20,5 milljarða en fyrstu tvo mánuði ársins voru bréf gefin út fyrir 68 milljarða króna. Frá upphafi er útgáfan nú komin í 240 milljarða íslenskra króna.

Í Morgunkorni Glitnis segir að færa megi rök fyrir því að nú sé útgáfa krónubréfa skynsamlegri en oft áður þar sem gengisáhætta erlendra kaupenda hefur minnkað með lækkandi gengi krónu. Verulegar líkur séu á því að þau krónubréf sem eru á gjalddaga á seinni hluta ársins, og gefin voru út við mun hærra gengi krónu, skili eigendum sínum neikvæðri ávöxtun. Svo geti þó farið að einhver hluti eigenda kjósi að framlengja fjárfestingu sína frekar en að innleysa tap. Því ríki viss óvissa um hvaða áhrif gjalddagar hafa þegar kemur fram á haustið þegar flest útgefinna krónubréfa eru á gjalddaga. **- hhs**

ÚTSALA
AFSLÁTTUR

Sumarvörur 40%
Sumarhúsgögn 10-40%
Sófar og svefnsófar 15-50%
Allar aðrar vörur 10%

ÚTSALA
AFSLÁTTUR

VALDAR VÖRUR, 10-70% AFSLÁTTUR

habitat

Hönnun, litir og efnisval, ein heild

Virka daga 10-18. Laugardaga 11-16.
Askalind 1 • Kópavogur • 568 9700 • www.habitat.net • habitat@simnet.is

# Tilraunaskot skekur markaði

Skot Norður-Kóreumanna á sex tilraunaeldflaugum síðastliðna tvo daga skók hlutabréfamarkaði í Suður-Kóreu, Japan og í Evrópu í gær. Fjöldi fjárfesta seldi hlutabréf sín og tryggði fjármuni sína með kaupum á gulli með þeim afleiðingum að gengi hlutabréfa á mörkuðunum lækkaði nokkuð. Tilraunaskotin eru sögð hafa áhrif á ákvörðun seðlabanka landanna um hækkun stýrivaxta.

Gengi hlutabréfa lækkaði hratt á mörkuðum í Suður-Kóreu og Japan eftir tilraunaskotin. Markaðurinn jafnaði sig eftir því sem á leið og endaði í lækkun upp á 0,5 til 0,7 prósent.

Sömu sögu er að segja um gengi gjaldmiðla í báðum löndunum en gengi gulls hækkaði hins vegar örlítið eftir opnun markaða landanna. Þá lækkaði gengi hlutabréfa á helstu mörkuðum í Evrópu um hálf prósentustig en fjárfestar í álfunni bíða viðbragða fjárfesta í Bandaríkjunum.

Fjármálasérfræðingar telja þó að um tímabundin áhrif á gengi hlutabréfa sé að ræða.

Talsmaður seðlabanka Suður-Kóreu sagði tilraunaskotið geta haft áhrif á ákvörðun bankanna um hækkun stýrivaxta í vikunni. Fastlega er búist við að seðlabanki Japans hækki stýrivexti í næstu viku en þeir hafa staðið við núll prósent síðastliðin fimm ár. - jab




**FRÁ JAPAN** Fjármálasérfræðingar segja tilraunaskot Norður-Kóreu hafa haft skammtímaáhrif á gengi hlutabréfa á helstu mörkuðum í Asíu og Evrópu. MYND/AP

# Boð til hluthafa áréttuð

Króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA sendi í gær frá sér tilkynningu um yfirtökufyrirætlanir Actavis.

PLIVA staðfesti að erindi hefði borist frá Actavis um að fyrirtækið hygðist leggja fram yfirtökutilboð en benti um leið á að enn lægju ekki á lausu neinar upplýsingar um innihald slíks tilboðs. Samkvæmt yfirtökulögum í Króatíu hefur Actavis 30 daga til að leggja fram tilboðið.




Í tilkynningu PLIVA eru áréttuð þau skilaboð til hluthafa í fyrirtækinu um að þeir haldi að sér höndum meðan unnið sé úr álitamálum varðandi yfirtökuferlið, en Actavis keppir þar við bandaríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals.

Þá tilkynnti Actavis í gær um fimm ný samheitalyf í Bandaríkjunum sem munu að sögn félagsinsin styðja vel við vöxt félagsins á þeim markaði.

Actavis yrði ef kaup á Pliva ná fram að ganga þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimiinum með sterka stöðu austan hafs og vestan. - óká



**KIRK KERKORIAN** Bandaríski auðkýfingurinn Kerkorian átti frumkvæðið að samstarfi bílaframleiðandanna GM, Nissan og Renault. MYND/AFP

## Bílaframleiðendur funda í júlí

Rick Wagoner, forstjóri bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM), mun funda með forstjórum japanska keppinautinum Nissan og franska bílaframleiðandanum Renault í Detroit í Bandaríkjunum um miðjan mánuðinn vegna hugsanlegs samstarfs fyrirtækjanna.

Fastlega er búist við því að Nissan og Renault muni kaupa 20 prósenta hlut í GM, sem hefur átt við gríðarlega fjárhagserfiðleika að etja.

Það var bandaríski auðkýfingurinn Kirk Kerkorian sem lagði til samstarf bílaframleiðendanna á föstudag í síðustu viku, en fjárfestingafyrirtæki hans er stærsti einstaki hluthafinn í GM.

Stjórn GM kemur saman til fundar á föstudag til að ræða um hugsanlegt samstarf bílaframleiðendanna þriggja. - jab




**FRANSKT FRÍMERKI** Airbus kynnti A380 risaþotuna með pompi og prakt í fyrra. Tvívegis hefur verið tilkynnt um tafir á framleiðslu vélanna. MYND/AFP

## Vill endurmat á virði Airbus

Breska fyrirtækið BAE Systems, sem á 20 prósenta hlut í flugvélaframleiðandanum Airbus ætlar að láta endurmeta virði hlutarins. Þýski fjárfestingabankinn Rothschild mat hlut BAE í Airbus í síðustu viku á jafnvirði 265 milljarða íslenskra króna. Stjórnendur BAE töldu hlutinn tvöfalt meira virði.

Reynist matið fullnægjandi mun BAE selja hlut sinn til EADS, móðurfélags Airbus.

Gengi hlutabréfa í Airbus hefur lækkað um fjórðung síðan í apríl en fyrirtækið hefur í tvígang tilkynnt um tafir á framleiðslu Airbus A380 risaþota félagsins. - jab

Fataskápar og eldhúsinnréttingar
í nýjum og glæsilegum sýningarsal!










... alltaf góð þjónusta og gott verð!





www.hirzlan.is
Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

**ÚTGJÖLDIN**

> Verð á Coca-Cola, 2 lítra flösku í febrúar




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN: SIGRÚN KLARA HANNESDÓTTIR LANDSBÓKAVÖRÐUR**

## Þrekhjólið afskaplega lítið notað



„Þetta er erfið spurning,“ segir Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður þegar hún er spurð um bestu kaup sem hún hefur gert á ævinni.
Eftir stuttan umhugsunartíma nefnir hún íbúðina sína. „Ég keypti hæð á Hofsvallagötunni og ég get með góðri samvisku sagt að það séu bestu kaup sem ég hef á ævinni gert. Þetta er alveg hreint yndisleg íbúð í gömlu húsi. Ég er búin að gera íbúðina upp og mér finnst meiriháttar að búa hérna.“

Hvað varðar verstu kaupin segist Sigrún Klara aldrei hafa keypt sér fótanuddtæki. Hún minnist þó einna kaupa fyrir fáeinum árum. Þá festi Sigrún Klara kaup á þrekhjóli. Þrekhjólið var í ágætu ásigkomulagi enda ekki mikið notað af fyrri eiganda. Þrátt fyrir það segir Sigrún Klara kaupin ekki hafa verið góð.

„Ég hefði alveg eins getað sleppt því að kaupa þetta þrekhjól, það hefur verið afskaplega lítið notað. Hraðamælirinn bilaði strax og það varð fljótt að verða ónýtt. Allt í allt var þetta mjög slæm fjárfesting,“ segir hún og hlær.
„Ég held ég hafi það samt ennþá uppi í von um að ég noti það. Maður er víst alltaf á leiðinni í líkamsþjálfun,“ segir Sigrún Klara Hannesdóttir að lokum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### TYGGJÓ Í FÖTUM

*Lóa Aldísardóttir fréttakona hefur lent í því að fá tyggjóklessu í fötin sín.*



„Ef einhver er eins og ég og tyggur fullt af tyggjói á dag, getur hann lent í því að setjast á tyggjó, eins og hefur komið fyrir mig. Það sem maður á að gera er að setja flíkina strax inn í frysti. Það er harðbannað að reyna að ná tyggjóinu af meðan það er blautt og lint. Flíkin þarf að vera í frystinum í nokkra klukkutíma. Svo er hægt að ná í hana og skafa tyggjóið af með einhverju beittu, til dæmis hníf. Það gengur hins vegar engan veginn að setja flík með tyggjóklessu í þvottavél.“

**Hvað kosta... augndropar?**

## Mikill verðmunur á milli landa



Neytendasamtökin gerðu nýlega könnun á því hvað augndropar við frjókornaofnæmi kostar hér á landi en það plagar marga á þessum árstíma. Fjórir millilítrar af Livostin augndropum kosta á bilinu 1.533 til 1.700 krónur samkvæmt lauslegri könnun samtakanna. Í Svíþjóð kosta droparnir 900 íslenskar krónur en í Danmörku kosta þeir 1.100 krónur. Einnig er bent á að aðeins er hægt að fá tvær tegundir af augndropum hér á landi í lausasölu en í Danmörku og Svíþjóð hafa neytendur úr fleiri tegundum að velja. Neytendasamtökin segja það óásættanlegt að íslenskir neytendur þurfi að borga hærra verð fyrir lyf en neytendur til dæmis í nágrannalöndunum.

**Verslun og þjónusta**

## Mikilvægt að íhuga bílakaupin vel



Í handbók neytenda eru mörg gagnleg ráð en hana er að finna á heimasíðu neytendasamtakanna, www.ns.is. Þeir sem eru að velta því fyrir sér að kaupa bíl á næstunni ættu að kynna sér það efni sem fyrir liggur um bíla. Þar kemur meðal annars fram að besta ráðleggingin við bílakaup er að hugsa sig vel um áður en bíll er keyptur þar sem rangt val getur kostað tugþúsundir króna og mikinn tíma. Neytendum er ráðlagt að byrja á því að finna þann bíl sem þeim hentar best. Einnig er bent á að prófa bílinn áður en hann er keyptur, tala við fyrri eigendur og skoða hann vel að innan sem utan.

**Verslun og þjónusta**

## Stjörnugjöf gististaða



Á ferðavef Ferðamálastofu má finna stjörnugjöf gististaða hér á landi en þeir eru flokkaðir frá einni uppí fimm stjörnur. Það er Ferðamálastofa sem hefur umsjón með stjörnugjöfinni sem hófst árið 2002 og eru nú 45 prósent gistirýmis hér á landi flokkuð eftir kerfinu. Einnar stjörnu gististaður þarf að vera með handlaug og að minnsta kosti eitt salerni fyrir hver tíu herbergi ásamt aðgangi að almenningssíma og morgunmat. Þriggja stjörnu gististaður þarf að hafa bað á hverju herbergi, sjónvarp, útvarp og skrifborð. Fimm stjörnu gististaður þarf að bjóða upp á ritaraþjónustu, innisundlaug og öryggishólf.

**Lög um ábyrgð á framleiðslugöllum**

## Koma fram í hærra vöruverði



Óvissa ríkir hjá mörgum söluaðilum um ný lög um ábyrgðartíma á söluvöru. Þetta kom fram á fund sem Samtök verslunar og þjónustu efndu til í gær en nýju lögin kveða á um allt að fimm ára ábyrgðartíma sem var tvö ár samkvæmt fyrri lögum. Að sögn Sigurðar Jónssonar, framkvæmdastjóra SVÞ, er ábyrgðartíminn sem gefinn er upp í sumum tilfellum lengri en sá tími sem framleiðendur veita almennt og þannig fellur aukinn kosnaður á söluaðilann. „Það er alveg klárt mál að þetta kemur fram í vöruverði sem neytendur þurfa á endanum að greiða fyrir. Söluaðilarnir þurfa því að framkvæma ákveðið áhættumat, og ætla möguleikann á að framleiðslugallinn komi niður á þeim,“ segir Sigurður.



SUMARÚTSÖLUR Í KRINGLUNNI Útsalan stendur til 13. ágúst, en mest er örtröðin seinni part dags, þegar fólk streymir úr vinnu til að nýta sér tilboðin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Sumarútsölurnar í gangi

**Þessa dagana og allt fram í ágúst reyna kaupmenn landsins að rýma troðna lagera sína fyrir nýjum vörum. Bregða kaupmenn jafnvel á það ráð að selja vörur undir kostnaðarverði. Útsalan einskorðast ekki við föt og skófatnað, heldur eru margvíslegar útsöluvörur á boðstólunum.**

Að sögn kaupmanna hefur fólk mikið leitað inn í verslunarmiðstöðvarnar, þar sem veðrið hefur ekki verið með besta móti undanfarið. Rekstrarfélag Kringlunnar í samráði við stjórn Kringlunnar ákveður útsölutímabilin þar á bæ. „Útsalan hófst 29. júní og stendur til 13. ágúst,“ segir Viðar Jökull Björnsson, markaðsfulltrúi hjá Kringlunni. „Verslanir hafa boðið 30 til 50 prósenta afslátt, en hann eykst svo þegar nær dregur útsölulokum. Dagana 10. til 13. ágúst er svo götumarkaðsstemning og mikið af vörunum eru flutt-ar fram á borð á ganginum.“

Verslanirnar sjá sjálfar um skipulagningu á útsölunni, en það fer að miklu leyti eftir því hvort losna þarf við vörur af lager eða ekki. Verslunarmiðstöðvarnar hafa engin yfirráð yfir verðlagningu á vörum í búðum innan þeirra dyra. „Hér í Hagkaupum höfum við gefið 30 til 90 prósenta afslátt af ýmsum fatnaði og skóm,“ segir Sigríður Gröndal, innkaupastjóri sérvöru hjá Hagkaupum. „Þetta hefur farið rosalega vel af stað. Við höfum verið að selja húsgögn í tveimur verslunum með allt að 90 prósenta afslætti og þau hafa selst gríðarlega vel. Reiðhjól hafa líka lækkað um 40 prósent. Þetta verður svona meðan birgðir endast.“

Smáralindin hóf einnig útsölutímabil sitt 29. júní, að sögn Helga Magnússonar, fjármálastjóra Smáralindar. Þann 5. ágúst lýkur svo útsölunni, en fjórum dögum áður nær útsölutímabilið hámarki, með enn frekari afslætti og tilboðum.

Jóhanna Arnarsdóttir, starfsmaður hjá Rokki og rósum, tískuvöruverslun á Laugaveginum, segir að sumarútsölur hefjist von bráðar hjá þeim, Spúútnik og Elvis, en þær búðir eru eru allar undir sama hatti. Við Laugaveginn hafa flestar tískufataverslanir hafið sumarútsölur og víða verður senn farið að taka upp haustvörurnar.

steindor@frettabladid.is


**Sölusýning í dag!**
opið til kl. 19




VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi


Talsmaður neytenda um afnám hámarkstaxta leigubifreiða:

## Virkt eftirlit er nauðsynlegt




HÁMARKSTAXTI LEIGUBIFREIÐA Talsmaður neytenda segir að eftirlit með verðskrá leigubifreiða þurfi að vera virkt og að kynna þurfi viðurlög við brotum á reglum um leigubifreiðar.

Talsmaður neytenda leggur til að viðurlög við brotum á reglum um leigubifreiðar verði kynnt. Enn fremur vill hann að eftirlit með því að bílstjórar fari að settum reglum um sýnilega verðskrá verði virkt. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem talsmaðurinn sendi frá sér á dögunum.

Hvati álits talsmannsins var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um afnám hámarkstaxta leigubifreiða sem tók gildi fyrsta júlí. „Í fyrsta lagi skoðaði ég hvort er óljóst þegar farþegi sest inn í leigubifreið hvað hann á að borga fyrir ferðina,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda. Hann segir að afnám hámarkstaxtans eigi ekki að hafa þau áhrif að fólk sé í óvissu um hvað það eigi að borga. „Skýrt er í lögum að verðskrá skuli vera sýnileg og áberandi. Eftirlit með þessu þarf bara að vera virkt og neytendur geta lagt inn kvörtun ef á þeim er brotið.“ Gísli segist þó ekki hafa tekið afstöðu til þess hvernig verðskráin skuli vera byggð upp.

Einnig tók Gísli til skoðunar mögulega hættu á að fólk færi að bjóða í leigubifreiðaferðir þegar ásókn er mikil, eins og oft gerist til dæmis við lokun skemmtistaða í miðbæ Reykjavíkur. „Ég tel að ef leigubifreiðastjóri þiggur boð í bíl gæti hann verið að misnota aðstöðu sína“, segir Gísli. „Neytendur ættu því að geta kvartað til stöðvarinnar sem bíllinn starfar á ef á þeim er brotið, og svo til Vegagerðarinnar ef stöðin gerir ekkert.“



Frábært verð á lambakjöti!
Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Sparaðu 700kr.
LAMBA-FRAMHRYGGJASN.
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Skelltu BBQ sósu á grillkjötið... ...bragðið er engu líkt!
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
35% afsláttur
GRÍSARIF Í BBQ SÓSU
ÚR KJÖTBORÐI
1.098 kr. kg
NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
1.609 kr. kg
GOÐA VÍNARPYLSUR
10 stk.
299 kr. pk.
35% afsláttur
15% afsláttur
NÓATÚNS SKINKA
259 kr. pk.
MEÐALRISTAÐ KAFFI
349 kr. pk.
NÓATÚNS SAMLOKUBRAUÐ
129 kr. pk.
BOUNTY ELDHÚSRÚLLUR
399 kr. pk.
+50% MEHR BLÄTTER
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

?

**Vissir þú?**

*... að Hugi frá Hafsteinsstöðum, sem var í öðru sæti yfir heiðursverðlaunahesta á Landsmóti hestamanna, á 322 skráð afkvæmi? Hæst dæmda afkvæmið er Eldjárn frá Tjaldhólum með 8,55 í aðaleinkunn. www.worldfengur.com*

Fákar
*og fólk*

**HESTAMAÐURINN:** STEINGRÍMUR SIGURÐSSON

# *Eins og að leggja inn á bankabók*

„Þetta er mjög góð tilfinning, manni finnst maður vera að uppskera laun erfiðisins,“ segir Steingrímur Sigurðsson, sem vann A-flokk gæðinga á Landsmóti hestamanna á stóðhestinum Geisla frá Sælukoti í annað sinn um síðustu helgi. Það hefur að því er næst verður komist ekki gerst í áratugi að sami hestur og knapi nái titlinum tvisvar í röð.

Í þjálfun Geisla segir Steingrímur að hann hafi riðið honum mikið og reynt að fara á ystu mörk þess sem líkamlegt atgervi hestsins þoldi. Hann lýsir karakter Geisla á þennan hátt: „Hann er einstaklega ljúfur og meðfærilegur á húsi og maður hefur aldrei kynnst hesti sem er jafn gott að þjálfa, það er eins og maður sé alltaf að leggja inn á bók og láta ávaxtast.“

Eftir erfiða og margra mánaða stranga þjálfun er Geisli nú kominn í frí og farinn að sinna hryssum til að fjölga kyninu. Steingrímur segir að áhuginn á hestinum hafi stóraukist eftir Landsmótið og stöðugt sé verið að hringja og panta undir hann. Hann segist ekki viss hvað framtíðin beri í skauti sér varðandi samstarf þeirra beggja, það verði tíminn að leiða í ljós.



Steingrímur er sömuleiðis kominn í viku frí til að slaka á eftir átök Landsmótsins. Síðan taka við æfingar fyrir Íslandsmótið sem verður haldið um miðjan júlí í Gusti í Kópavogi. Þangað stefnir hann með hryssuna Álfrúnu frá Reykjavík sem varð í þriðja sæti á Landsmótinu í flokki hryssa 7 vetra og eldri. Hann ætlar sér að keppa í fimmgangi og gæðingaskeiði en Álfrún hlaut einkunnina 9,5 fyrir skeið á Landsmótinu.

## Þjóðlegt Landsmót í fjallasal

Fátt er meira íslenskt en íslenski hesturinn. Þegar bætast við íslenski fáninn, þjóðbúningurinn og falleg fljóð, getur heildarsvipurinn ekki klikkað. Á Landsmóti hestamanna um síðustu helgi spiluðu fáninn og þjóðbúningurinn stóran þátt í stemningunni.



Fagrar dömur í þjóðbúningi afhentu verðlaunin.



Félag tamningamanna myndar glæsilega fánaborg.



Riðið undir blaktandi fána í fögrum fjallahring.



Blátt, rautt og hvítt í bland við jarðarliti hrossanna.






# Hrossarækt úr hjólastól

**Rúnar Geir Ólafsson er hafsjór fróðleiks um hrossarækt. Hann lætur ekki þá staðreynd að hann sitji í hjólastól aftra sér frá því að rækta sjálfur hross. Blaðamaður Fréttablaðsins hitti ræktandann á Landsmóti hestamanna.**

Rúnar Geir situr í hjólastól efst í áhorfendabrekkunni og fylgist með sýningu á stóðhestum. Hann tekur vel í beiðni blaðamannsins um viðtal og við setjumst inn í bíl til frekara spjalls. Hinn átján ára Rúnar Geir er ekki viss hvenær nákvæmlega hann smitaðist af hrossaræktarbakteríunni. „Það er málið, maður hefur alltaf verið í sveit, verið með skepnur og svo fyrir um fimm árum fór áhuginn á þessu að koma meira fram,“ segir Rúnar Geir, sem ólst upp á bænum Eyði-Sandvík rétt fyrir utan Selfoss. „Við erum með nokkra hesta og þeim fer fjölgandi,“ segir Rúnar Geir glettinn og játar að það sé að sínu undirlagi.

Rúnar Geir á góða að og foreldrar hans eru dugleg við að keyra hann milli hestamóta til að hann geti fylgst sem best með áhugamáli sínu. Þá fylgist hann vel með á netinu og les bækur um hrossarækt sem hann hefur heilmikla skoðun á. „Það er frábært að sjá hversu mikil þróunin hefur orðið í kynbótum og hvað þetta er orðið mikið betra, fleiri toppar og betri hross. Svo þarf að fylgja því áfram, styrkja íslenska hestinn og kynninguna bæði hér á Íslandi og erlendis,“ segir Rúnar Geir en enginn einn hestur er í uppáhaldi hjá honum.

„Þetta fer mikið eftir aldursflokkunum. Til dæmis Sær frá Bakkakoti, enda á maður afkvæmi undan honum. Svo Rökkvi frá Kýrholti og Stáli frá Kjarri, það eru topphestar líka. Svo vitaskuld Þóroddur frá Þóroddsstöðum, Fursti frá Stóra-Hofi og auðvitað hann Vilmundur,“ segir Rúnar Geir. Hann tekur fram að enn sé enginn sjáanlegur árangur orðinn af ræktun hans sjálfs, enda sé hann svotil nýbyrjaður. „Ég keypti fyrstu hryssuna 2004 og hún er búin að eiga tvö folöld þannig að það er smá bið í að árangur sjáist, en þetta er góð byrjun,“ segir hann glettinn.

Þetta er í fyrsta sinn sem Rúnar Geir fer á Landsmót en hann var staddur erlendis þegar Landsmótið á Hellu stóð yfir. „Það er gott að vera kominn hingað. Þetta er frábært svæði og kom mér á óvart hversu gott það er. Þá er þetta fallegur staður og við erum búin að vera heppin með veður þangað til akkúrat núna,“ segir hann og lítur út um gluggann á sendiferðabílnum á rigninguna sem dynur á þeim þúsundum áhorfenda sem sitja þétt í áhorfendabrekkunni en njóta hverrar mínútu.

**solveig@frettabladid.is**



**ÁNÆGÐUR LANDSMÓTSGESTUR** Rúnar Geir segir miklar framfarir hafa orðið í hrossarækt og hlakkar til að sjá hvað kemur út úr hans eigin ræktun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
## GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)



BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR

# FIM.-FÖS.-LAU.

# 2 FYRIR 1
## FÆRÐ ÓDÝRARA PARIÐ FRÍTT

HÖFUM FYLLT Á 1000 kr.- BORÐIN

FRÁBÆRT ÚRVAL

SKÓR FRÁ: 100 kr.-

PETER KAISER · ecco · ara · LLOYD · ZINDA

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 19, LAU. 10 - 16



# PALLAEFNI Á FRÁBÆRU VERÐI

Verð frá **159** kr/lm

## Fura

Fura alheflað A-gagnvarið.

| | | |
|---|---|---|
| Vnr.0058324 | 27x95 mm | 159 |
| Vnr.0058504 | 45x95 mm | 185 |
| Vnr.0058506 | 45x145 mm | 275 |

# 25% afsláttur

*af allri viðarvörn og útimálningu*

# LÆGI

*Allt fyrir garðinn!*



Vnr.55900027
### Stunguskófla
Stunguskófla, skaft úr tréfjaplast.
**2.490**
~~3.877~~

**890**
~~1.809~~

Vnr.55900016
### Malarskófla
Malarskófla með tréskafti.

Vnr.55900013
### Garðhrífa
Garðhrífa 16 tennur, með tréskafti.
**990**
~~1.581~~



**2.999**
~~4.515~~

Vnr.86332540-9040
### Viðarvörn
KJÖRVARI 14, gagnsæ viðarvörn, 4 ltr., allir litir.



**3.490**
~~5.179~~

Vnr.86363050-350
### Pallaolía
KJÖRVARI 12 pallaolía glær, græn, brún, fura, rauðviður eða rauð fura, 5 ltr.



**4.990**
~~7.289~~

Vnr. 85551083/1183
### Útimálning
BYKO útimálning, gljástig 6, 10 ltr., ljósir litir.

# RA VERÐ!

LEÐILEGT SUMAR



2.990

~~4.367~~

Vnr.79290094

**Hjóbörur**

Hjólbörur 80 ltr.



1.490

~~1.981~~

Vnr.55900030

**Hekkklippur**

Hekkklippur, handfang úr tréfjaplast.



2.490

~~4.248~~

Vnr.55900033

**Stórgreinaklippur**

Stórgreinaklippur með framlengingu, handfang úr tréfjaplasti.



6.990

~~9.930~~

Vnr.0291395

**Girðinga-einingar**

TB SALVIA ELEGANS, 1800x1800 mm.



Vnr.0291412

**Girðingaeiningar**

TB SALVIA ESPALE, 1800x 1800 mm.

9.900

~~14.413~~

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Mikilvægi þess að neytendur eigi sér öflugan málsvara verður seint ofmetið.

# Öflugt aðhald ASÍ

Við Íslendingar búum við þann veruleika að tiltölulega fáir stórir aðilar eru í yfirburðarstöðu á flestum sviðum neytendamarkaðarins, hvort sem þar er höndlað með matvöru, símaþjónustu, lyf, eldsneyti, bankaþjónustu, tryggingar eða eitthvað annað af því sem snertir nauðsynleg útgjöld fjölskyldunnar.

Við þessi skilyrði er ekki hægt að vanmeta hversu mikilvægt er að neytendur eigi sér öflugan málsvara sem veitir einkafyrirtækjum jafnt sem opinberum stofnunum strangt aðhald. Undanfarin ár hefur Alþýðusamband Íslands tekið afgerandi forystu í þessum efnum með reglubundnum verðlagskönnunum.

Verðlagseftirlit ASÍ má rekja aftur til endurskoðunar kjarasamninga vorið 2001 þegar því var heitið í yfirlýsingu þáverandi forsætisráðherra að fjármagna verðlagseftirlitið til loka samningstímans 2003. Að þeim tíma loknum, og að fenginni góðri reynslu, var ákveðið að gera verðlagseftirlitið að ríkum þætti í starfsemi skrifstofu ASÍ

*Fá mjög öflug fyrirtæki eiga að geta boðið fólki betra verð en mörg lítil og veik. Ef teikn sjást um annað þá er það skylda ASÍ, og annarra málsvara neytenda, að vekja athygli á því með kröftugum hætti.*

Ekki þarf að hafa mörg orð um að sú ákvörðun var skynsamleg. Slagkraftur ASÍ getur verið mikill ef sambandið kærir sig um, enda stærstu hagsmunasamtök íslensks launafólks. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru innan vébanda sambandsins, eða alls tæplega 90.000 manns.

Eitt af yfirlýstum markmiðum ASÍ er barátta fyrir bættum kjörum og réttindum. Aðhald á neytendamarkaði fellur mjög vel að þeim markmiðum. Það liggur í augum uppi að til lítils er að berjast fyrir hærri launum ef sá ávinningur hverfur á markaði þar sem ríkir þegjandi samkomulag um að samkeppni sé ekki af hinu góða, eins og var til dæmis lengi vel tilfellið með eldsneytissölu hér á landi.

Mikil umræða hefur verið um lyfjaverð undanfarnar vikur. Þar hefur ASÍ komið sterkt til leiks og vakið athygli á háu lyfjaverði og kallað eftir útskýringum á hækkun reiknaðrar álagningar lyfjabúðanna á algengum lyfjum. Í ljósi þess að tvær lyfjakeðjur eru með mikla yfirburðastöðu á markaði er ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að verð til neytenda hækki ekki nema að gefnum sannfærandi útskýringum.

Fá mjög öflug fyrirtæki eiga að geta boðið fólki betra verð en mörg lítil og veik. Ef teikn sjást um annað þá er það skylda ASÍ, og annarra málsvara neytenda, að vekja athygli á því með kröftugum hætti.

ASÍ á fullt hrós skilið fyrir verðlagseftirlit sitt og mun vonandi halda áfram að efla þennan þátt starfseminnar af krafti.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aðeins útvaldir

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, ferðast nú á milli sveitarfélaga og kveður samflokksmenn sína en hann lætur af formennsku í ágúst eftir tólf ára setu. Efnt er til funda í helstu byggðarlögum og á þeim ræðir Halldór um stjórnmálaástandið í landinu, stöðu flokksins og þar fram eftir götum. Fundirnir eru ekki opnir, heldur þvert á móti lokaðir. Aðeins er rúmlega eitt þúsund manns boðið að hlýða á formanninn fráfarandi á þeim tuttugu fundum sem fyrirhugaðir eru. Eru það helstu trúnaðarmenn flokksins á hverjum stað. Svíður hinum almenna flokksmanni nokkuð að fá ekki að hlusta á mat formannsins á stöðunni og kveðja hann eftir langt og lengi vel farsælt samstarf.



### Loksins, loksins

Gleði Jóns Steinssonar, doktors í hagfræði, vegna nýlegrar skipunar seðlabankastjóra er næstum takmarkalaus. Forsætisráðherra skipaði á dögunum Ingimund Friðriksson í embættið og segir Jón í grein á vefritinu deiglan.com að sú ráðstöfun verði að teljast stórtíðindi enda sé þetta í fyrsta sinn í meira en áratug sem fagmaður er ráðinn í stöðu seðlabankastjóra. Að líkindum vísar Jón þar til ráðningar Eiríks Guðnasonar á sínum tíma en hann var – líkt og Ingimundur nú – innanbúðarmaður í bankanum. Í millitíðinni hafa Finnur Ingólfsson, Jón Sigurðsson og Davíð Oddsson verið skipaðir seðlabankastjórar en Jón gefur greinilega lítið fyrir fagmennsku þeirra í seðlabankafræðum.



### Samfylkingin í golf

Kylfingar í Samfylkingunni halda að mestu til á golfvöllum vítt og breitt um landið þessa dagana enda aðeins átta vikur í að árlegt golfmót flokksins verði haldið. Sem fyrr heldur hinn ötuli Jón Kr. Óskarsson í Hafnarfirði um stjórntaumana og fer mótið fram á Hvaleyrarholtsvelli í Firðinum. Leikið er með Texas-scramble fyrirkomulagi en þá eru tveir og tveir saman. Feðgarnir Ársæll Guðmundsson og Ágúst Ársælsson fóru með sigur af hólmi í fyrra og er viðbúið að hörð atlaga verði gerð að Samfylkingarmeistaramótstitlinum í ár. Eins og í öðrum íþróttum getur allt gerst í golfi en hermt er að eitt sé fast í hendi. Það er að veðrið verði ekki jafn slæmt og þegar mótið var haldið í fyrra en þá var hundi vart út sigandi.

bjorn@frettabladid.is

# Vika í lífi blaðs

Í DAG
SIÐBÓTARBARÁTTA MORGUNBLAÐSINS



ÞORVALDUR GYLFASON

*Þrem dögum síðar birtist nýtt Reykjavíkurbréf, þar sem hert er á friðarboðskapnum: „sláum striki yfir það, sem liðið er," segir Mogginn núna. Þetta var einnig sagt við Níkita Krústsjov 1956.*

Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins 25. júní 2006 virðist hafa vakið minni athygli en vert væri. Bréfið fjallar um „vont andrúmsloft heiftar og haturs á vettvangi stjórnmálanna og í viðskiptalífinu." Þar segir orðrétt: „nú orðið eru svo gífurlegir hagsmunir í húfi, þar á meðal fjárhagslegir, að engu er líkara en menn svífist einskis til þess að tryggja ákveðna hagsmuni. Stjórnmál og viðskiptalíf blandast saman með ýmsum hætti í þessu vonda andrúmslofti og það er hættuleg blanda. Ekki má á milli sjá á hvorum vígstöðvunum ástandið er verra. Vopnin sem notuð eru í þessari baráttu eru illt umtal. ... Hér eru menn ekki drepnir í bókstaflegri merkingu eins og tíðkazt hefur í Rússlandi. ... Hér ... sjást merki um tilhneigingu til sömu vinnubragða og aðferða. Og það athyglisverða er að meðan unnið er að því með markvissum hætti að skapa „andrúmsloft dauðans" í kringum einhvern einstakling sitja aðrir hjá ... við búum að sumu leyti í verra samfélagi en við höfum nokkru sinni gert í okkar samtíma ... nú þegar eru þau vinnubrögð stunduð í okkar samfélagi, að menn leita hefnda ef þeir telja að um of hafi verið að sér vegið. ... Svona vinna mafíusamfélög ... Hatursfullar hefndaraðgerðir hitta þá að lokum fyrir, sem fyrir þeim standa." Tilvitnun lýkur.

Tveim dögum síðar birti Morgunblaðið forustugrein og sakaði þar látinn mann um lygar. Tveim dögum eftir það birtist ný forustugrein: „Upprifjun á gömlum deilum getur tæpast orðið til góðs. Líklegra er til árangurs að strika yfir það sem liðið er og byrja upp á nýtt. ... Í sögu Morgunblaðsins fyrr og nú eru nokkur sláandi dæmi um það að harkalegar deilur á milli blaðsins og tiltekinna einstaklinga hafa snúizt upp í sterka og stundum mjög djúpa vináttu á milli forráðamanna blaðsins og þeirra, sem deilt var við." Þrem dögum síðar birtist nýtt Reykjavíkurbréf, þar sem hert er á friðarboðskapnum: „sláum striki yfir það, sem liðið er," segir Mogginn núna. Þetta var einnig sagt við Níkita Krústsjov 1956.

Stöldrum við. Lýsing Morgunblaðsins á „andrúmslofti dauðans" hljómar eins og lýsing á skipulegum lögbrotum. Svo virðist sem höfundur Reykjavíkurbréfs geri sér ekki fulla grein fyrir eða hafi ekki áhyggjur af lagahlið málsins. Nú þegar hefur fallið dómur í máli, þar sem íslenzkur maður var dæmdur til fjallhárrar fjársektar fyrir að skaða viðskiptahagsmuni annars manns erlendis með ítrekuðum rógi og illmælgi af því tagi, sem Morgunblaðið hefur nú skorið upp herör gegn. Hvað gerðist? Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins keypti húsið af hinum dæmda til að skjóta því undan hamrinum og lýsti með því móti ábyrgð eða að minnsta kosti velþóknun á verknaðinum. Þetta er upprifjunarvert meðal annars vegna þess, að framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og ritstjóri Morgunblaðsins eru í hópi þeirra, sem kaupmennirnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafa sakað opinberlega um samantekin ráð og róg gegn sér og fyrirtæki sínu, Baugi. Þeir og aðrir, sem hafa orðið fyrir barðinu á þeim skipulega rógi, sem Morgunblaðið lýsir úr návígi, geta með líku lagi höfðað mál gegn meintum rógberum og væntanlega einnig fengið þá dæmda til þungra refsinga. Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins gæti þurft að huga að frekari húsakaupum.

Rógberarnir, sem Morgunblaðið hefur nú berrassað, virðast ekki hafa áttað sig til fulls á heimsvæðingu laga og réttar undangengin ár. Heimurinn hefur breytzt. Lög ná nú orðið yfir landamæri. Íslenzk meiðyrðalöggjöf er að vísu bitlaus, en rógberum er lítið hald í því lengur, þar eð erlend löggjöf bítur og nær nú hingað heim. Fórnarlömbum rógs dugir að geta fært á það sönnur í erlendum réttarsal, að viðskiptahagsmunir þeirra hafi skaðazt af illmælgi hér heima. Vonir Morgunblaðsins og margra annarra hljóta að standa til þess, að þeir, sem hafa „unnið að því með markvissum hætti að skapa „andrúmsloft dauðans" í kringum" annað fólk, verði dregnir fyrir rétt og látnir svara til saka.

Við þetta er því að bæta, að Kristinn Björnsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs og nú varaformaður stjórnar Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, hefur nýlega gengið til samstarfs við Jón Ásgeir Jóhannesson í FL Group. Þess er kannski ekki langt að bíða, að þeir Kristinn og Jón Ásgeir freisti þess að leiða þá einnig saman hesta sína í Árvakri.


Stökktu til
Mallorka
13. eða 20. júlí
frá kr. 29.990

Verð kr. 29.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Aukavika kr. 10.000.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Aukavika kr. 10.000.

Ferðir til og frá flugvelli kr. 2.400 pr. mann - Ekki innifalið.

Allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Mallorka í júlí. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**



**Svart** og hvítt verður áfram áberandi í hausttískunni ef eitthvað er að marka fréttirnar úr tískuheiminum. Haust- og vetrarlína Chanel einkennist af svörtum og hvítum litum og það sama má segja um hönnun Johathans Saunders og Temperley fyrir haustið.

**Sumarvörurnar** eru víða á afslætti eða útsölu þessa dagana. Það er um að gera að skoða úrvalið og kaupa fallega og litríka hluti fyrir heimilið.

**Blóðbankinn** við Barónsstíg mun flytja á Snorrabraut 60 í haust. Starfsemi Blóðbankans hefur lengi búið við mikil þrengsli en nú verða breytingar þar á. Landspítali - háskólasjúkrahús tekur allt húsið á leigu og verður Blóðbankinn á tveimur neðri hæðunum. Engin starfsemi er nú í húsinu en Skátabúðin var þar áður.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 6. júlí, 187. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.15 | 13.32 | 23.48 |
| Akureyri | 2.17 | 13.17 | 24.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hrafnhildur Guðrúnardóttir fatahönnuður heldur mikið upp á Mikkamús buxurnar sínar. Hér stendur hún fyrir framan Vinnustofuna að Garðastræti 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ómetanlegar Disneybuxur

***Hrafnhildur Guðrúnardóttir heldur mikið upp á forláta buxur frá Disney. Hún, ásamt fleiri hönnuðum, opnaði Vinnustofuna á dögunum.***

„Ætli það séu ekki Mikkamús-tigerbuxurnar sem ég keypti í Hjálpræðishernum," segir Hrafnhildur Guðrúnardóttir fatahönnuður þegar hún er spurð um eftirlætisflík sína. „Þetta er mjög falleg og góð hönnun frá Disney og ómetanlegt að hafa rekist á þær og að þær skuli akkúrat hafa passað," segir Hrafnhildur sem klæðist þessum forláta buxum við sérstök tilefni.

Þann 17. júní var Vinnustofan að Garðastræti 2 opnuð fyrir almenningi og er Hrafnhildur einn fimm hönnuða sem stóðu fyrir því. „Við verðum með opið hér alla föstudaga í sumar frá klukkan 15 til 20." Þar gefst fólki færi á að fylgjast með hönnuðunum að verki og fjárfesta í einhverju fögru. „Okkur langaði til að vekja athygli á okkur sjálfum sem og þessari starfsgrein. Margir koma hingað bara af forvitni, sem er frábært."

Mannaskipti verða þó á Vinnustofunni í haust og mun Hrafnhildur leggja land undir fót. „Ég ætla til Sankti Pétursborgar í Rússlandi en ég fór þangað síðasta sumar og varð alveg heilluð. Ég mun byrja á því að læra rússnesku en hef síðan hugsað mér að leita að einhverju spennandi námi og verða fyrir innblæstri og áhrifum. Sankti Pétursborg býr yfir rótgróinni búninga- og menningarsögu og mig langar að komast í tæri við gamalt handverk og áferðir," segir Hrafnhildur að lokum.

mariathora@frettabladid.is





**MS drykkjarvörur í ferðalagið**

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.

**Barnahúsgögn sem stækka**

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára



6 ára



9 ára



12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Nógu stórt og áberandi** Hárskraut er til þess að lífga upp á hárið og þarf ekki að gegna neinu öðru hlutverki.



**Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1**
**Nú Nýtt**

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.
For Girls Only Aðeins fyrir stelpur
Traveling set ferða sett



Útsala á sumartöskum
15 - 50% afsláttur
Seðlaveski - Belti - Skór
15% afsláttur í júlí
Gríptu tækifærið!
Drangey
Smáralind



Brúðkaupskjólar
Ótrúlegt úrval af kjólum í brúðkaupsveisluna.
Verð frá 3990
FLASH
Laugavegi 54, sími 552 5201






Hildur Inga hefur látið gamlan draum rætast og opnað verslun með eigin hönnun.FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fatnaður í gyðjustíl í Xirena

***Hildur Inga Björnsdóttir tískuhönnuður opnar í dag nýja verslun á Skólavörðustíg 4 A sem heitir Xirena Consept Store. Þar selur hún skreytifatnað sem hún hannar sjálf, ásamt ítölskum hönnunar- og dansfatnaði.***

Hildur Inga hefur undanfarið unnið á Nýju lífi sem blaðamaður, stílisti og grafískur hönnuður. Nú hefur hún söðlað um og hafið verslunarrekstur undir eigin merki, Xirena. „Ég ákvað að láta slag standa og láta gamlan draum rætast,“ segir hún brosandi og hagræðir fatnaði á útstillingargínu. Hildur Inga lærði tískuhönnun í Mílanó og lætur framleiða fatnaðinn fyrir sig á Ítalíu. Þar kaupir hún líka efni sem hafa hágæðastimpil og ekki spillir íslenska ullin sem hún skreytir með. Ullin er þæfð inn í og sést vel af því hún notar gegnsæ efni með henni. Þannig myndar hún mynstur. „Ég kalla þetta skreytifatnað því hann er ætlaður til að nota undir eða yfir annan fatnað. Merkið Xirena þýðir hafmey enda er fatnaðurinn í anda gyðju,“ segir Hildur Inga. „Svo flyt ég inn línu frá Ítalíu sem raðast vel með minni en notast líka sem hversdagsklæðnaður. Hún heitir Dimensione Danza. Það sem þessar tvær línur eiga sameiginlegt er áhersla á vellíðan. Ég nota til dæmis bara jersey efni sem gefa eftir og það eru engir rennilásar og engar tölur,“ bendir hún á.

Hildur Inga er uppalin í Seljahverfinu í Reykjavík. Hún segir áhuga á fallegum fötum snemma hafa gert vart við sig. „Ég vildi alltaf vera fín og punta mig þegar ég var lítil,“ segir hún hlæjandi og rifjar upp að hún og systir hennar hafi oft fengið falleg föt frá Ameríku. Nú er það hins vegar ítalskt og íslenskt sem gildir. „Ég er undir áhrifum frá vindinum og hafinu í minni hönnun. Vil endurspegla ákveðinn léttleika og búa til stemningu sem líkir eftir náttúrunni.“

**- gg**



Xirena Concept Store er á Skólavörðustíg 4A.



Skreytifatnaðurinn hennar Hildar Ingu er ýmist notaður undir eða yfir annan fatnað.



Íslenska ullin er notuð í bland við hágæða ítölsk efni.

Hildur Inga kveðst leggja áherslu á að konum líði vel í fötunum hennar.



# Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Allir karlar á hælum 2007

Þá er herratískusýningunum fyrir næsta sumar lokið í París, allt samkvæmt hefðbundnu tískudagatali, á eftir tískuviku í Mílanó. Á sama tíma er tíska þessa sumars verðlaus, seld með 30-70 prósenta afslætti. Ekki er hægt að tala um byltingakenndar hugmyndir og virðist næsta sumar ætla að verða töluvert fátækara í litum en í ár. Orð Coco Chanel, „góður hönnuður er sá sem hneykslar hæfilega“, eiga held ég ekki við um herratískuna að þessu sinni því tæplega er hægt að segja að tískan hneyksli um þessar mundir. Þó að Jean-Paul Gaultier haldi áfram að hanna á mörkum hins kvenlega og karllega í herratískunni kemur það ekki á óvart. Andinn á sýningunni hans minnir á hjólreiðamenn sjöunda áratugarins og gallabuxurnar eru allar með uppábroti næstum upp að hnjám, gegnsæjar skyrtur og með þessu öllu espadrillur með fylltum hæl líkt og allar konur hafa keypt í sumar. Nú eiga espadrillurnar að vera fyrir bæði kynin. Ekki veit ég hvort það er vegna þess að Gaultier stjórnar kvenhönnuninni hjá Hermès. Véronique Nichanian sem hannar herralínu er sömuleiðis með espadrillur fyrir herrana næsta sumar, hennar eru þó ekki með fylltum hæl heldur bara sléttar! Litirnir eru gráir og ljósir.

Marc Jacobs er einn af þessum ofvirku eins og Gaultier. Hann á sitt eigið tískuhús og þess á milli hannar hann bæði kven- og karllínu Louis Vuitton. Auðvitað eru þessir hönnuðir langt frá því að vera einir. (Hvernig ætti Gaultier að geta hannað sex kvenlínur og tvær herralínur á ári?) Oftast leggja þeir aðeins línurnar fyrir her aðstoðarmanna sem í raun vinna aðalvinnuna og svo leggja hönnuðirnir blessun sína yfir allt saman í lokin. Þetta er kannski ástæða þess að allt er við það sama hjá Vuitton fyrir sumarið 2007. Svo eru þeir sem geta ekki teiknað eina einustu skissu og hafa aldrei gert eins og Miuccia Prada og Tom Ford.

Hjá Lanvin heldur Lucas Ossendrijver áfram að nútímavæða herralínu þessa eins elsta tískuhúss Parísar.

Þó að París sé borg tískunnar þá verður líklega að leita til Mílanó eftir frumleika og litagleði í herratískunni eins og síðustu misseri hvort sem frumleikinn heillar eður ei.

Á sama tíma birtist neyslukönnun hér í landi sem sýnir að fatakaup eru ekki lengur í forgangsröð hjá Frökkum. Húsnæðisverð, endurgreiðslubyrði lána og bensínverð er það sem skiptir mestu máli og ef eyða á í annað er það frekar í menningu eða hátæknivörur (dvd-tæki, stafrænar myndavélar og fleira) en fatakaup. Reyndar spilar heimsmeistarakeppnin í fótbolta inn í og hefur margfaldað sölu á sjónvörpum. Kannski tískuheimurinn sé dálítið illa tengdur við almenning.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr




ÚTSALAN

hefst í dag kl.10

40%

afsláttur

opið til kl. 21

Malene Birger - Marithé Francois Girbaud - Bruuns Bazaar
Andy Warhol by Cultura - Vent Couvert - Tentazione
French Connection - Great Plains - Imperial - Now
Mavi Jeans - Arrogant Cat - Pink Soda

Kultur

Kringlunni s. 512 1765



















Dockers 186310
Verð 11.995 kr.


Gabor 18.195.
Verð 13.995 kr.


Gola 165
Verð 5.195 kr.


Camel 9.411 Svart / Hvítt
Verð 14.995 kr.


Camel 9.580
Verð 13.495


Dockers 170100 Brúnt / Svart
Verð 13.500 kr.

xena
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

## Sumardagur í glasi




SUMARILMURINN SUMMER DAY FRÁ OFURFYRIRSÆTUNNI CINDY CRAWFORD ER NÝKOMINN Á MARKAÐ.

Ilmurinn er afar frísklegur og ber meðal annars keim af vatnsmelónu, kívíi, papaja, lilju, suðrænni orkídeu og sedrusviði.

Í Summer Day-línunni er hægt að fá, auk ilmsins, húðmjólk, sturtugel og lyktareyðandi úða með ilmi.

Glasið er sumarlegt eins og ilmurinn.

Comb & Care Flókasprey




Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt

Dr Fischer

HUGO BOSS • BLACKY DRESS
JEAN PAUL • PBO • KAPALUA
OUI • DAMO • BRAX



STÍLL

Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is

# Í hverju á ég að vera...

***Stundum veit maður ekkert í hverju maður á að vera. En það skiptir engu máli í sumar – það er nánast allt sem gengur.***

Fylltur hæll eða ekki? Stutt eða sítt? Stórt eða smátt? Ef þú hefur enga hugmynd um í hverju þú átt að vera það sem eftir lifir sumars þá geturðu hætt að stressa þig á því. Það gengur nefnilega eiginlega allt og um að gera að skipta um stíl eins oft og hægt er – það er nú einu sinni sumar. - lkg



Næstum því nakin. Húðlitur kemur sterkur inn, hvort sem það er kjóll, buxur eða skyrta. J. MENDEL. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Alltof stórar töskur. Ef þú fílar ekki þær litlu... ZAC POSEN.



Sýndu mittið. Sýndu línurnar með breiðu belti í flottum litum. DONNA KARAN.



Sýndu hné. Stuttbuxurnar eru að gera allt vitlaust en ef þú kannt ekki við þær er alveg eins hægt að klæða sig í stutt pils og léttan jakka eða vesti við. ZAC POSEN.



Dúkkukjóll. Léttur dúkkukjóll sem tekinn er saman undir brjóstunum er afar sumarlegur. PUCCI.



Lítil taska. Símarnir verða sífellt minni eins og töskurnar og stundum þarf bara ekki meira en pínulitla tösku við dressið. DOLCE & GABBANA.



Þröngar buxur. Í sumar er málið að fá sér buxur sem smellpassa. NARCISO RODRIGUEZ.



Fylltur hæll. Mun þægilegri en pinnahælarnir og gengur við eiginlega allt. DONNA KARAN.



Þykkir hælar. Það er ekki töff að vera á pinnahælum. Ef fylltu hælarnir eru ekki fyrir þig þá verðurðu að fá þér skó með þykkum og massívum hælum. OSCAR DE LA RENTA.



Þórdís Claessen og Gunnlaugur Grétarsson eru eigendur Ósóma og sjá saman um alla hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ósómakindin eignaðist lamb

***Verslunin Ósóma hefur verið starfrækt á Laugaveginum í rúmlega tvö ár. Eigendur verslunarinnar eru Þórdís Claessen og Gunnlaugur Grétarsson.***

Verslunin Ósóma er án efa þekktust fyrir ósómakindina sem hefur birst í ýmsum myndum á bolunum sem seldir eru í versluninni. „Við erum búin að vera með kindabolina síðan við opnuðum og höfum verið að útfæra hugmyndina,“ segir Þórdís og bætir því við að kindin hafi eiginlega slysast inn hjá þeim. „Við gerðum fyrst einn bol með biðskyldumerki og kindinni inni í því. Svo tranaði hún sér einhvern veginn alltaf meira og meira fram og endaði sem nokkurs konar kennimerki okkar. Kindin er samt aldrei eins og hefur tekið á sig alls konar form og myndir.“

Í Ósóma fást nú einnig ungbarnasamfellur með lítilli kind á svo það má segja að ósómakindin hafi eignast lamb. „New kind er hugmynd sem var skotið að okkur frá viðskiptavini, en það hefur komið fyrir að okkar fasti viðskiptavinahópur komi með hugmyndir sem við vinnum út frá. Við höfum ekki verið með smábarnaföt áður, svo þetta er nýjung hjá okkur. Samfellurnar höfða greinilega til fólks því þær renna út og margir hafa spurt um þær þó að þær hafi aðeins verið uppi í nokkra daga.“

Þórdís segir að það geti vel gerst að þau komi með fleiri barnaflíkur. „Ég myndi frekar reikna með því heldur en hitt, það er allt opið. Við erum alltaf opin fyrir nýjum hugmyndum og erum alltaf að gera eitthvað nýtt.“

*emilia@frettabladid.is*



Be Kind er ein af fyrstu útfærslunum á ósómakindinni.



Ósómakindin sómir sér vel á pólóbol.



Rokk n´ Rolla hefur alveg slegið í gegn.




It´s Hard to Be Kind.



New Kind er nýjasta útfærslan á ósómakindinni.

## Orka fyrir líkamann

LÍKAMSLÍNAN EAU D´ÉNERGIE FRÁ BIOTHERM ER HRESSANDI OG ORKUGEFANDI LÍNA FYRIR LÍKAMANN.

Í línunni er líkamsúði, sturtukrem og líkamskrem. Úðinn er hressandi og inniheldur E-vítamín sem endurnærir húðina. Sturtukremið veitir silkimjúka áferð með ilmi frá appelsínum og sítrónum og inniheldur E- og F-vítamín sem mýkja og næra. Líkamskremið hefur orkugefandi ilm frá sólarávöxtum og er ríkt af E- og F-vítamíni.



Sturtukremið er silkimjúkt.















100% náttúrulegt

- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

**Einnig sjampó, hárnæring o.fl.**

*Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana*

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570




Cores

**Opnunartími:**
virka daga 10-18
og laugardaga 10-16

NÝBÝLAVEGUR 12,
KÓPAVOGUR
SÍMI 554 4433

# ALCO-GEL
## Sótthreinsandi handgel.
### Engin þörf fyrir sápu og vatn.




Fæst í apótekum
um land allt.

Dr. Fischer

*Útsalan er hafin*

**40% afsláttur**

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201




Tennisstrákarnir hjá Issey Miyake tóku sig vel út í grænu og hvítu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Litríkt og létt íþróttaþema

***Franskir hönnuðir kepptust um síðustu helgi við að heilla áhorfendur með vor- og sumartískunni árið 2007 fyrir karlmenn, en tískuvikunni lauk á þriðjudaginn.***

Í síðustu viku var það Míланó en í þessari viku var París miðpunktur tískuflórunnar þar sem hönnuðir á borð við John Galliano, Jean Paul Gaultier, Raf Simons, Yohji Yamamoto og Louis Vuitton sýna vor- og sumartískuna fyrir karlmenn fyrir næsta ár.

Í Mílanó voru ekki margir sem þorðu að nota liti af einhverju ráði en á tískuvikunni í París, sem lauk á þriðjudaginn, sýndi hver hönnuður á fætur öðrum að næsta ár verður vægast sagt litríkt.

Það má líka segja að íþróttaþema einkenni karlmannstískuna næsta vor og sumar: léttir jakkar, kvartbuxur, pólóbolir og sixpensarar.

John Galliano poppaði upp tískuna eins og hans er von og vísa en hjá Issey Miyake var tennisþemað allsráðandi þar sem aðallitirnir voru grænn og hvítur. Galliano kynnti föt í anda sjöunda áratugarins, þó með nútímaívafi, og notaði stutta jakka og þykkbotna skó í línu sinni sem var greinilega undir suður-amerískum áhrifum. Marc Jacobs hélt sig á mottunni í línu sinni fyrir Louis Vuitton og kynnti afslappaða og klassíska línu í ljósum og bláum litum með léttu Havaíblómamynstri í bland.

Stórar töskur spila stórt hlutverk í tískunni og virðist sem svo að hönnuðir hafi gert mikið úr því að láta karlmönnum líða vel í eigin skinni með léttum efnum og víðum sniðum.

lilja@frettabladid.is



John Galliano bregst ekki aðdáendum sínum og kemur sífellt á óvart.



Stórar töskur og litríkt blómamynstur einkenndu línu Marc Jacobs fyrir Louis Vuitton.



Hvítt og rautt hjá Sonya Rykiel.

# Fjölskyldan stækkar

***Heidi Klum og Seal eiga von á sínu öðru barni. Fyrir eiga þau níu mánaða gamlan son.***

Heidi Klum er komin sex vikur á leið með þriðja barn sitt. Þýska ofurfyrirsætan, sem er 33 ára, á fyrir níu mánaða gamlan son ásamt eiginmanni sínum, Seal, og tveggja ára dóttur frá fyrra sambandi.

„Það er mér mikil ánægja að tilkynna að Heidi, ég, Leni og Henry eigum von á viðbót við stöðugt stækkandi fjölskyldu okkar,“ tilkynnti hinn 43 ára gamli Seal á dögunum. „Koma nýs barns veitir manni mikla hamingju og ef við verðum heppin munum við eignast fleiri,“ sagði Seal þegar fyrsta barn hans fæddist í fyrra. Seal og Klum byrjuðu saman í febrúar árið 2004 en þá var Klum kasólétt af dóttur sinni sem Seal gekk strax í föðurstað.



Heidi Klum á níu mánaða gamalt barn og er komin sex vikur á leið með það næsta. NORDIXPHOTOS/GETTYIMAGES

# Blómríkur ilmur

KVENILMURINN GUCCI ENVY ME 2 ER BLÓMRÍKUR ILMUR SEM NÝKOMINN ER Á MARKAÐ, EN AÐEINS Í TAKMÖRKUÐU UPPLAGI.

Ilmurinn er samsetning af magnolíulaufum, fjólublöðum og appelsínuolíu. Í kjarnanum er rós og munablóm og blanda af patchouli- og sandelviðartónum dýpkar ilminn. Rúsínan í pylsuendanum er síðan vanillukeimur. Glasið utan um ilmvatnið er fölgrænt en það er einmitt tískulitur vorlínunnar 2006 frá Gucci.



Glasið er hátt með Gucci-mynstrið áprentað.



Sýning á haustlínu Taverniti So Jeans. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Tískan þrengist niður

***Buxur verða stöðugt þrengri og topparnir fremur víðir og síðir.***

Lengi hefur verið vinsælt að para saman víðar buxur og þrönga toppa. Nú verða buxurnar, og þá sér í lagi gallabuxurnar, hins vegar stöðugt þrengri og eru þær oftar en ekki paraðar saman við víða og síða toppa. Segja má að útlínur kvenfata séu þannig að breytast allverulega og má líkja breytingunum við þríhyrning sem snýst á hvolf, það er kvenfötin í dag eru víð að ofan en þrengjast niður. Enn fremur sýna tískufötin í dag minna af holdi og eru íburðarminni og hafa smáatriði svo sem plíseringar tekið við af pallíettum og útsaumi.

ENGLAKROPPAR

*Ertu orðin leið á að vera með appelsínuhúð, slit og slappa húð?*

*Komdu þá til okkar, það virkar!*

*Pantaðu fríán prufutíma í síma 587-3750*

*Englakroppar.is*
*Stórhöfði 17*



ÚTSALAN ER HAFIN !
Komið og gerið góð kaup

cakewalk

Verslunin er staðsett við Strandgötu 29
í Hafnarfirði

Opnunartími:
Þriðjudaga-föstudaga 16-18
Laugardaga 12-14

útsalan
er hafin
30-40% afsláttur



eva
laugavegi 89
s. 512 1715



**Veðrið** gefur góða afsökun fyrir því að kúra undir teppi í sófanum.


Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is




Stigar & Handrið
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Grillveisla!

Verð frá 798 kr. á mann



Esja kjötvinnsla býður einstaklingum, starfsmannafélögum og fyrirtækjum upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.

**Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.**

Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

ESJA Kjötvinnsla

Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640. Fax 567 6614.
www.esja.is



Karólína Lárusdóttir

Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardag kl. 11-14

Sjáumst í Gallerí Fold

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Nýja húsið og trén í garðinum

Mikið skrið hefur verið á nýbyggingu íbúðarhúsnæðis að undanförnu. Og með nýbyggingunum bætast við lóðir sem þarf að standsetja og koma í skikkanlegt form þannig að úr því verði garður sem rammar vel inn húsið og hentar þeim sem í því búa. En væntingarnar til garðsins eða kröfurnar sem til hans eru gerðar eru ekki allar eins. Misjafn er smekkur manna. En í grundvallaratriðum er hugmynd flestra sú, að í garðinum séu rúmgóð svæði fyrir huggulega samveru fjölskyldu og vina á sólríkum sumarkvöldum. Gjarna kringum grillið, eða jafnvel í heita pottinum. Þarna koma pallar, stéttir og skjólveggir mikið við sögu. En um slík mannvirki verður ekki fjallað í þessum pistli, heldur vikið að trjágróðrinum.

**Byggingareglugerðin 1998**

Samkvæmt nýrri byggingareglugerð sem gefin var út árið 1998 og gildir fyrir allt landið er ekki lengur leyfilegt að gera hvað sem er að einkalóðum þegar kemur að vali og staðsetningu á trjágróðri. Þar er nefnilega klásúla um að trjágróður á lóðamörkum megi ekki fara yfir 180 sm hæð nema með samkomulagi beggja lóðarhafa. En það er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig og fyrirbyggja að ágreiningsmál geti komið upp, hvað þennan trjágróður varðar, með því að velja tegundir sem auðvelt er að halda undir þessum hæðarmörkum. T.d. með því að forðast að nota þar tegundir sem almennt eru skilgreindar sem tré í gróðrarstöðvunum. Vissar trjátegundir er þó óhætt að nota ef ætlunin er að halda þeim lágvöxnum og þéttum með reglulegri stýfingu og klippingu á limgerði. Að sjálfsögðu er það ákjósanlegast að nágrannar sameinist um gróðurval á lóðamörkum í sameiningu og bróðerni. Það skapar frið og því fylgir yfirleitt mun betri árangur heldur en þegar hver fyrir sig er að potast með sitt í þrengra rými. En það er ekki bara á lóðamörkunum sem við viljum hafa trjágróður. Óskir flestra eru að hafa að minnsta kosti tvö til þrjú myndarleg tré í garðinum. Í görðum sem gerðir eru á hinum naumt skömmtuðu lóðum nútímans er varla rými fyrir fleiri. Og þá ríður á að velja ekki tré sem kröfuhörð eru á rými og vaxa fyrr en varir út úr öllum settum römmum.

**Aðalreglan – þrír metrar frá lóðamörkum**

Í nýju byggingareglugerðinni er önnur klásúla um staðsetningu stakstæðra trjáa í húsagörðum. Þar segir að hávöxnum trjám skuli alls staðar velja stað sem er a.m.k. þrem metrum innan við lóðamörk. Þó mun ekki verða hart tekið á því þar sem lóðir liggja að óbyggðum svæðum, stígum eða vegum. En í öllum tilvikum verður að gæta að því að trén trufli ekki umferð fólks, ökutækja eða vinnuvéla þegar til þeirra þarf að taka. Einnig eru í reglugerðinni ákvæði um að garðeigendum („lóðarhöfum" – eins og það er fræðilega orðað!) sé skylt að sjá til þess að trjágróður fari hvergi út fyrir lóðamörk né sé til ama fyrir nágrannana. Byggingareglugerðin er ekki afturvirk, en dómar hafa fallið um það að garðeigendum sé skylt að fella vel vaxin og stálpuð tré á lóðamörkum, hafi þau truflað íbúa aðliggjandi lóða. Í nokkrum bæjarfélögum eru þó í gildi ákvæði um trjávernd, sem ætlað er að vernda ákveðin tré eða trjátegundir sem hafa gildi fyrir umhverfi sitt eða bæjarmyndina. Þess vegna er sjálfsagt að leita álits garðyrkjustjóra og/eða bygginganefndar áður en ráðist er í að fella gömul eða hávaxin tré. Oftast er slík þjónusta auðsótt og venjulega jákvæð. En samt eru til tré, eins og t.d. gömlu hlynirnir og álmarnir í miðborg Reykjavíkur eða sitkagrenið við Gunnarsbraut sem væri viðlíka menningarglæpur að fella og að kveikt væri í Flateyjarbók.



Falleg birkitré

**Nettar trjátegundir**

Í görðum nútímans er flatarmálið takmakað og því lítið svigrúm fyrir stórar trjákrónur. Trjákrónur varpa skugga. Þess vegna verður að velja lauftré með fremur opnar og grannvaxnar krónur. Falleg birkitré standast allar kröfur. Sama er að segja um gráelri. Flestar reynitegundir henta líka vel, þar eru íslenski ilmreynirinn og gráreynir einna fremstir í flokki. Víðju, alaskavíði og gljávíði má móta í lítil tré – en formi þeirra verður að stýra með klippingu. Af barrtrjám er heppilegast að velja grannvaxnar tegundir eins og stafafuru, blágreni eða svartgreni. Hvítgreni kemur líka til greina en ekki sitkagreni, það er of stórgert og breiðvaxið. Samt er svo sem ekkert sem segir að það gangi ekki, en þegar trén fara að verða of aðgangshörð er ekkert annað að gera en að fella þau og endurnýja með yngri plöntum. Margar aðrar trjátegundir mætti nefna, en best er að spyrjast fyrir og leita ráða í gróðrarstöðvunum. Þar er staðkunnáttan og þekkingin á því hvað þrífst á hverju svæði. Og plöntugarðyrkjumenn eru hvorki stirðmæltir né ósannsöglir þegar kemur að því að útvega þessum fósturbörnum sínum nýtt heimili. Þeim þykir of vænt um þau til þess.

# Bjartir gluggar

***Tími þykkra gluggatjalda er liðinn. Nú vilja flestir leyfa birtunni að koma inn um gluggana og eru sandblástursfilmur tilvalin lausn til að fá birtuna inn en halda forvitnum augum úti.***

Sandblástursfilma er tilvalin í forstofuna, baðherbergið, sturtuklefann eða í stóra glugga sem veita mikla birtu en eru til dæmis á jarðhæð þar sem allir geta kíkt inn í íbúðina. Það er einnig hægt að setja filmuna fyrir neðri hluta gluggans þannig að hún skýli fyrir útsýni en leyfi samt fallegum glugga að njóta sín.

Það er hægt að láta skera í filmuna, svo sem götunafn, húsnúmer eða nöfn. Einnig er hægt að leyfa skjöpunargáfunni að njóta sín og láta skera út munstur, ljóðrænar setningar eða annað sem manni dettur í hug. Þannig er glugginn orðinn persónulegri og bjartari en þó hægt að vera á nærbuxunum heima hjá sér áhyggjulaus. - ebg



Falleg birta gerir mikið fyrir heimilið.

húsráð }

## Jurt í barnaherbergið

BÖRN VILJA GJARNAN BERA ÁBYRGÐ Á EINHVERJU.

Kauptu pottajurt í barnaherbergið og kenndu barninu að annast hana. Gættu þess hins vegar að kaupa harðgera jurt sem þolir vanrækslu öðru hverju. Þegar vorar er hægt að láta börnin sá einhverjum fræjum innan húss til að fylgjast með þeim vaxa. Eigið matjurtabeð getur einnig vakið löngun barna til að borða grænmeti án þess að gretta sig.



# Tökum náttúruna inn

***Það þarf ekki að vera dýrt eða flókið að gera heimilið fallegt og notalegt. Hægt er að finna fallegar skreytingar í næsta nágrenni.***

Jafnvel þótt blóm í potti, kertastjakar og listaverk uppi á vegg séu fallegir skrautmunir til þess að gera íbúðina heimilislegri þá eru ýmsir aðrir möguleikar í boði. Villt náttúra hefur upp á ótrúlega marga möguleika að bjóða og er bæði falleg og ókeypis.

Það er ekki erfitt að finna steina á Íslandi. Steinarnir þurfa heldur ekki að vera alveg einstakir eða sérstakir á litinn. Gráir venjulegir steinar koma vel út í hvítri eða litríkri skál, eða sem skraut í gluggakistuna. Íslensk sumarblóm, eins og sóleyjar, lúpínur og gleym-mér-ei, koma vel út í litlum vösum. Litirnir lífga upp á heimilið og villti stíllinn gefur skemmtilegan blæ. Einnig er flott að setja trjágreinar eða þurrkuð strá í háa vasa og flöskur, eða setja strábúnt ofan á hillu.

Það er stór kostur við náttúruna að úrvalið er mikið og ekki mikil hætta á því að allir aðrir hafi nákvæmlega eins og þú í stofunni hjá sér. Það er einfaldlega ekki hægt að finna tvær nákvæmlega eins trjágreinar og það er lítið mál að skipta um skraut reglulega þar sem ekki er verið að eyða peningunum í rándýran varning.


Ein trjágrein getur lífgað verulega upp á svefnherbergið.




# Lífgaðu upp á stofuna

***Það þarf ekki að vera flókið að breyta ásýnd stofunnar.***

Sumir er fljótir að verða leiðir á umhverfi sínu og þurfa stöðugt að breyta til. Breytingar eru sannarlega af hinu góða en það getur verið bæði dýrt og tímafrekt að umturna heimilinu. Hins vegar má auðveldlega breyta heildarsvip heimilisins, til dæmis stofunnar, með því að skipta út nokkrum hlutum.


Nýir púðar í stofusófann breyta heilmiklu.


Gluggatjöldin hafa mikið að segja og nýr litur eða nýtt útlit getur gjörbreytt öllu herberginu.


Nýr lampi gerir gæfumuninn. Það hefur líka heilmikið að segja að skipta um skerm á þeim lömpum sem fyrir eru.


Fáðu þér nýjar myndir á veggina eða breyttu uppröðun þeirra mynda sem fyrir eru.


Ýmsir smáhlutir eins og blóm eða kerti eru einföld leið til þess að lífga upp á stofuna.


Breyttu uppröðun húsgagnanna, prófaðu þig áfram með nýjar staðsetningar og finndu út hvað passar best.



**Varist sumarkvefið** Takið sólhatt til að vera ekki veik í sumarfríinu.


Sumir gætu mögulega séð eftir því að hafa fengið sér húðflúr og vilja fjarlægja það.

# Næst aldrei allt af

***Vafalaust lenda margir í því að fá sér húðflúr sem tilheyra tískubylgjum en skipta svo um skoðun á ágæti húðflúrsins eftir nokkur ár. Til eru ýmsar aðferðir til þess að fjarlægja húðflúr en þær eru bæði kostnaðarsamar og tímafrekar.***

Ýmsar bandarískar vefsíður bjóða til sölu ýmiskonar húðkrem og smyrsl sem fólk á að bera á húðflúrin jafnt og þétt á nokkurra mánaða tímabilil. Eftir um það bil þrjá til sex mánuði mun húðflúrið vera að mestu leyti horfið, án þess að viðkomandi þurfi að ganga í gegnum sársaukafullar og kostnaðarsamar aðgerðir. Árangurinn virðist samkvæmt framleiðandanum vera stórkostlegur.

Þórir Njálsson læknir segist ekki hafa mikla trú á slíkum aðferðum. „Ef einhver krem væru til sem gerðu almennilegt gagn værum við vafalaust farin að nota þau hér á Íslandi.“ Þegar húðflúr er sett á líkamann er litarefnum sprautað djúpt inn í húðina um lítil göt sem gerð eru á húðþekjuna. Litaragnirnar eru það stórar að átfrumur líkamans ná ekki að fjarlægja þær. Í dag er geislameðferð algengasta og jafnframt árangursríkasta aðferðin í baráttunni við húðflúrin. „Það er hægt að skera húðflúr af í heilu lagi ef þau eru nægilega lítil en það fer líka eftir staðsetningu. Besta aðferðin er samt að nota leysigeisla,“ segir hann en bendir þó á að í fæstum tilfellum sé hægt að fjarlægja flúrið alveg. „Þegar húðflúrin eru skorin af koma oft svo ljót ör að það er alveg eins gott að vera með húðflúrið á sér áfram.“ Geislameðferðin byggist á því að leiftur af sterku ljósi smýgur inn í húðina og hitar litarefnið þannig að það brotnar niður í smærri agnir sem átfrumur hvítu blóðkornanna ráða við að fjarlægja. Þessi aðferð getur tekið nokkra mánuði og er algengt að fólk þurfi að koma fimm til sjö sinnum í meðferð. Þórir bendir þó á að erfitt sé að alhæfa neitt um það heldur fari það algjörlega eftir húðflúrinu sem á að fjarlægja, þannig sé til dæmis auðveldara að fjarlægja dökkan lit heldur en rauðan.

*valgeir@frettabladid.is*

## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



## Betri í dag en í gær

Allar lífverur eru á einhvers konar hreyfingu, standa aldrei alveg í stað. Annað hvort erum við á uppleið eða niðurleið, að eflast eða drappast niður. Upp úr 25 ára aldri hættir líkaminn að eflast frá náttúrunnar hendi og þá er mikilvægt að við bregðumst við með aukinni hreyfingu. Ganga, skokk, hjólreiðar eða sund er allt góðar leiðir til að halda líkamanum á hreyfingu en svo má ekki gleyma styrktaræfingum, því ef ekkert er að gert er talið að við missum um 1-2% af vöðvamassa á hverju ári eftir 25 ára aldur. Þá má ekki gleyma mataræðinu sem oft þarf að huga betur að en áður, með minnkandi efnaskiptum og vöðvaþyngd. Margir kannast til dæmis við að þyngjast töluvert á tvítugs- og þrítugsaldri og skilja ekki almennilega af hverju. Hið náttúrulegu „hrörnun“ er samsagt að taka við og við þurfum að bregðst við, ef ekki á að fara illa.

### Í leit að fullkomnun

Á meðan sumir eru sofandi á verðinum og bregðast ekki við þegar líkaminn „hægir á sér“ eru aðrir sem leita að fullkomnun. Ein stærstu mistök sem fólk gerir í markmiðasetningu sinni er að ætla sér of mikið, ætla sér fullkomnun. Ég get alveg sagt ykkar það hér og nú, það gerist ekki! Fullkomnunarhugsunin leiðir oft aðeins til sjálfseyðingar og sjálfsásökunum sem getur aldrei endað vel. En við getum hins vegar öll ætlað okkur að verða betra en í dag en í gær og það gerist skref fyrir skref, ef við setjum okkur markmið. Ekki ætla þér að verða sterkari, stæltari eða grennri en strákurinn/stelpan í ræktinni, heldur ætti eina viðmiðið að vera þú sjálf(ur). Að einbeita sér að eigin árangri er líklegast til vinnings og maður öðlast um leið aukið sjálfstraust. Gott er hins vegar að eiga sér sterkar fyrirmyndir s.s Beckham, Íþróttaálfinn eða Vigdísi Finnbogadóttur, en að reyna að vera betri en einhver annar gefur sjaldan góða raun. Margir keppnisíþróttamenn tala jafnvel um að vera ekki beinlínis að keppa við aðra, heldur keppa mest við sjálfan sig og einbeita sér að því að vera betri en þeir eru. Markmiðasetning, einbeiting og ástundun eru hér grundvallaratriði. Hugleiddu þetta aðeins og mundu að keppa frekar við sjálfan þig og eyða ekki púðri í aðra í kringum þig.

### Viðhorf til líkamans

En það er ekki nóg að reyna að borða rétt og hreyfa sig reglulega, heldur þarf viðhorfið að vera rétt. Og reyndar þarf það að vera til staðar í upphafi til að stefnt sé í rétta átt og með réttum hætti. Hvort sem við hreyfum okkur til að hægja á öldrun, grenna okkur, styrkja okkar og/eða keppa í íþróttum þarf viðhorfið til líkama okkar að vera jákvætt, sterkt og í jafnvægi. Við verðum aldrei fullkomin, því það er ekki hluti af því að vera maður, en að verða betri í dag en í gær er gott markmið og heldur okkur á tánum. Það er víst þessi blessaði líkami sem gerir okkur kleift að starfa og stunda. En oft þykjumst við ekki vita það, fyrr en hann er farinn að bresta, jafnvel langt fyrir aldur fram.

*Farðið vel með ykkur,*
*Borghildur*















## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is







## Atvinnuhúsnæði

Nýlegt gler úr húsinu nr. 60 við Laugaveg fæst gefins gegn niðurtöku. gullah@itn.is og 892 8713.

Til Leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., lofth. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Til leigu 3 herb. Torrevieja á Spáni laus 10.07-23.07. Uppl. í s. 868 4110 & 861 2107.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Viltu vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki?**
Óskum eftir vönu starfsfólki í afgreiðslustarf, vaktar og helgarvinna. Óskum eftir fólki í framtíðarstarf, lágmarksaldur 18 ára.
**Áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á www.kringlukrain.is**

**Matreiðslumaður óskast.**
Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu í eldhús frá og með haustinu, þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt.
**Áhugasamir hafi sambnad í síma 863 8900eða á www.kringlukrain.is**

**Hressingarskálinn Austurstræti**
Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar vanan matreiðslumann í eldhús sem getur byrjað sem fyrst.
**Upplýsingar í síma 862 1118. Valdimar**

**Veitingahúsið Nings Wok bar**
Nings Wok Bar Smáralind og Kringlunni óskar eftir að ráða jákvætt og duglegt starfsfólk. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af eldamennsku. Ekki yngri en 18 ára.
**Upplýsingar í síma 822 8832 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Vélamaður óskast**
Vélamaður óskast í fullt starf á nýja og vel útbúna 18 tonna hjólagröfu. Mikil vinna.
**Uppl. í s. 840 7744.**



**Gámar til sölu og leigu!**
Til leigu eða sölu allar stærðir af opnum eða lokuðum gámum. Uppl. í síma 896 3801 eða 896 1653.

**Timbur og Stál, Smiðjuvegi 11**
vantar verkamann strax til verksmiðjustarfa. Vinnutími frá kl. 8-18. Sköffum mat og vinnuföt.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 554 5544.**

**Húsasmiður óskast!**
Húsasmiður óskast, um er að ræða framtíðarvinnu. Góð laun fyrir réttan menn.
**Nánari uppl. í s. 898 2805.**

**Múrarar, byggingaverka**
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig bygginaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Hjúkrunarheimilið Holtsbúð Garðabæ óskar eftir starfsfólki í aðhlynningu á næturvaktir. Starfsfólk í aðhlynningu dag- og kvöldvaktir. Starfsmann til ræstinga. Sveigjanlegur vinnutími. Upplýsingar veitir Ragnheiður Alfreðsdóttir sími 535 2222, 694 5206 ragnheidur@holtsbud.is Hildur Ólafsdóttir 535 2200.

Véla og verkamenn Óskum eftir að ráða véla-og verkamenn til vinnu. Upplýsingar í síma 893 7310.

**Vantar mann strax**
Vantar mann strax með meirapróf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006.

**Hrói Höttur Hringbraut**
óskar eftir kokk/grillara í fulla stöðu. Góð laun í boði. Ekki yngri enn 25 ára. Upplýsingar í síma 844 6292 Eva.

**Flísalagningamaður.**
Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

**Júmbó samlokur**
Óskum eftir að ráða fólk í vinnslusal, dagvinna 8 - 16, framtíðarvinna. Upplýsingar á staðnum, Kársnesbraut 112 Kópavogi

**Jumbo sandwishes**
Wants to hire people on day shifts from 8- 16, Infromation given at Kársnesbraut 112 Kópavogur

Starfsfólk óskast í videoleigu og sjoppu vaktavinna uppl. í síma 897 3678 & 551 1525.

Óskum eftir trésmiðum og verktökum til vinnu strax , góð laun í boði fyrir rétta menn, fjölbreytt og skemmtileg vinna. Uppl. í síma 660 1701 eða 660 1702.

**Bílstjóri óskast**
Vantar vana trailer bílstjóra til sumarafleysinga, framtíðarstarf kemur til greina. Uppl. í s. 899 0012.

Beitningamaður! Vanur beitingamaður óskast strax á bát frá Reykjavík. Uppl. í síma 520 7306 & 893 5458.

Kaffibrennslan Pósthússtræti 9, óskar eftir matreiðslumönnum og einnig vantar okkur starfsmenn í uppvask. Umsóknareyðublöð eru á staðnum eða á brennslan@brennslan.is

Unglingur óskast í sveit. Upplýsingar í síma 452 7104.

**Sumarafleysing/akstur.**
Starfsmaður óskast í akstur á sendibíl að næturlagi. Vinnutími ca. frá 22:30-06:30. Þarf að geta unnið sjálfstætt og geta hafið störf sem fyrst. Æskilegur aldur 25 og eldri. Uppl. í s. 893 6121.

Meiraprófsbílstjóri óskast. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbílstjóra. Akstur á rvksvæðinu. mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785

## Atvinna óskast

**TWC**
**Tempary Work Company**
Ef þig vantar mannskap getum við útvegað þér smiði, múrara, málara, rafvirkja, vélstjóra, meiraprófsbílstjóa, ræstitækna o.m.fl.
Góð og örugg þjónusta.
**Uppl. í s. 846 9424 & 899 4443**
**Fax 581 4310**
**e-mail twc@twc.is**

**Temporary Work Company.**
Vantar þig málara? Tek að mér allra handa málningarvinnu. Innanhús, utanhús, þök.
**Upplýsingar í s. 846 9424 & 664 4003.**

## Viðskiptatækifæri

**Barrekstur til sölu**
Á spáni. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Fallegur fressköttur í óskilum í Seljahverfinu í Breiðholtinu, Hann er hvítur og bröndóttur og mjög gæfur. Þeir sem kannast við hann vinsamlegast hringið í 567 3497 eða 867 5306.

Sony myndavél tapaðist á Vindheimamelum. Fundarlaun í boði. S. 424 6555 & 845 3823.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum Pizza bakara til starfa sem fyrst. Þarf að vera samviskusamur og duglegur. Næg vinna og góð laun fyrir réttan aðila. Nánari uppl. gefur Diddi á staðnum.

# ATVINNA

# Járnabindingar Kraftafl ehf. auglýsir.

**Vant járnabindingateymi getur bætt við sig verkefnum. Upplýsingar í 866-8744.**



# Öryggisverðir

## Keflavíkurflugvöllur

***Býrð þú á Suðurnesjum og viltu vinna við spennandi og ögrandi starf? Þá er Öryggismiðstöðin með rétta starfið fyrir þig.***

***Starfið:***

Öryggismiðstöðin leitar að öflugum liðsmönnum, konum jafnt sem körlum, í vaktavinnu á Keflavíkurflugvelli. Í boði er spennandi starf hjá öflugu og framsæknu þjónustufyrirtæki á sviði öryggismála. Starfið felst í öryggisleit og öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli við komu farþega til landsins.

***Hæfniskröfur:***

Skilyrði er að umsækjendur séu orðnir 20 ára og séu vel á sig komnir líkamlega og andlega. Farið er fram á stundvísi, snyrtimennsku, heiðarleika og hreint sakavottorð.

***Starfsumsókn:***

Skriflegar umsóknir skulu sendast merkt: Atvinna, Öryggismiðstöðin, Borgartúni 31, 105 Reykjavík eða á netfangið atvinna@oryggi.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Ekki er tekið við fyrirspurnum í síma. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

*Öryggismiðstöðin leggur áherslu á að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki sem býr yfir faglegri þekkingu og reynslu á sviði öryggismála. Allir öryggisverðir gangast undir þjálfun og sækja námskeið sem miða að því að gera þá sem hæfasta í starfi. Öryggismiðstöðin er alhliða öryggisfyrirtæki sem rekur sína eigin stjórnstöð sem er starfsrækt 24 tíma sólarhrings, allt árið um kring. Hjá Öryggismiðstöðinni starfa 150 manns.*

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

**Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir**
**Fyrirtækjaöryggi • Heimaöryggi • Vöruverndarbúnaður**
**Áskrift að öryggi**

pipar / SÍA

# ÚTBOÐ

# Útboð – Brú á Eystri Rangá hjá Keldum -Yfirbygging

Rangárþing ytra óskar eftir tilboðum í endurbyggingu brúar á sumarbústaðavegi yfir Eystri Rangá hjá Keldum.
Útboð nær til að rífa og farga núverandi grindabrú um 25m á lengd og endurbyggja stálbitabrú með timburgólfi.

Helstu magntölur:

Stálvirki 14.000 kg
Steinsteypa 2,2 m3
Trévirki 22,3 m3

Útboðsgögn eru til afhendingar á skrifstofu Skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra Suðurlandsvegi 3, kl. 8.00 – 12.00 og 13.00-17.00 alla virka daga.

Verktími: 17. júlí 2006 – 1. október 2006.

Tilboð skulu berast á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, í síðasta lagi föstudaginn 14. júlí 2006 fyrir kl. 14.00. Tilboð verða opnuð á sama stað kl. 14.15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Tilboð sem berast eftir kl. 14.00 verða ekki opnuð.

Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra
Bjarni Jón Matthíasson
S: 861-5639

## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Smáraskóla

Kennari óskast næsta skólaár:

- Umsjónarkennari á byrjendastigi (vegna námsorlofs)

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Upplýsingar gefa: Valgerður Snæland Jónsdóttir, skólastjóri í síma 899 7999 og Baldur Pálsson, aðstoðarskólastjóri, 695 0626.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi á C hluta skipulags við Gagnheiði á Selfossi.

Skipulagsbreytingin felst í stækkun byggingarreita lóðanna nr. 1, 3, 5, 7 og 9 við Gagnheiði. Byggingarreitir stækka í átt að Gagnheiði. Eftir breytinguna er hámarks nýtingarhlutfall á C reit 0,7.

Teikningar og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67, Selfossi frá og með 06. júlí til og með 03. ágúst 2006.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út **17. ágúst 2006** og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

FASTEIGNIR

Strandgötu 29 Akureyri
Símar: 464 9955 • Fax: 464 9956

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
*Traust fasteignasala!*

Til leigu á Akureyri
## Glerártorg



Til leigu um 2000 fm. húsnæði í verslanamiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri. Húsnæðið hýsti áður verslun Byko og er laus til afhendingar fljótlega.
Á Glerártorgi er fjölbreyttar sérverslanir og næg bílastæði. Glerártorg er helsti verslunarkjarni á norðausturlandi.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á Fasteignasölunni BYGGÐ, Strandgötu 29 Akureyri. S. 464-9955

www.byggd.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**allt hús**

Alla mánudaga

## Sölusýning fimmtudaginn 6. júlí milli 18 og 19 að Heiðvangi 78, Hafnarfirði.







Glæsileg eign á frábærum stað í norðurbæ Hafnarfjarðar. Þetta 200 fermetra, 6 herbergja, einbýlishús stendur í kyrrsælum botnlanga við Heiðvanginn. Öll fjögur svefnherbergin eru mjög rúmgóð og húsið nýtist allt mjög vel. Góður og vel gróinn garður er umhverfis húsið og er hann mjög skjólsæll. Stutt er í barnaskóla og leikskóla og aðkoma að stofnbrautum er mjög þægileg.



Guðrún Árnadóttir
lögg. fasteignasali

Albert Björn Lúðvígsson
sölumaður, s. 840 4048



HÚSAKAUP

**- sími 530 1500 - heimasíða www.husakaup.is -**

## Akkurat - fyrir þig!

## ÞÓRÐARSVEIGUR 6 -113 RVK.



Frum



## OPIÐ HÚS MILLI KL 17-19 FIMMTUDAG

Mjög falleg og björt 4ra herb. 106,8 fm endaíbúð ásamt stæði í bílskýli sem er ekki í fm. tölu íbúðar. Sérinngangur af svölum. Frábært útsýni. Birkiviður í innréttingum. **VERÐ 24,9 millj.**




**Upplýsingar gefur Heimir í síma 861-6401**

**Sími 594 5000**

AKKURAT // Stórhöfða 27 // Lögg. fasteignasali: Halla Unnur Helgadóttir

Akkurat - eins og þú vilt hafa það




## BIRKIHÓLAR - SELFOSS

4 glæsileg og vel skipulögð raðhús við BIRKIHÓLA Á SELFOSSI. Vönduð og vel hönnuð ca 176 fm, 4ja herbergja raðhús á einni hæð með stórum innbyggðum bílskúrum. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Gott baðherb. með glugga. Þvotth. innan íbúðar. Eldhús opið inn í stofu. Mikil lofthæð. Húsin skilast tilbúin til málningar: Verð endahús **29,9 millj.** og miðhús **28,9** millj. Hægt að fá fullbúin án gólfefna. Verð endahús **32,9** millj. og miðhús **31,9** millj. Allar nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar Akkurat 594-5000

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 17 OG 18:30



## SÓLEYJARIMI 15

Íbúð 0104 Sóleyjarimi - 112. Fyrir 50 ára og eldri. Alveg ný og vönduð og falleg 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérafnotarétti auk stæðis í bílskýli. Fallegt og gott 5 hæða lyftuhús með 1 stigahúsi og geymslu í kjallara. **VER 27,2 millj** Afh. í lok júlí. Síðasta 4ra herb. Íbúðin í húsinu.

Ingvar Ragnarsson sölufulltrúi sýnir: 822-7300

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 13
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI

## Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag

### Hlíðarhjalli 40 - Glæsilegt útsýni




Frábærlega staðsett og björt 57,4 fm íbúð á 3. hæð (efstu) í fallegu fjölbýlishúsi neðst í suðurhlíðum Kópavogs. Íbúðin er falleg með parketi á gólfum, fallegu baðherbergi með flísum í hólf og gólf, innréttingu, baðkari og þvottahúsi inn af. Björt stofa með útgangi út á stórar, opnar, ca. 12 fm svalir í suður og eldhús opið við stofu. Húsið var viðgert og málað árið 2005. **Verð 15,9 millj.**
**Erling og Inga taka vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19. Bjalla merkt 0301 Teikningar á staðnum.**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

## Sóleyjarimi 3, 112 Grafarvogur.
## OPIÐ HÚS milli 18 - 19, íbúð 103



Falleg 3ja herbergja íbúð í nýlegu lyftu fjölbýli við Sóleyjarima í Reykjavík. Íbúðin sem er fyrir 50 ára + er öll mjög vönduð og frágangur allur til fyrirmyndar. Ný HTH eldhúsinnrétting. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf , rúmgóð svefnherbergi með fataskápum . Gegnheilt eikarparket er á íbúðinni og djúpar og fínar suðursvalir. Sér bílastæði er í bílskýli .

**Heimilisfang:** Sóleyjarimi 3, 112 Rvk.
**Stærð eignar:** 105 m²
**Afhending:** Samkomulag
**Byggingarár:** 2005
**Brunab.mat:** 20.060.000
**Lóðamat:** 1.980.000
**Verð:** 25.9 millj.

Nánari upplýsingar
**www.fasteignakaup.is**

**Páll Höskuldsson Sölustjóri Fasteignakaupa tekur á móti gestum á milli 18 og 19 í dag . Bjalla 33.**

**Sölufulltrúi:**
Páll Höskuldsson
e-mail : pall@fasteignakaup.is

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir lögg. fast-, skipa- og fyrirtækjasali

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is

LYNGVÍK FASTEIGNASALA
Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

## TRÖNUHRAUN Í HAFNARFIRÐI




Vorum að fá í sölu á þessum eftirsótta stað gott innkeyslubil. Um er að ræða gott innkeyrslubil á góðum stað í Hafnarfiði , gönguhurð og innkeyrsluhurð er inní húsnæðið. Húsnæðið er bjart með ágætu plani fyrir utan, Ath gól,flöturinn er 140.6 fm og er möguleiki að vera með milliloft td fyrir kaffistofu eða skrifstofu. **Hentar ekki síst vel bílaáhugamönnum og verktökum. Jafnframt upplagður dótakassi. Húsnæðið er ekki bundið vsk kvöð. Ekkert áhvílandi..**
**LAUST STRAX VIÐ SAMNING !!**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 13
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI

## Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag

### Snorrabraut 85 - Falleg íbúð




Mikið uppgerð og falleg 2ja herbergja ca. 60 fm íbúð í kj. í góðu steinhúsi. Stór og björt stofa. Gott svefnherbergi. Baðherbergi endurnýjað á fallegan máta með glugga. Eldhús endurnýjað fyrir ca 7-8 árum með hvítri innréttingu og hvítum tækjum. Gólfefni eru parket og náttúru flísar. Aðgengi er að eigninni frá Auðarstræti. Stutt í Landspítalann og Háskóla Íslands. **Verð 14,9 millj.**
**Hilmar tekur vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19.**
Teikningar á staðnum.

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúli 27
108 Reykjavík
Sími **534 4040**
Fax 534 4044
www.eignastyring.is

Erlendur Davíðsson
Löggiltur fasteignasali







## Til sölu glæsileg ný einbýlishús að Þrastarhöfða, Mosfellsbæ.

Um er að ræða átta hús á einni hæð með innbyggðum bílskúrum í lokuðum botnlanga. Húsin eru á bilinu 235-265 fm Húsin eru mjög vel staðsett í landi Blikastaða rétt við golfvöllinn Keili. Til alls hefur verið vandað við byggingu húsanna sem og hönnun þeirra. Stutt í skóla. Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi.
Upplýsingar veita Valdi s: 897-9929 og Atli s: 899-1178.

Sjá http://aicon.is/thrastarhofdi/

## SKIPHOLT 15- PENTHOUSE

### Opið hús í dag milli kl 17:00 og 18:00 merkt Sigrún á bjöllu.





Glæsileg og vel skipulögð 5 herbergja íbúð á 3. og 4. hæð í nýstandsettu lyftuhúsi. Þrjú góð herbergi og tvær fallegar stofur með frábæru útsýni, þrennar svalir þar af stór suður verönd. Góðar innréttingar. Eikarparket og flísar á gólfum, merkt bílastæði fylgir . Þetta er eign í sérflokki á þessum vinsæla stað með frábæru útsýni, Atli sölufulltrúi s: 899-1178 tekur á móti áhugasömum. Tilboð óskast

## KATRÍNARLIND 3, Grafarholt

### Opið hús í dag milli kl 18:00 og 19:30 bjalla 201.

Mjög vönduð 3ja herbergja 95 fm íbúð í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Vel skipulögð eign með eikarparketi og flísum á gólfi. Flott lýsing frá Lumex. Gott útsýni í rólegu umhverfi Þetta er úrvals eign á góðum stað. Atli sölufulltrúi s: 899-1178 tekur á móti áhugasömum. Tilboð óskast





HÖFÐABAKKI
fasteignasala


Svanberg


Þorbjörn


G. Andri


Helga


Tryggvi


Ragnar


Júlíus

Höfðabakki - 110 Reykjavík ● Sími: 414 4600 - Fax: 414 4601 ● Netfang: hofdabakki9@hofdabakki9.is ● Vefsóða: www.hofdabakki9.is

## Þórðarsveigur 6, 113 Reykjavík - Opið hús 19:00 - 19:30



Björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi í fallegu lyftuhúsi.

*Sölufulltrúi verður á staðnum milli 19:00 - 19:30 í kvöld*

## Álfkonuhvarf 45, 201 Kópavogu - Opið hús 19:30 - 20:00



Glæsileg íbúð til afhendingar strax, 3ja herb. 105,8 fm íbúð á jarðhæð með sér garði.

*Sölufulltrúi verður á staðnum milli 19:30 - 20:00 í kvöld*

## Ásvallagata 17, 101 Reykjavík - Opið Hús 19:00 - 19:30



Skemmtileg 57,4 fm íbúð á 4. hæð (efstu) ásamt 8,2 fm geymslu í kjallara, samtals 65,6 fm.

*Sölufulltrúi verður á staðnum milli 19:00 - 19:30 í kvöld*

## Kórsalir, 201 Kópavogur



Glæsileg 4ra herb. íbúð á 1. hæð ásamt stæði í bílageymslu í Salahverfi í Kóp. Íbúðin er 115,7 fm.

*Pantið skoðun hjá Guðmundi Andra s: 820-0215 eða hjá sölufulltrúa í s: 414-4600*

## Grettisgata 16b, 101 Reykjavík - Opið hús 19:30 - 20:00



Fallega íbúð á jarðhæð í tvíbýli við Grettisgötu. Íbúðin er 80fm 3 herbergja og mikið uppgerð.

*Sölufulltrúi verður á staðnum milli 19:30 - 20:00 í kvöld.*

## Ránargata, 101 Reykjavík



Mjög falleg 2ja herbergja, 55,4 fm. íbúð ásamt 13,6 fm. bílskúr við Ránargötu í Reykjavík.

*Pantið skoðun hjá Guðmundi Andra s: 820-0215 eða hjá sölufulltrúa í s: 414-4600*

**Erum með allar stærðir og gerðir eigna á skrá ● Verðmetum samdægurs ● Hafðu samband við okkur ef þú vilt selja og sölumenn okkar taka vel á móti þér ● Vegna mikillar sölu vantar allar stærðir og gerðir af húsnæði á skrá ● Alltaf heitt á könnunni**

Frum

# Hin hvimleiðu vandamál frelsisins

UMRÆÐAN
FORRÆÐISHYGGJA



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

Frelsið hefur mörg vandamál í för með sér. Fólk reykir sig í hel, skuldsetur sig upp fyrir haus, borðar á sig gat, eyðir fúlgum fjár í glysvarning og lúxusvörur, vanrækir heilsu sína, bölvar í sand og ösku og glápir á mannskemmandi ofbeldisefni og klám í sjónvarpi og á tölvuskjá. Þegar hið opinbera sleppir sjónum sínum af fólki er eins og það breytist í óvitandi krakkaskríl sem markvisst fer sér að voða með lágkúru og óskynsemi. Hræðilegt, ekki satt?

Ein lausn heyrist gjarnan á þessum hvimleiðu fylgikvillum einstaklings- og athafnafrelsis en hún er sú að virkja ríkisvaldið til aðgerða. Reykingar þarf að banna, mataræði þarf að flokka í opinbera flokka góðs og ills, glysvarning þarf að skattleggja sérstaklega, gott heilsufar þarf að predika gegnum sérstakar ríkisstofnanir og ofbeldis- og klámefni þarf að setja í reglugerðaramma. Háfleygir samfélagsspekingar skrifa hverja greinina á fætur annarri þar sem þeir lýsa yfir áhyggjum sínum af líferni og vali annarra

*Enginn er píndur til að horfa á klám. Hvers vegna ætti þá ríkið að pína einhvern til að sleppa því? Ofbeldið er ekkert síðra ef það er notað til að banna friðsama athöfn en ef það er notað til að knýja skoðunum sínum og vilja á aðra.*

einstaklinga. Rétt eins og kaþólska kirkjan hafði hemil á almúganum á miðöldum á hið opinbera nú að passa upp á líkama og sál hins vinnandi manns. Þannig er a.m.k. tónninn í skrifum margra álitsgjafa íslenskrar dægurmálaumræðu.

Í síbylgju forræðishyggju er samt gott að hafa í huga að áðurnefnd vandamál eru engin vandamál í frjálsu samfélagi. Þeir sem vilja reykleysi geta hagað viðskiptum sínum og ferðalögum þannig að loftið er reyklaust. Þeir sem vilja ekki glysvarning og lúxusvörur láta einfaldlega eiga sig að kaupa slíkan varning. Þeir sem vilja mæla fagurt og blótsyrðalaust mál geta einfaldlega gert það. Þeir sem vilja ekki sjá ofbeldi, nekt og kynlíf geta valið að horfa á eitthvað annað. Vandamálin leysa sig einfaldlega sjálf þegar einstaklingar taka ákvarðanir eftir eigin höfði. Enginn er píndur til að horfa á klám. Hvers vegna ætti þá ríkið að pína einhvern til að sleppa því? Ofbeldið er ekkert síðra ef það er notað til að banna friðsama athöfn en ef það er notað til að knýja skoðunum sínum og vilja á aðra.

Auðvitað höfum við skoðanir á flestu því sem gengur á í kringum okkur. Við erum einstaklingar sem viljum hafa áhrif á umhverfi okkar. Hins vegar er ekkert virðingarvert við að hvetja löggjafann til dáða til að setja reglur á friðsamar og ofbeldislausar athafnir einstaklinga. Slíkt samræmist einfaldlega ekki þeim hugmyndum sem eiga að ríkja í frjálsu samfélagi frjálsra einstaklinga.

# Ályktun

Á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar, sem haldinn var þann 4. júlí 2006, var bókuð eftirfarandi ályktun:

„Sveitarstjórn Strandabyggðar mótmælir harðlega fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda um að fresta öllum vegaframkvæmdum á Vestfjörðum vegna þenslu í efnahagskerfi landsins. Er hér vegið að búsetu á svæðinu því góðar samgöngur eru forsendur fyrir byggð. Vegurinn suður Strandir er ónýtur og hættulegur allri umferð og ultu nýlega tvær flutningabifreiðar í Bitrufirði þar sem vegkantar gáfu sig undan þunga þeirra. Þá er vegið að samkeppnishæfi fyrirtækja á Vestfjörðum þar sem flutningskostnaður er hér hæstur á landinu m.a. vegna fjölda fjallvega og hálsa. Þó margt hafi áunnist síðast liðin ár í vegaframkvæmdum á svæðinu, og ber að þakka fyrir það, er mikið verk eftir og er það með öllu óásættanlegt að fórna fyrirhuguðum framkvæmdum á altari þenslu á svæði þar sem ríkt hefur samdráttur til fjöldra ára.“

Er það von sveitarstjórnar Strandabyggðar að ríkisstjórninni beri gæfa til að viðurkenna sérstöðu Vestfjarða í samgöngumálum og hætta við fyrirhuguð áform.“

*F.h. sveitarstjórnar Strandabyggðar,*
*Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri.*

AF NETINU

## Geir er frábær

Nú er liðinn rúmur hálfur mánuður síðan Geir Haarde varð forsætisráðherra. Á þessum tíma hefur hann tekið tvær virkilega markverðar ákvarðanir sem nánast ekkert fór fyrir í fjölmiðlum. Sú fyrri var að verðtryggja persónuafsláttinn. Þessi ákvörðun mun þegar fram líða stundir hafa mun meiri áhrif en hækkunin á persónuafslættinum sem ákveðin var samtímis verðtryggingunni. Sú síðari var að hverfa frá bitlingapólitík forvera sinna þegar kemur að ráðningu Seðlabankastjóra. Með þessu heldur Geir áfram á sömu braut og hann hefur alltaf verið. Það hefur einkennt stjórmálaferil Geirs að hann hefur komið í framkvæmd miklum framfaramálum án þess að mikið færi fyrir því og þótt þau væru ekki málin sem myndu best þjóna pólitískum skammtahagsmunum hans.

**Jón Steinsson á deiglan.com**

## Hvar er Össur?

Hvernig ætli þeim líði núna, Samfylkingarmönnunum sem létu hafa sig út í það að fella Össur Skarphéðinsson sem formann Samfylkingarinnar af því hann fiskaði ekki nægilega vel? Össur hafði byggt upp nýjan flokk; siglt honum upp úr djúpum öldudal vondra kannana upp í háar hæðir og var orðinn helst til skeinuhættur leiðtogi stjórnarandstöðunnar fyrir minn smekk þegar hann var skyndilega vængstýfður af sínu eigin fólki og tekinn af í beinni útsendingu.

**Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að birta efni í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





**Isuzu** hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíl. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbyggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

**Isuzu D-MAX** hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.



***Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!***

Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab — Sjálfskiptur 2.590.000 kr. — Beinskiptur 2.490.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960

**JOHN PAUL JONES (1747-1792) FÆDDIST ÞENNAN DAG** *„Herra, ég hef ekki enn byrjað að berjast.“*



*Svar Paul Jones, stríðshetju í amerísku byltingunni, við beiðni Bretanna um að gefast upp þegar skip hans var að sökkva.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 6. JÚLÍ 1907

# *Frida Kahlo fæddist*



Á þessum degi árið 1907 fæddist listmálarinn Frida Kahlo í Coyoacán í Mexíkó. Frida er þekkt fyrir litríkar sjálfsmyndir sem hafa venjulega verið flokkaðar undir súrrealisma þrátt fyrir að Frida sjálf hafi ávallt verið á móti þeirri flokkun.

Líf Fridu mótaðist mjög af bílslysi sem hún lenti í árið 1925 þegar hún var átján ára gömul. Við slysið brotnaði meðal annars hryggsúla hennar, viðbein og mjaðmagrind og hægri fótur skaddaðist en Frida fór í alls þrjátíu og fimm aðgerðir eftir slysið. Á meðan Frida lá á sjúkrabeðinu á heimili sínu byrjaði hún að mála, mest megnis sjálfsmyndir.

Árið 1929 giftist Frida listamanninum Diego Rivera sem hún skildi við tíu árum síðar og giftist svo aftur árið 1941. Hjónabandið var stormasamt en Diego var frægur fyrir veggmyndir sínar á þessum tíma. Diego hélt ítrekað framhjá Fridu, meðal annars með yngri systur hennar. Frida var einnig frjálsleg í ástarmálum sínum og hélt framhjá bæði með konum og körlum. Frida og Diego bjuggu um tíma í Bandaríkjunum vegna vinnu hans og voru meðal annars í New York og Detroit. Á meðan þau hjónin voru í Detroit missti Frida fóstur en eftir slysið gat hún ekki eignast börn án þess að setja sjálfa sig í verulega hættu. Frida málaði magnaðar myndir tengdar fósturmissi sínum en þessi lífsreynsla gekk mjög nærri henni.

Frida dó þann 13. júlí árið 1954 eftir langvarandi veikindi en hún jafnaði sig aldrei á þeim meiðslum sem hún hlaut í slysinu sem unglingur.

## MERKISATBURÐIR

**1483** Ríkarður III er krýndur kóngur á Englandi.

**1785** Dollarinn er valinn sem mynteining fyrir Bandaríkin.

**1946** Bretar afhentu Íslendingum Reykjavíkurflugvöll við hátíðlega athöfn.

**1957** Tenniskonan Althea Gibson varð fyrsti blökkumaðurinn til þess að vinna einliðakeppni á Wimbledon.

**1958** Eyjólfur Jónsson synti frá Reykjavík til Akraness, tuttugu og tvo kílómetra á rúmum þréttán klukkustundum.

**1964** Malawi lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.

**1983** Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði að lífeyrissjóðir mættu ekki borga konum lægri upphæð á mánuði en körlum vegna kynferðis.



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Þórunnar Ólafíu Sigurjónsdóttur**

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Agnar Guðmann Guðmundsson**

múrarameistari, Haðalandi 15, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 28. júní, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, föstudaginn 7. júlí kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðrún Valdimarsdóttir**
**Sigurbjörg Edda Agnarsdóttir** **Benóný Eiríksson**
**Svanhildur Agnarsdóttir** **Hafliði Sigtryggur Magnússon**
**Agnar Rúnar Agnarsson** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra*

**Gréta Heiðbjört Guðmundsdóttir**

**Flögu, Þistilfirði,**

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, 29. júní síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Þórshafnarkirkju föstudaginn 7. júlí kl. 14.00.

**Reynir Þórisson**
**Þóra Lilja Reynisdóttir** **Rúnar Óli Aðalsteinsson**
**Ríkharður Reynisson** **Birna Björnsdóttir**
**Brynja Reynisdóttir** **Sigtryggur Sigtryggsson**
**Ómar Vilberg Reynisson**
**Reynir Örn Reynisson** **Unnur Jóhannsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is




**ODDNÝ ÓSK SVERRISDÓTTIR** Fjallaði um sögu og útbreiðslu inúíta og eskimóa í lokaverkefni sínu í mannfræði við Háskóla Íslands en áhuginn á inúítum kviknaði í námskeiði í háskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

## ODDNÝ ÓSK SVERRISDÓTTIR: HLÝTUR STYRK FRÁ FS

# Inúítar í lokaverkefni frá HÍ

Oddný Ósk Sverrisdóttir hlaut í vikunni styrk frá Félagsstofnun stúdenta fyrir lokaverkefni sitt í mannfræði við Háskóla Íslands. Verkefni Oddnýjar fjallar um uppruna inúíta út frá tungumálarannsóknum en Inúítar búa á Grænlandi, í Kanada og Alaska.

„Verkefnið fjallar um aðferðir sem þróaðar hafa verið til þess að greina skyldleika tungumála og annars vegar reyni ég að skoða hvort þessar aðferðir, sem eru mjög umdeildar innan málvísinda, séu marktækar að einhverju leyti og síðan beiti ég þessum aðferðum á austurgrænlensku til þess að komast að tengslum austurgrænlensku við aðrar mállýskur inúíta.“

„Aðalniðurstaðan virðist vera sú að austurgrænlenska sé frekar lítið skyld öðrum inúítatungumálum í því formi sem hún var um 1887 við lok mikillar einangrunar þar.“

Oddný segir að ástæða þess að inúítar á Austur-Grænlandi hafi einangrast sé aðallega versnandi veðurfar og að erfitt hafi verið að ferðast. Í kjölfar kaldara veðurfars versnuðu landfræðileg skilyrði fólksins og einangrunin varði í langan tíma.

Þegar Oddný er spurð um uppruna verkefnisins svarar hún því til að áhugi hennar á inúítum og forn-eskimóum hafi vaknað þegar hún tók námskeið um inúíta á norðurslóðum. Í framhaldi af námskeiðinu fékk hún starf hjá Gísla Pálssyni, kennara námskeiðsins, þar sem hún fékk tækifæri til þess að kynna sér málin betur. Oddný ætlar að halda áfram í námi og drífa sig í meistaranámið næsta haust við Háskólann. Meistaranámið verður í raun sambland af líffræði og mannfræði en hún ætlar að skoða litninga inúíta á Grænlandi og í Kanada út frá þeim rannsóknum sem hún hefur þegar lagst í.

Oddný ætlar að skella sér á sólarströnd í sumar með dóttur sinni og slappa svolítið af og njóta sólarinnar. Í sumar er Oddný að vinna hjá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, þar sem hún mun aðstoða við rannsóknir. Grænlandsferð er ekki á döfinni í sumar en Oddný segir að sig langi mikið að koma þangað og aldrei að vita nema hún drífi sig einhvern tímann.

**gudrun@frettabladid.is**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Eiríksdóttir**

Kirkjuvegi 1, áður Framnesvegi 16, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 26. júní sl., verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 11. júlí nk. kl. 14.00.

**Hreinn Líndal Haraldsson**
**Eiríka Haraldsdóttir**
**Aldís Haraldsdóttir**
**Sólveig Haraldsdóttir** **Arnbjörn Óskarsson**
**Sveinbjörg Haraldsdóttir**
**Haraldur L. Haraldsson** **Ólöf Thorlacius**
**Ágúst Líndal Haraldsson** **Valgerður Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## ÚTFARIR

13.00 **Konráð Ragnar Sveinsson**, Háagerði, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Valdimar Guðmundur Jakobsson**, Álfaborgum 27, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.30 **Sveinn Baldvinsson**, frá Naustum, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Guðrún Sigurðardóttir**, Bjarkarheiði 5, Hveragerði, verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju.

14.00 **Sigrún Júlíusdóttir**, Syðra-Skörðugili, Skagafirði, verður jarðsungin frá Glaumbæjarkirkju.

14.00 **Hallgerður Sjöfn Helgadóttir**, Dynskógum 1, Egilsstöðum, verður jarðsungin frá Egilsstaðakirkju.

15.00 **Sigurður Jónsson** frá Köldukinn, Dalasýslu, Hraunbæ 90, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.

15.00 **Þráinn Arinbjarnarson**, Hjallaseli 49, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Magnús Ragnarsson**, Skipasundi 42, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

## AFMÆLI



**Magnús Kjartansson** tónlistarmaður er 55 ára.



**Eiríkur Jónsson**, formaður Kennarasambands Íslands, er 55 ára.



**Sigurður Sigurjónsson** leikari er 51 árs.



**Elísabet Ronaldsdóttir** kvikmyndagerðarkona er 41 árs.



**Ásdís Halla Bragadóttir** bæjarstjóri er 38 ára.

Veldu nýjan FordFocus

*Nýtt tákn um gæði*



**sóltilboð**
**Ford** Focus Trend
1,6i 5 dyra 5 gíra*
Sóltilboð 1.995.000 kr.
Bílasamningur 24.610 kr.
Rekstrarleiga 36.400 kr.

## Focus verðflokki neðar

# Focus gæðaflokki ofar

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjöllíðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Focus ætti í raun að vera gæðaflokki ofar en hann almennt er miðað við stærð og staðalbúnað. Veldu Focus.

Árekstraröryggisstofnunin EuroNCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar Focus:

| | |
|---|---|
| ESP stöðugleikastýrikerfi | Fríókornasía |
| TRACS spólvörn | Upphitanlegir hliðarspeglar |
| Loftkæling | Rafstilltir hliðarspeglar |
| Stillanlegur hiti í framsætum | Vindskeið að aftan (3d og 5d) |
| Öryggispúðar að framan | Fjarstýrð samlæsing |
| Öryggispúðar í hliðum | Fjölstillanlegt stýri |
| Öryggispúðagardínur | Geislaspilari með þjófavörn |
| ABS hemlakerfi | og 6 hátölurum |
| EBD hemlajöfnun | Fjarstýring fyrir hljómtæki |
| EBA hjálparhemlun | Aksturstölva og útihitamælir |

### Þú vilt vera ennþá sportlegri?

Focus ætti í raun að vera gæðaflokki ofar en hann almennt er miðað við staðalbúnað. Og ST sportútfærslan færir Focus ennþá ofar. Við höfum ekki fundið neinn bílaframleiðenda sem getur boðið gæði Focus á sambærilegu verði. Ekki heldur þann sem getur boðið gæði Focus ST á sambærilegu verði. Vertu ennþá sportlegri. Veldu Focus ST. Smelltu á ford.is. Komdu í Brimborg.

**Ford** Focus ST
2,5i 5 dyra 6 gíra*
Sóltilboð 3.345.000 kr.
Bílasamningur 41.300 kr.



**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

## Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Focus
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
1,4i 5 dyra 5 gíra*
Sóltilboð 1.560.000 kr.
Bílasamningur 19.250 kr.
Rekstrarleiga 29.900 kr.



**Ford** Fusion Trend
1,6i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 1.770.000 kr.
Bílasamningur 21.830 kr.
Rekstrarleiga 33.900 kr.



**Ford** Focus Trend
1,6i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.085.000 kr.
Bílasamningur 25.700 kr.
Rekstrarleiga 38.700 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
2,0i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 29.480 kr.
Rekstrarleiga 42.600 kr.



**Ford** Mondeo Trend
2,0i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 29.480 kr.
Rekstrarleiga 44.700 kr.



**Ford** Mustang Premium
4,0i V6 sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.290.000 kr.
Bílasamningur 40.590 kr.



**Ford** Escape GPS Active 4x4
2,3i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.990.000 kr.
Bílasamningur 36.768 kr.
Rekstrarleiga 54.169 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
3,0i V6 7 manna sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.590.000 kr.
Bílasamningur 44.290 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 4.490.000 kr.
Bílasamningur 55.400 kr.
Rekstrarleiga 84.300 kr.



**Ford** Expedition Limited 4x4
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur*
Sóltilboð 5.690.000 kr.
Bílasamningur 70.200 kr.
Rekstrarleiga 106.300 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
2,5 turbo dísil 5 gíra*
Sóltilboð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 31.950 kr.
Rekstrarleiga 47.600 kr.



**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.999.000 kr.
Bílasamningur 49.350 kr.



**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Sóltilboð 4.220.000 kr.
Bílasamningur 52.070 kr.



**Ford** GT
5,4i V8 550 hö 6 gíra*
Sóltilboð 30.150.000 kr.
Bílasamningur 370.000 kr.
Ef rekstrarleiga 568.000 kr.
Rekstrarleiga er sett hér inn til gamans en bíllinn er ekki fáanlegur á rekstrarleigu

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**sóltilboð**

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



## *Í bíltúr í Ford GT?*

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

*Komdu og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á aðalmynd: álfelgur.



34% afsláttur
HM
FÓTBOLTI FYLGIR HVERJU LÆRI
998 kr. kg
1498
Krónu þurrkryddað lambalæri + HM bolti
41% afsláttur
998 kr. kg
1694
Goða grísasnitsel og grísagúllas
Nýttu þér Krónuna!
Shop Rite kökumix 3 teg.
249 kr/stk
Egils Mix 2L
119 kr/2L
Heinz Tómatsósa
99 kr/stk
2 lítrar af 100% safa, 3 tegundir
249 kr/stk
Nóa Kropp RISAPOKI
229 kr/stk
Virk Sam-keppni
Super steiktur laukur
99 kr/stk
SS sinnep
79 kr/stk
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Tagliatelle
Tortelloni
Lasagne
Cappaletti
25%
afsláttur
Rana pasta 4 teg.
2 fyrir 1
Oetker pizza
með pepperoni
20%
afsláttur
Fjörfiskur
spjátrungur
ýsubitar
línuýsa
EINNOTA GRILL
Ódýrt
199
kr/stk
30%
afsláttur
279
kr.
pk.
399
Krónu pylsur
10 stk í pakka
Moulinex Juice
Master
safapressa
5490
HOLLT
&
GOTT
Krónu
hangiálegg
299
kr/stk
Krónu
skinka
158
kr/stk
Ferskjur 1kg
öskjur
249
kr/stk
Nektarínur
1kg öskjur
199
kr/stk
Þykkvabæjar
kartöflubátar
158
kr/pk
Alltaf frábær tilboð alla daga






# STUÐ MILLI STRÍÐA: Kjólaskandall

**RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR** ER AÐ FARA Í BRÚÐKAUP



Æskuvinkona mín giftir sig um helgina og undirbúningurinn er í fullum gangi, enda er það ekki oft sem besta vinkonan giftir sig (reyndar gerist það tvisvar í sumar í mínu tilfelli því ég á fleiri vinkonur sem eru bestar). Ræðan er að smella saman, veislustjórnin er á áætlun og kjóllinn kominn í hús. Mín hafði sýnt fyrirhyggju og farið í kjólaleit fyrir þremur vikum síðan þegar útsölurnar voru ekki hafnar og kjólabirgðastaða fataverslananna var góð. Um síðustu helgi fékk ég spurnir af því að ein vinkona í vinahópnum hefði einmitt keypt sér kjól í sömu búð. En skemmtilegt, hugsaði ég. Nema hvað, vinkonan fer eitthvað að lýsa kjólnum og það rennur upp fyrir mér að hún er að lýsa kjólnum mínum. Af öllum kjólum Íslandsins höfðum við vinkonurnar valið sama kjólinn fyrir brúðkaupið.

Það er auðvitað algjör skandall að vera í eins fötum. Síðastliðinn laugardag upphófst því mikið kapphlaup við tímann í leit að öðrum kjól (þess skal getið að ég gat friðað eyðslusamviskuna á því að ég notaði fyrri kjólinn í öðru brúðkaupi). Ekki var um auðugan garð að gresja nú viku fyrir brúðkaupið og streitan fór að segja til sín á hlaupunum. Það flækir málið að kjóllinn má ekki vera svartur, sem er uppáhaldsliturinn í augnablikinu, og ég er ekki mikið gefin fyrir einhverja diskóliti. Eftir ítarlega rannsókn í búðum borgarinnar fann ég þó að lokum ágætiskjól, reyndar í sömu búð og áður, og létti mjög.

Það fyndna er að ég var í þvílíku stressi yfir þessum kjólavandræðum og þó er ég bara gestur í brúðkaupinu. Fyrir viku síðan hafði slörið sem æskuvinkona mín pantaði fyrir þremur mánuðum ekki enn látið sjá sig og brúðarkjóllinn þurfti smálagfæringar við. Stærsti dagur í lífi hennar er á laugardaginn með tilheyrandi stressi og tilfinnngaflóði og hér er ég að rausa um eigin fatavandræði. Hvernig verður þetta eiginlega þegar ég gifti mig sjálf?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## Með hníf og gaffli

> Þráinn Bertelsson

# Að hætti Axlar-Bjarnar

„Á þjóðveginum líður líf vort skjótt ...“ eins og skáldið sagði.

Það verður ekki of oft ítrekað að til að forðast slys ber ferðamönnum að sýna aðgát í akstri þegar komið er út á þjóðvegi landsins.

En slysin leynast ekki bara á þjóðveginum heldur einnig við þjóðveginn; í þjóðvegasjoppum geta ferðamenn líka orðið fyrir alvarlegu áfalli ef þeir fara ekki að öllu með gát.

Sumir sem reka þjóðvegasjoppur virðast vera af skóla Axlar-Bjarnar sem var frumkvöðull í þeirri aukabúgrein að sjá ferðamönnum fyrir aðhlynningu og hefur nú greinst í tvær greinar, bændagistingu sem leggur áherslu á húsaskjól og þjóðvegasjoppur sem leggja áherslu á fyrirgreiðslu í mat og drykk og eldsneyti handa fararskjótanum.

Þjóðvegasjoppur á Íslandi eru af ýmsu tagi, allt frá því að vera brúkleg og jafnvel notaleg neyðarskýli, yfir í að vera ræningjabæli þar sem gengið er eins langt og lög fremast leyfa í að plokka peninga af ferðamönnum. Þetta vita flestir ferðamenn og sneiða hjá þjóðvegasjoppum nema til þess eins að kaupa sér sælgæti, ís eða bensín og olíur. En það virðist þó vera staðreynd að hægt sé að venja fólk á að borða óþverra fremur en almennilegan mat og í því skjólinu skáka þeir sem selja fólki ómeti á uppsprengdu verði og taka þannig þátt í því að viðhalda arfleifð Axlar-Bjarnar í íslenskum ferðamannaiðnaði.

Sem dæmi um hversu frumstæð veitingasala við þjóðveginn er má nefna að það er ekki hlaupið að því að fá svo sjálfsagða hressingu sem drykkjarhæft kaffi við þjóðveginn, að ég tali nú ekki um te sem ekki er poka-te. Samt er ekki kostnaðarsamt að hella sjóðandi vatni ofan á lauf í tepotti né heldur er það stór fjárfesting að kaupa annaðhvort pressukönnu undir kaffi eða þrýstimaskínu til að búa til espresso-kaffi - og þá er ég ekki að tala um hin dapurlegu fjöldaframleiddu sjálfvirku apparöt sem seld eru sem fullgildar espresso-vélar í mörgum búsáhaldabúðum. Kaffivélar kaupir maður í sérhæfðum kaffiverslunum þar sem afgreiðslufólkið ber skynbragð á launhelgar og leyndarmál kaffimenningar.

Því miður er ég ekki svo ötull vísindamaður að ég hafi kannað nákvæmlega hvar maður geti fengið gott kaffi á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur, en ég tel að það sé beinlínis hættulegt að aka þessa leið á einum degi án þess að fá að minnsta kosti einu sinni á leiðinni þá nauðsynlegu hressingu sem fólgin er í bolla af góðu kaffi.

Ég get þó bent á einn slíkan stað við þjóðveginn sem heitir Við árbakkann, og er í fagurbláu húsi á Blönduósi sem sést vel frá þjóðveginum í vesturátt þegar komið er yfir brúna yfir Blöndu. Þar er hægt að fá prýðiskaffi sem dugir manni til að endurnýja hina nauðsynlegu akstursseinbeitingu, enda ætti samgönguráðuneytið að hafa forgöngu um að benda ökumönnum á hvar hægt sé að fá alvöru kaffi eða te á leið um landið.

Kaffibolli, tvöfaldur espresso, kostar 300 krónur Við árbakkann og er þeim peningum vel varið.




**Tveir fyrir Einn**

**á öllum nýjum vörum**

Þú kaupir eina flík og færð aðra fría

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Jakkapeysa | 6.700.- | 2.900.- + einn frír |
| Hekluð peysa | 6.900.- | 2.900.- + einn frír |
| Vafin peysa | 5.900.- | 2.900.- + einn frír |
| Pólóbolur | 3.300.- | 1.900.- + einn frír |
| Stutterma bolur m/mynd | 3.900.- | 1.900 .- + einn frír |
| Langerma bolur | 3.900.- | 1.900.- + einn frír |
| Stutterma skyrta | 3.900.- | 1.900.- + einn frír |
| Ermalaus skyrta | 3.500.- | 1.900.- + einn frír |
| Tunika m/bróderí | 4.900 | 2.900.- + einn frír |
| Teinóttur jakki | 7.400.- | 2.900.- + einn frír |
| Renndur jakki | 7.600.- | 2.900.- + einn frír |
| Hörkjóll | 4.600.- | 2.900.- + einn frír |
| Gallapils | 6.900.- | 1.900.- + einn frír |
| Sítt pis | 4.900.- | 1.900- + einn frír |
| Hörbuxur | 7.900.- | 4.900.- + einn frír |
| Gallabuxur | 7.900.- | 3.900.- + einn frír |

Opið 10:00 – 18:00
www.friendtex.is

friendtex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000




Útsalan hafin

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorg 3. Sími 517-4806

**Kl. 14.00**
*Brúðubíllinn sýnir leiksýninguna Týnda eggið fyrir unga sem aldna leikhúsgesti við Arnarbakka í Reykjavík.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fresturinn að renna út

Nú fer hver að verða síðastur að sækja um að fá að leika á hátíð hátíðanna, Iceland Airwaves, því umsóknarfresturinn rennur út á mánudaginn. Aðstandendur Hr. Örlygs sem sýslar með hátíðina munu ekki taka við umsóknum eftir 10. júlí nema að umsóknin sé póststimpluð fyrir eða þann sama dag.

Þegar hafa borist yfir 150 umsóknir og búast Örlygsmenn við að mikill fjöldi eigi eftir að skila sér enda er mikið í húfi fyrir áhugasama tónlistarmenn og hvetja þeir bæði „ungar og upprennandi sveitir“ og „reynslumeiri jálka“ til þess að sækja um. Umsóknina má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar en þeim verður svarað fyrir 1. september næstkomandi. Starfsmenn Hr. Örlygs munu fara yfir umsóknirnar með aðstoð frá óformlegri ráðgjafanefnd úr tónlistarbransanum.

Líkt og undanfarin ár munu yfir 100 íslenskir flytjendur koma fram á Airwaves 2006. Þegar hefur verið tilkynnt um þátttöku nokkurra hljómsveita, þar á meðal Stórsveitar Nix Noltes, Seabear, Diktu, Jeff Who? og Leaves en erlendis frá koma bönd á borð við Kaiser Chiefs, Wolf Parade og Brazilian Girls.



**UNGMENNIN Í HLJÓMSVEITINNI JAKOBÍNARÍNU** Léku við hvern sinn fingur á Airwaves í fyrra og endurtaka leikinn í haust.

## > Ekki missa af...

sumarsýningu **Listasafns Reykjavíkur.** Íslensk listasaga 20. aldarinnar er rakin með sérstakri áherslu á málverk. Gamlir og nýir meistarar mætast óvænt í sölum **Kjarvalsstaða**.

tónleikum **Gröndalssystkinanna** í Fríkirkjunni á sunnudagskvöldið. **Ragnheiður** og **Haukur Gröndal** flytja íslensk þjóðlög í nýstárlegum útsetningum ásamt **Huga Guðmundssyni.** Tónleikarnir hefjast kl. 21.30.

íslenska **safnadeginum** um helgina. Tilvalið að kíkja til dæmis á **Fjarskiptasafnið** eða **Ábæjarsafn** og rifja upp gamla daga.

## Leiðrétting

Í frétt um verk Rósu Sigrúnar Jónsdóttur sem birtist í blaðinu þann 5. júlí komu fram eftirfarandi rangfærslur. Í fyrirsögn segir að kirkjan heiti Þorgrímskirkja en hún heitir Þorgeirskirkja. Rósa lærði við Listaháskóla Íslands en ekki Listaháskólann í Reykjavík. Sagt var að það væri engin altaristafla í Þorgeirskirkju en það reynist ekki rétt heldur er hún ekki venjuleg altaristafla. Þá var greint frá því að sýningin á verki Rósu hæfist 15. ágúst næstkomandi en það reynist heldur ekki rétt því hún stendur til 15. ágúst næstkomandi.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Djasshátíð í faðmi sunnlenskra fjalla

Árleg djasstónlistarhátíð Sunnlendinga er með veglegasta móti þetta árið en nú er hátíðin „Jazz undir fjöllum“ haldin í þriðja sinn í Skógum undir Eyjafjöllum.

„Þetta er svo sannarlega komið til að vera,“ segir Fríða Jónsdóttir ljósmyndari og einn af aðstandendum hátíðarinnar. „Fyrri hátíðar hafa fengið frábæra aðsókn og tekist rosalega vel. Þetta er frábært tækifæri til dæmis fyrir fjölskyldur til þess að koma og njóta bæði frábærrar tónlistar og fallegrar náttúru. Eyjafjöllin eru í uppáhaldi hjá mörgum þó staðurinn hafi ekki fengið mikla kynningu. Við erum náttúrulega í sveit fossanna og svo eru margir hrifnir af ströndinni. Svo er náttúrulega glæsilegasta byggðasafn landsins hérna.“

Að þessu sinni verða helstu listamenn hátíðarinnar Árni Scheving, Eyþór Gunnarsson, Jón Páll Bjarnason, Kristján Kristjánsson (KK), Kristjana Stefánsdóttir, Pétur Östlund, Sigurður Flosason, Valdimar K. Sigurjónsson og Dixieland hljómsveit Árna Ísleifs.

Hátíðin verður sett í Félagsheimilinu Skarðshlíð kl. 19.30 á morgun en þar opnar myndlistarsýningin „Landið og miðin“. Félagsheimilið er óvenjulegur sýningastaður því Fríða útskýrir að það sé að hruni komið. „Það hefur ekki verið notað í áratugi, þar er til dæmis ekkert rafmagn.“ Fríða tekur þátt í myndlistarsýningunni ásamt Gunnari Magnúsi Andréssyni, Berglindi Björnsdóttur og Ragnheiði Ingunni Ágústdóttur en tónlistarmaðurinn KK mun einnig koma fram og flytja stutt atriði þar sem hann segir sögur af sjónum.



**TÓNLISTARMAÐURINN KK** Segir sögur af sjónum.

Síðar um kvöldið mun Jazzkvartett Sigurðar Flosasonar koma fram í Félagsheimilinu Fossbúð ásamt Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu og fyrrnefndnum KK.

Á laugardag og sunnudag leika síðan Dixielandhljómsveit Árna Ísleifs, Kvartett Jóns Páls og Árna Scheving og Jazzkvartett Sigurðar Flosasonar. -khh



**SVEIT FOSSANNA** Náttúrufegurð er mikil undir Eyjafjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL







**Millet Hiker 38 l**
Frábær dagpoki.
Innbyggð regnvörn.
Sumartilboð **9.990 kr.**
Verð áður 10.990 kr.
Hiker 28 l verð: 8.990 kr.



**Deuter Futura 32 AC**
Futura línan, sú mest selda í Evrópu!
Dagpoki ársins í Outdoor tímaritinu 2004.
Regnvörn, Aircomfort burðarkerfi, 32 lítrar.
Sumartilboð **9.990 kr.**
Verð áður 10.990 kr.
Futura 22 - 28 - 38:
8.990 kr. - 9.990 kr. - 12.990 kr.

deuter Aircontact
pokarnir frá Deuter
eru með stillanlegu baki,
óviðjafnanlegu loftflæði,
og innbyggðum regnpoka.
Frábærir í lengri ferðir.



**Deuter Aircontact 50+10SL**
Dömupoki í Aircontactlínunni frá Deuter.
Sérhannaður fyrir konur.
Sumartilboð **19.990 kr.**
Verð áður 21.990 kr.

# Sjómannslíf söngvarans í London

**Ólafur Kjartan Sigurðarson barítonsöngvari segir að líf óperusöngvarans eigi sitthvað sammerkt með sjómannslífinu. Þessa dagana skiptir hann lífinu milli Mozarts og Verdis og gerir það gott á fjölunum í London.**

Ólafur Kjartan hefur hlotið lofsamlega dóma fyrir hlutverk sitt í óperunni Brúðkaup Fígarós eftir Mozart sem sett er upp hjá Grange Park-óperunni í London. Verkið var frumsýnt í júníbyrjun en þar syngur Ólafur Kjartan titilhlutverkið. Haft er eftir gestum á frumsýningarkvöldi sýningarinnar að andrúmsloftið í tónleikahöllinni hafi verið töfrandi og að Ólafur Kjartan hafi haldið áhorfendum í álögum á meðan henni stóð.

### Góðar viðtökur

Sjálfur segir Ólafur að sýningarnar hafi gengið einstaklega vel. „Þessi uppfærsla á Fígaró er feikilega skemmtileg og við erum með alveg stórkostlegan leikstjóra. Það eru ekki margir óperuleikstjórar sem ég leyfi mér að hæla jafn mikið, en hann Stephen Langridge sem leikstýrir þessari sýningu hittir alveg naglann á höfuðið. Hann hefur einfalda en ferska sýn á verkið,“ útskýrir Ólafur Kjartan.

Hann útskýrir að viðtökurnar hafi einnig verið mjög ánægjulegar því dómar þeir sem birst hafa um sýninguna hafa verið mjög jákvæðir. „Dómar eru þess eðlis að ef þeir eru góðir er sjálfsagt að nýta sér þá í kynningarstarfsemi, en ef þeir eru vondir þá fara þeir í ruslið,“ segir hann og hlær. „Þetta er vitanlega mikilvægt og hjálplegt fyrir sjálfstætt starfandi listamann. Hér snýst þetta svo mikið um að koma sér áfram í bransanum og svona viðtökur ýta undir jákvæða athygli.“

### Rígolettó tekur við

Sýningum á Fígaró fer brátt að ljúka en sú síðasta er áætluð þann 14. júlí en söngvarinn er þegar kominn á fullt og farinn að æfa næsta stykki, Rigoletto eftir meistara Verdi. „Nú er þetta Rígolettó á daginn og Fígaró á kvöldin,“ segir hann kíminn. „Þetta eru auðvitað gjörólík hlutverk og bæði mjög stór. Fígaró er minn heimavöllur. Mozart-rullurnar hafa löngum verið mitt bakland og Fígaró er dálítið eins og að hitta gamlan kunningja á meðan Rígolettó er nýrri af nálinni fyrir mig.“ Ólafur Kjartan mun syngja hlutverk hans fyrir Holland Park Opera og síðar fyrir eitt stærsta óperufyrirtæki Bretlands, Opera North, í haust og á komandi vetri.

### Íslenskur Rígolettó

Hlutverk Rígolettós er Ólafi sérlega hugleikið en óperan var sú fyrsta sem sett var upp hérlendis og þá fór fyrrverandi söngkennari hans, Guðmundur Jónsson, með aðalhlutverkið. „Ég veit ekki betur en við séum bara þrír „Rígolettóar“ á Íslandi,“ segir Ólafur Kjartan, „það eru Guðmundur, Kristinn Sigmundsson og ég en við Kristinn lærðum báðir hjá Guðmundi.“

Ólafur Kjartan nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Guðmundi og síðan við Royal Academy of Music í London og Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow. Þaðan lauk hann mastersgráðu í óperusöng sumarið 1998. Á sínum tíma var Ólafur Kjartan fyrsti söngvarinn sem fastráðinn var við Íslensku óperuna en þar hefur hann meðal annars sungið hlutverk Papagenós í Töfraflautunni, titilhlutverkið í Macbeth og Rígolettó og hlutverk Scarpia í Toscu.

Hann hefur þó verið með annan fótinn á Bretlandseyjum undanfarið og telur líklegt að svo verði fram á mitt næsta ár því næg séu verkefnin. „Það verða einstaka hlé en ég mun reyna að troða inn öðrum verkefnum inn á milli óperusýninganna. Ég er að vonast til að geta komið eitthvað heim og sungið, ég verð til dæmis með jólatónleika í Salnum í desember,“ segir hann.



**ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON ÓPERUSÖNGVARI** Fer mikinn í hlutverki Fígarós í London. Tekst jafnvel á loft. MYND/ALISTAIR MUIR

### Fjarri fjölskyldunni

Hann viðurkennir að það sé töluvert slítandi að vera langdvölum burt frá fjölskyldunni. „Það er farið að kitla mann að komast heim til sín. Þetta er búin að vera löng törn og verður það líka næsta vetur, þetta er óttalegt sjómannslíf. Við reynum samt að líta þetta jákvæðum augum, fjölskyldan hefur komið og heimsótt mig og við munum reyna að verja góðum tíma saman síðar í sumar. Það er eins og ágætur söngkennari sagði einu sinni við mig: „Það er eins gott að maður fái eitthvað út úr því að standa á sviði því maður þarf að lifa eins og munkur utan þess,“ segir Ólafur Kjartan og bætir því við að hann megi ekki við miklu þegar álagið sé mikið. „Eins og núna þegar ég blanda saman sýningu á einni óperu og æfingu á annarri. Maður má ekki við miklu þegar álagið er mikið bæði á röddina og hausinn, í ofanálag eru þetta báðar mjög físískar rullur en sem betur fer léttist ég á meðan,“ segir hann og hlær.

kristrun@frettabladid.is









Fyrir göngugarpa sumarsins

Deuter Aircontact 65+10 l
Poki ársins í sínum flokki árið 2004 hjá Outdoor tímaritinu.
Sumartilboð 19.990 kr.
Verð áður 23.990 kr.

Deuter Aircontact 75+10 l
Stór poki í Aircontact línunni. Fyrir þá sem fara lengra!
Verð 24.990 kr.

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# Komin í kilju

Skáldsagan Feigðarflan eftir Rúnar Helga Vignisson er komin út í kilju í tilefni þess að rithöfundurinn var á dögunum útnefndur bæjarlistamaður Garðabæjar. Seinnipart sumars er einnig von á endurskoðaðri kiljuútgáfu af skáldsögu hans, Nautnastuldi, sem kom út árið 1990 en báðar sögurnar fjalla um persónuna Egil Grímsson.

Í Feigðarflani segir af uppgjöri Egils, sem hefur tekið ákvörðun um að binda endi á líf sitt en framkvæmd þess vefst töluvert fyrir honum. Saga Rúnars Helga fékk góð viðbrögð hjá gagnrýnendum jafnt sem almennum lesendum og þótti sérlega skemmtileg auk þess að draga upp umhugsunarverða mynd af samtímanum.

Bókaútgáfan Græna húsið gefur bækurnar út. - khh




**SAGA EGILS GRÍMSSONAR** Nútímamaður með sjálfseyðingarhvöt leggur upp í ferðalag.

# Tabu og tímamót

Út er kominn platan Tabu sem inniheldur tónsmíðar söngvaskáldsins og sagnamannsins Harðar Torfasonar. Hörður gaf plötuna út síðla hausts árið 1984 og vakti hún þá mikla hneykslun hjá fólki og fékkst henni ekki dreift. Verkið er nú endurútgefið á geisladiski í bættum stafrænum gæðum.

Platan er um margt tímamótaverk því þar virkjar Hörður frásagnargáfu sína og skapar heilstætt verk, sem á köflum gæti flokkast sem söngleikur. Platan er eitt af framlögum Harðar sem um áratugaskeið hefur lagt sitt af mörkum til baráttu samkynhneigðra, en hún lýsir þeim heimi kúgunar og þekkingarleysis sem viðgekkst á þeim tíma og jafnt viðhorfum samkynhneigðra sjálfra og almennings til þeirra.

Með Herði leika félagar í rokksveitinni umdeildu Kammerorghestum. Um stafræna yfirfærslu og aðra vinnslu sá Vilhjálmur Guðjónsson.

-khh






**LEIKA Í MÝVATNSSVEITINNI UM HELGINA** Herdís Anna Jónsdóttir, Steef van Oosterhout og Sólveig Anna Jónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Einstakt steinaspil

Gestum á sumartónleikum við Mývatn gefst kostur á einstökum hljóðheimi um næstu helgi, en þá verða haldnir tvennir tónleikar í Reykjahlíðarkirkju þar sem leikið verður á steinaspil.

Flytjendur á tónleikunum verða systurnar Herdís Anna Jónsdóttir, víóluleikari, og Sólveig Anna Jónsdóttir, sem leikur á píanó og orgel, en með þeim kemur fram slagverksleikarinn Steef van Oosterhout. Mun hann bæði töfra fram tóna úr borgfirskum steinum og marimbu, en steinaspilið er hið eina sem Páll Guðmundsson á Húsafelli hefur gefið öðrum til opinbers tónlistarflutnings.

Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt, barokktónlist verður leikin og útsetningar á íslenskum þjóðlögum fyrir víólu og steinaspil ásamt tónlist rússnesku tónskáldanna Katsjaturian og Shostakovich sem útsett er fyrir víólu, marimbu og píanó, m.a. hinn þekkti Sverðdans.

Tónleikarnir standa í eina klukkustund og er aðgangur ókeypis. -khh




NASA – ÞAR SEM ÍSLENSKUM HOMMUM OG LESBÍUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA.





MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR SÖNGKONA
Syngur djass og dægurlög á Q-bar í kvöld.

# Djass á Q-bar

Djassunnendur sem vilja hita upp fyrir helgina geta kíkt niður í miðbæ Reykjavíkur í kvöld því boðið verður upp á söngdagskrá á yngsta bar bæjarins sem kenndur er við bókstafinn „Q.“ Skemmtistaðurinn Q-bar er í húsi sem áður hýsti kaffihúsið Ara í Ögri, en þar mun söngkonan Margrét Sigurðardóttir flytja djassdagskrá í félagi við Gunnar Hrafnsson og Björn Thoroddsen.

Stefnt er að því að halda regluleg djasskvöld á barnum og hafa söngvararnir Andrea Gylfadóttir og Egill Ólafsson boðað komu sína.

Djasskvöldin hefjast klukkan 20.30 alla fimmtudaga og frítt er inn. -khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

3 4 5 6 7 8 9

### Fimmtudagur

#### TÓNLEIKAR

12.00 **Guðni Tómas Eggertsson** leikur á hádegistónleikum **Alþjóðlegs orgelssumars í Hallgrímskirkju**. Tónleikarnir standa í hálftíma og eru skipulagðir í samvinnu við **Félag íslenskra orgelleikara.**

16.00 Hljómsveitin **Loftvarnir**, ein af þeim hljómsveitum sem tekur þátt í **Skapandi sumarstarfi Hins hússins**, leikur í **Borgarbókasafninu Tryggvagötu.** Hljómsveitin kemur fram á bókatorginu á 1. hæð Borgarbókasafnsins.

17.00 Fimmtu tónleikarnir í tónleikaröð **The Reykjavík Grapevine** og **Smekkleysu** verða í **Gallerí Humri eða frægð** og á **Café Amsterdam** kl. 17 og 21.03. Fram koma hljómsveitirnar **Jan Mayen** og **Morðingjarnir**.

Brasskvintettinn **Renaissance Brass** leikur í Dómkirkjunni í Reykjavík. Hópurinn leikur eingöngu norræna tónlist.

#### LEIKLIST

Leikfélagið **Hallvarður Súgandi** frumsýnir leikritið **Himnaríki** eftir **Árna Ibsen**, í leikstjórn **Rúnars Guðbrandssonar**. Sýnt er í íþróttahúsi Súgfirðinga.

#### ÚTIVIST

20.00 Sjötta gangan í röð gangna um **Græna trefilinn** í fræðslusamstarfi **skógræktarfélaganna** og **KB-banka**. Upphaf göngunnar er við **Salaskóla** í **Kópavogi**. Þaðan verður gengið í **Smalaholt**, skógræktar- og útivistarsvæði Kópavogsbúa og í **Guðmundarlund**. **Bragi Michelsson** og **Eiríkur Páll Eiríksson** leiða gönguna og segja m.a. frá sögu svæðisins, ræktun, náttúru og umhverfi.

#### KVÖLDGÖNGUR

Minjasafnið á Akureyri stendur fyrir kvöldvöku í **Gamla bænum** í **Laufási**. Þetta er önnur kvöldvakan af sjö sem haldnar verða í sumar. Að þessu sinni verður spáð í veðrið eins og gert var fyrr á tímum. **Þorsteinn Þorsteinsson**, fuglaáhugamaður úr **Stoðvinafélagi Minjasafnsins** á Akureyri, mun kynna fyrir fólki hvernig spáð var í veðrið út frá gömlum messum, skýjafari og síðast en ekki síst út frá hegðun fugla.

#### LEIKLIST

14.00 **Brúðubíllinn** sýnir leiksýninguna Týnda eggið við **Arnarbakka** í Reykjavík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.












> **Blandaðu saman...**

*hálfum bolla pestó, tveimur dósum af „cannellini“ baunum og tveimur teskeiðum af sítrónusafa í matvinnsluvél til að búa til heilsusamlega ídýfu fyrir brauð eða kex.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: BIRGITTA HAUKDAL SÖNGKONA

## *Sushi og kók og skapið í lag*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég er svo mikil matarkona að ég á erfitt með að velja eitthvað eitt. En í dag held ég að það sé sushi, ég er mikil sushi manneskja. Ég fæ mér oft sushi í Iðuhúsinu, æðislegt að fara þangað í hádeginu. Svo fer ég á Marú og ef allt bregst er það bara Nings.

**Fyrsta minning um mat?** Ég man að mér þótti rosalega gott að fá hafragraut með köldu slátri út í, ég borða það enn í dag. Svolítið ólíkt sushiinu!

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Mér finnst jólasteikin hennar mömmu það allra besta, lambahamborgarhryggur. En besti matur sem ég hef fengið á veitingastað var á Nobu í London.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég var alin þannig upp að borða það sem er sett fyrir framam mig. Siginn fiskur er eini maturinn sem ég á erfitt með að setja ofan í mig, en ég myndi samt borða hann.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Ég er ágæt í að búa til sushi. Þá dreg ég fram bambusinn úr eldhússkápnum og allt sem þarf í ágætissushi.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ég er rosalega mikil súkkulaðikona. Godiva-súkkulaði er alveg draumur í dós, manni líður mjög vel þegar maður kemst í einn þannig konfekt kassa.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Ég á alltaf grænmeti og mjólk og svo á ég alltaf hrökkbrauð frá Ágústu Johnson. Þetta er eitthvað sem er skylda að eiga.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég tæki kærastann náttúrulega fyrst og gæti japlað á honum í nokkra daga. En ætli það væri ekki bara vatn og kók til að vera góð í skapinu, ég er soldið veik fyrir kóki, bæði venjulegu og Coke light.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Mér finnst súrir hrútspungar æðislegir en það eru örugglega ekki allir hrifnir af þeim. Annars man ég ekki eftir neinu skrítnara.



## ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

## Konstantin stefnir á toppinn

Innblásinn af HM í fótbolta hef ég fjallað svolítið um þýsk vín í pistlum mínum undanfarnar vikur. Þýsk víngerð hefur enda verið í mikilli sókn undanfarin ár og margt afar spennandi að gerast í víngerðinni. Ég var svo lánsamur að komast á leiki í keppninni og þar sem ég sat í Kaiserslautern saddur af fótbolta datt mér í hug að gaman væri að sinna hinni dellunni hjá manni og komast í heimsókn í vínhús. Ég leit á landakort og komst að því að sá vínframleiðandi sem Íslendingar hafa haft í hvað mestum hávegum síðari ár, Louis Guntrum, var steinsnar frá. Ákvað að athuga hvort hægt væri að kíkja í heimsókn og það var meira en auðsótt.

„Okkur þykir alveg makalaust hvað þið Íslendingar drekkið mikið af vínunum okkar, eins fáir og þið eruð,“ er eitt það fyrsta sem Louis Konstantin Guntrum segir við mig en Guntrum Riesling Royal Blue hefur verið í hópi söluhæstu hvítvína hérlendis um árabil. Hingað til hefur víngerðin Louis Guntrum einkum verið kunn fyrir prýðileg borðvín en áherslan síður verið á dýrari og vandaðri vín. Þessu er Konstantin Guntrum að breyta en hann tók við vínhúsinu fyrir þremur árum af föður sínum.

„Ég ætla mér að vera kominn á svipaðan stall og Ernst Loosen er á núna þegar ég verð kominn á hans aldur. Og vonandi er afar stutt í að húsið verði álitið það allra besta hér á Rheinhessen-svæðinu,“ segir Konstantin og þykir mér nokkuð djarflega mælt því Loosen er helsti páfi þýskrar víngerðar þessa stundina og var m.a. valinn fjórði besti hvítvínsvíngerðarmaður heims í nýjasta hefti tímaritsins Decanter. En þetta sýnir þann mikla metnað sem Konstantin Guntrum hefur til að bera og það verður spennandi að sjá hvort hann verði kominn í hóp helstu eðalframleiðanda Þýskalands eftir hálfan annan áratug þegar hann nær þeim aldri sem áðurnefndur Loosen er á núna. Miðað við það sem Konstantin sýnir mér og þau vín sem ég fékk að smakka hjá honum tel ég afar líklegt að hann nái hinum háleitu markmiðum sínum. Hann hefur gríðarlega trú á möguleikum rieslingþrúgunnar rétt eins og margir aðrir víngerðarmenn af þeirri kynslóð sem nú ræður ríkjum í þýskri víngerð. „Riesling er og verður okkar aðal þrúga og við höfum ekki enn fullnýtt þá möguleika sem hún veitir. Með því að nostra við vínviðinn og minnka aðeins uppskerumagnið þá má ná enn betri árangri,“ segir Konstantin og mun ég síðar fjalla nánar um sitthvað spennandi í víngerð hans.




**VERT AÐ SPÁ Í:** Alkóhóllléttu riesling-vínin eins og Royal Blue frá Guntrum eða Dr. L frá Dr. Loosen eru svalandi sumarvín. Þeir kuldar sem ríkt hafa kalla kannski á öflugri vín, hvernig væri að prófa Guntrum Oppenheimer Sacktrager Riesling Spatlase sem er hærra í alkóhóli, eða 13%, og prýðileg kaup á 1.550 kr.

# Kjötréttur frá heimabæ Ronaldinhos

**Luciano Dutra þjónustufulltrúi og túlkur hjá Alþjóðahúsinu bræðir saman íslenskt hráefni og brasilískar hefðir í eldhúsinu.**




LUCIANO DUTRA „Einhvern tímann var ég með matarboð fyrir þrjátíu Íslendinga og nokkrir þeirra sögðu að rétturinn bragðaðist eins og kjötsúpa,“ segir Luciano, en hann ber réttinn fram með sólþurrkuðum tómötum og ólífum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég og Ronaldinho erum frá sömu borg. Hann er frá sama íþróttafélagi og ég held með, Porto Alegre,“ segir Luciano Dutra, en hann er frá Rio Grande-fylki í Suður-Brasilíu. Dutra kom til Íslands fyrir fjórum árum að læra íslensku og hefur verið hér síðan. Hann er grafískur hönnuður að mennt og er að læra þýðingarfræði í Háskóla Ísland og íslensku. Luciano lýsir matargerð Brasilíu sem litríkri og bragðmikilli en segir að matarvenjur séu mjög mismunandi eftir landshlutum, enda er Brasilía stórt land.

„Í Suður-Brasilíu er meira um kjöt en fisk, þá sérstaklega nautakjöt, eins og í Argentínu og Úrúgvæ,“ segir Luciano en uppskriftin sem hann gefur hér er hefðbundinn pottréttur frá þeim slóðum í Brasilíu. „Ég lærði þennan rétt af mömmu minni, hún eldaði þetta oft. Upprunalega uppskriftin er með saltkjöti og helst engu nema hrísgrjónum en ég geri þetta aðeins flóknara. Ég hef notað þessa uppskrift með lambakjöti og hrossakjöti og einnig er hægt að nota nýtt nautakjöt í stað saltkjöts,“ segir hann. Rétturinn kallast arroz carreteiro sem hægt er að þýða á íslensku sem hrísgrjón nautahirðisins. „Nautahirðarnir sem þurftu að fara milli héraða og reka á undan sér nautgripina voru alltaf með saltkjöt og hrísgrjón með sér. Þetta er mjög einföld uppskrift og það var auðvelt fyrir þá að stoppa og útbúa þetta á kvöldin. Svona byrjaði uppskriftin,“ segir Luciano.

### ARROZ CARRETEIRO

**Pottréttur með kjöti og hrísgrjónum að hætti nautahirðisins, fyrir fimm.**

500 g saltkjöt
3 bollar hrísgrjón
1 rauðlaukur
2 hvítlauksgeirar
1 dós niðursoðnir tómatar
1 teningur lambakjötskraftur
ólífuolía
salt og pipar eftir smekk
grænar ólífur, sólþurrkaðir tómatar, parmesan ostur eða annað meðlæti eftir smekk

„Galdurinn er að elda hrísgrjónin með kjötinu, alls ekki sjóða þau sér,“ segir Luciano, en þannig draga þau í sig meira bragð. „Svo er mikilvægt að steikja grjónin aðeins áður en þau eru soðin því þau eiga aldrei að vera of mjúk. Annars verða þau eins og grjónagrautur,“ segir hann.

Saltkjötið skal skolað í vatni og skorið niður í bita. Gegnumsteikið kjötið í potti ásamt söxuðum hvítlauk, skornum rauðlauki og niðursoðnum tómötum og saltið og piprið eftir smekk. Hrísgrjónum er síðan bætt út í og allt steikt í tvær til þrjár mínútur áður en þremur bollum af ísköldu vatni er bætt út í, ásamt lambakjötskrafti. Allt saman er síðan látið sjóða í 20 mínútur eða þangað til grjónin eru orðin frekar mjúk.

rosag@frettabladid.is




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

# Áhöld sem bæta og kæta

**Mangóskerinn**
Þetta stórsniðuga áhald sker mangóávöxtinn í tvennt og tekur kjarnann úr um leið. „Hann er búinn að vera rosalega vinsæll og var uppseldur um langan tíma. Hann virkar þannig að maður setur skerann ofan á mangóið og þrýstir niður og þá er maður búinn að skera kjötið frá kjarnanum,“ segir Guðrún Jóhannesdóttir verslunarstjóri í Kokku. Skerinn er frá OXO sem er þekkt bandarískt merki í eldhúsáhöldum og kostar 1650 krónur.



**Fjölhæfar mæliskeiðar**
Nú þarf maður ekki lengur margar mæliskeiðar af öllum stærðum og gerðum. „Þessar nýju mæliskeiðar eru þannig að þú getur stillt magnið, bæði í únsum og millilítrum. Maður ýtir á takka og þá stillist magnið,“ segir Guðrún. Mæliskeiðarnar eru til í tveimur stærðum; önnur mælir allt frá 1/8 af teskeið upp í tvær matskeiðar og hin mælir frá tveimur matskeiðum upp í einn og hálfan desilítra. Sú minni er á 950 kr. og sú stærri á 1150 í Kokku.



**Ananasskerinn**
„Ananasskerinn er alveg nýr hjá okkur. Nú er oft hægt að fá fallegan ananas, en maður lendir í vandræðum með að taka börkinn af og skera kjarnann úr,“ segir Guðrún. Þá er um að gera að fá sér ananasskera: skerinn tekur ekki aðeins börkinn af ávextinum heldur býr til fallegan gorm úr aldinkjötinu og sker kjarnann frá. „Það er nóg að skera toppinn af ananasnum, setja skerann ofan á ávöxtinn, þrýsta niður og snúa,“ segir Guðrún. Skerinn er úr stáli og endist lengur en plastútgáfur sem stundum hafa fengist á landinu. Ananasskerinn bráðsniðugi er á 2650 krónur og fæst í Kokku.




Helgar sprengja
Gelert
Trefill, húfa og hanskar
svart, flís
Adrenalin pakki
bakpoki m/poka fyrir vökva,
utanáliggjandi rör og skeiðklukku
Bakpoki 10 ltr svefnpoki og vasaljós
blátt, bleikt
Handpumpa
Sett af stútum fylgir,
12V breytir fyrir bíla
Freedom svefnpoki
300
25% afsláttur
af öllum Gelert útileguvörum fimmtudag - mánudags.
Útilegustóll
Útileguborð
ál, 70x70x68 cm
Fire friend
ferðagasgrill
Höfuðlukt
Útilegulampi
vatnsheldur
Vatnsbrúsi
Vatnskútur
8 ltr.
Brauðrist
4ra sneiða
Gildir til 10. júlí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
ODDI VO_83324

*Hey, hey! What's this I see? I thought this was a party. LET'S DANCE!*

Hinn mjög svo danshneigði Ren McCormick, sem Kevin Bacon túlkaði svo eftirminnilega, rifur stuðið í gang. Úr Footlose frá 1983.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON SÖNGVARI

## *Átta ára morðingi í uppáhaldi*

**Eftirlætis kvikmynd:** Pink Flamingos (John Waters, 1972), Evil Dead (Sam Raimi, 1982), Vertigo (Alfred Hitchcock, 1958), Blow Up (Michelangelo Antonioni, 1966) The Exorcist (William Friedkin, 1973), Kill Bill vol. 1 (Tarantino, 2004), Barbarella (Roger Vadim, 1968), Beneath the Valley of the Ultravixens (Russ Meyer, 1979), Once upon a time in the West (Sergio Leone, 1968), Carrie (Brian dePalma, 1976). Squirm (Jeff Lieberman, 1976) Double Agent ,73 (Doris Wishman, 1973) Coffy (Jack Hill 1973), The Bad Seed (Mervin LeRoy, 1956), Suspiria (Dario Argento, 1976), og It's A Wonderful Life (Frank Capra, 1946).
**Eftirminnilegasta atriðið:** Þegar hrekkjusvínin sturta úr fötu fullri af svínablóði yfir Carrie.
**Uppáhalds leikstjóri:** Alfred Hitchcock. Hann er málið.
**Uppáhalds íslenska myndin:** Morðsaga. Yndisleg staðreynd að fyrsta íslenska kvikmyndin í fullri lengd reyndist vera költ-splattermynd.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Allt X-men gengið. Hetjur í máli og myndum, á orði sem á borði.
**Mesti skúrkurinn:** Það er hún Rhoda Penmark, litla ljóshærða 8 ára stelpan úr „The Bad Seed" (1956). Það er mynd um móður sem kemst að því að litla stúlkan hennar er kaldrifjaður morðingi, sem drepur fólk ef hún fær ekki vilja sínum framgengt. Og aldrei hægt að sanna neitt, hún er svo lúmsk. Skiptir engu hver á í hlut, garðyrkjumaðurinn, börnin í skólanum, fóstran, eða amma hennar. Hún kálar þeim öllum ef þau fara í taugarnar á henni og stimplar sig inn sem mesta skúrk kvikmyndasögunnar.



**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?** Það er litla, búttaða fólkið sem er aðeins notað til að segja brandara í kvikmyndum. Eins og karakterinn sem Danny DeVito er búinn að leika alla ævi. Með þessu er verið að ýta undir það að fólk yfir kjörþyngd verði að segja brandara til að vinna sér inn samþykki og viðurkenningu.
**Ef þú fengir að velja kvikmynd til að leika í, leikstjóra og mótleikara, hvernig mynd yrði það?** Ég lít ekki á mig sem leikara, ég er fyrst og fremst söngvari. En ég myndi passa í vel í næstu bíómynd hjá Pedró Almodóvar, það má alltaf treysta honum. Eða næstu myndir hjá Bryan Singer eða Tarantino, þeir eru líka fínir. Ég get ekki svarað þessu með mótleikarana, því þó þeir séu mínir uppáhalds, þá er ekkert víst að ég virki með þeim þegar á hólminn er komið.

# Fraser og Purcell orðaðir við Hulk

Leikararir Brendan Fraser og Dominic Purcell þykja líklegastir til að hreppa titilhlutverkið í framhaldsmyndinni um skapvonda græningjann Hulk sem er í bígerð. Ástralinn Eric Bana, sem lék risann í leikstjórn Ang Lee árið 2003, hafði lýst áhuga á að endurtaka leikinn ef hann hefði tíma, en í ljós er komið að svo er ekki og því þarf að finna annan leikara.

Á vefsíðunni Internet Movie Database kemur fram að framleiðendur myndarinnar séu spenntastir fyrir Fraser og Purcell. Fraser er hasarnum að góðu kunnur, en hann sló í gegn í myndinni The Mummy, sem gat af sér framhald. Purcell hefur kvatt sér hljóðs í sjónvarpi, til dæmis fer hann með eitt aðalhlutverkanna í þáttunum Prison Break, sem sýndir eru á Stöð tvö.

Að öðru leyti er óvíst með framleiðsluna og ekki er búið að ráða leikstjóra í verkið. Skiptar skoðanir voru á efnistökum Ang Lee, en hann lagði mikla áherslu á sálarlíf græna risans, sem mörgum þótti koma niður á hasarnum. Ólíklegt þykir þó að hann verði fenginn aftur til starfans. Þá er ekki vitað hvort Jennifer Conelly leikur Betty Ross í annað sinn.







GARY OG BROOKE Þótt þau séu búin að fá nóg hvort af öðru er þeim of annt um íbúðina til að vilja sjá á eftir henni til hins.

# Ást og hatur allt í senn

**Flestar rómantískar myndir snúast um fólk sem reynir að ná saman. Í The Break Up kveður hins vegar við annan tón, en þar segir frá karli og konu sem eru búin að fá sig fullsödd hvort á öðru og geta ekki beðið eftir að komast sem lengst frá hinu.**

Sambíóin frumsýndu í gær gamanmyndina The Break Up - eða Slitin eins og það myndi ef til vill útleggjast á íslensku - með þeim Jennifer Aniston og Vince Vaughn í aðalhlutverki. Parið Gary og Brooke hefur ekki lagt rækt við ástina heldur látið hvunndaginn taka yfirráðin í sambandinu: eftir tvö ár saman eru kækirnir, sem eitt sinn voru svo sætir, nú endalaus uppspretta pirrings og minnstu smámunir orðnir kveikja að heiftarlegu rifrildi. Þau ákveða því að segja þetta gott og hætta saman. Ástin kemur þó í veg fyrir að leiðir skilji; reyndar ekki ást hvort á öðru heldur á íbúðinni, sem er á besta stað í bænum.
Bæði harðneita þau að flytja og til að bæta gráu ofan á svart eru Gary og Brooke umkringd litríkum fjölda vina og vandamanna, sem liggja á ekki á skoðunum sínum. Innblásin af misgáfulegum ráðleggingum vina sinna leggjast þau skötuhjúin fyrrverandi í heiftúðlegan sálfræðihernað í stríðinu um íbúðina, oftar en ekki með hlægilegum afleiðingum. En mitt í skærunum komast þau að því að ef til vill er ekki allar glæður kulnaðar.
Fáir trekkja jafnmikið að og Vaugn og Aniston um þessar mundir og þarf því ekki að koma á óvart að myndin fór beint á toppinn yfir aðsóknarmestu myndirnar í Bandaríkjunum þegar hún kom út á dögunum. Auk þeirra kemur fjöldi þekktra leikara við sögu og má meðal annars nefna Jason Bateman, úr þáttunum Arrested Developement, Jon Favrea, en hann og Vaughn léku meðal annars saman í myndunum Swingers og Made, Vincent D'Onfrio, sem allir aðdáendur Stanley Kubrick muna eftir úr Full Metal Jacket og Joey Laurie Adams en hún lék meðal annars aðalhlutverkið í Chasing Amy eftir Kevin Smith og bregður iðulega fyrir í myndum hans.
Leikstjórinn Peyton Reed er rómantíkinni ekki ókunnur en hann á að baki myndir á borð við klappstýrumyndina Bring it on (2000) með Kirsten Dunst og Down with Love (2004) með þeim Ewan McGregor og Renee Zellweger.




# Varamennirnir á völlinn

Gamanmyndin The Benchwarmers - eða varamennirnir - var frumsýnd í Smárabíói, Regnboganum og Borgarbíói á Akureyri í gær. Myndin fjallar um þrjá vini sem allir eiga það sameiginlegt að hafa varið dágóðum tíma á varamannabekknum í hafnaboltaliðinu í barnaskóla.

Dag einn bjarga þeir litlum strák frá nokkrum hrekkjusvínum. Í ljós kemur að strákurinn er sonur auðkýfings, sem gerir þremenningum ómótstæðilegt tilboð: hann fær þá til að mynda þriggja manna hafnaboltalið sem leikur á sérstöku móti með fullskipuðum úrvalsliðum barnaskólanna í ríkinu, en með því vonast hann til að stappa í alla þá stálinu sem hafa orðið fyrir barðinu á hrekkjusvínum. Í verðlaun fær sigurliðið sinn eigin íþróttaleikvang.

Til að undirbúa vinina þrjá ræður milljónamæringurinn hafnaboltahetjuna Reggie Jackson, sem beitir óhefðbundnum aðferðum við þjálfunina svo ekki sé fastar að orðið kveðið.

Með aðalhlutverk fara Rob Schneider, David Spade og Jon Heder en sá síðastnefndi fór á kostum í titilhlutverki myndarinnar Napoleon Dynamite.



VARAMENNIRNIR David Spade, Rob Schneider og Jon Heder í hlutverkum sínum.

# Fimm myndir um skilnað

**Í tilefni frumsýningar myndarinnar The Break-up rifjar Fréttablaðið upp fimm myndir sem hver á sinn hátt fjallar um þegar leiðir skilja.**

## Kramer vs. Kramer (1979)



Dramatísk mynd um fjölskyldusundrungu, uppbyggingu og sátt. Ted Kramer er á réttri leið á framabrautinni en hefur látið fjölskylduna mæta afgangi. Þegar Joanna, eiginkona hans, fær nóg og yfirgefur hann og son þeirra, þarf Ted að taka sig á í föðurhlutverkinu. Daglegt líf feðganna er við það að komast í fastar skorður þegar Joanna birtist aftur og vill fá soninn í sína forsjá og við tekur harðvítug deila fyrir rétti.

Leikstjóri Robert Benton. Aðalhlutverk: Dustin Hoffman og Meryl Streep.

## War of the Roses (1989)

Svört gamanmynd um hjónin Oliver og Barböru Rose. Ástin flutti út með börnunum og glæðurnar eru löngu kulnaðar þegar hjónin ákveða að skilja. Bæði vilja þau hins vegar halda glæsilegu heimilinu og svífast einskis til að fá sitt fram.



Leikstjóri: Danny DeVito. Aðalhlutverk: Michael Douglas og Kathleen Turner.

## Mrs. Doubtfire: (1993)

Léttgeggjuð gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Þegar kæruleysið hleypur með atvinnulausa leikarann Daniel Hillard í gönur hendir frúin honum út. Til að hitta börnin sín oftar grípur Daniel til örþrifaráða; dulbýr sig sem skoska ekkju og ræður sig í vinnu sem barnfóstra hjá eiginkonunni fyrrverandi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.



Leikstjóri: Chris Columbus. Aðalhlutverk: Robin Williams og Sally Field.

## High Fidelity (2000)

Byggð á samnefndri bók eftir Nick Hornby. Plötusalinn Rob Gordon er staðnaður í starfi og lífinu. Þá bætir kærastan gráu ofan á svart og fer frá honum. Rob leggst því í ítarlega naflaskoðun og reynir að komast að því hvers vegna ástin stansar aldrei lengi hjá honum. Skemmtileg þroskasaga þar sem frábær tónlist leikur stórt hlutverk. Tim Robbins fer á kostum í litlu en eftirminnilegu hlutverki.



Leikstjóri: Stephen Frears: Aðalhlutverk: John Cusack, Ibjen Helbje og Jack Black.

## Closer (2004)

Vel heppnuð aðlögun á samnefndu leikriti eftir Patrick Marber (Komdu nær í íslenskri þýðingu). Tvö pör í London eru í ástarferhyrningi með tilheyrandi drottnunargirni, afbrýði, og sálarflækjum og enginn kemst óskaddaður úr leiknum. Firnasterk stúdía á völdum í ástarsamböndum.



Leikstjóri: Mike Nichols. Aðalhlutverk: Jude, Cliwe Owen, Julia Roberts og Natalie Portman.

# Disney vildi ekki Johnny Depp

Bandaríski leikarinn Johnny Depp segir að framleiðendur hjá Disney hafi ekki viljað fá sig í hlutverk sjóræningjans Jacks Sparrow í myndinni Pirates of the Caribbean, þar sem hann hefði fyrst og fremst getið sér orðs í ódýrum og óháðum myndum. Sjálfur hafi hann hins vegar barist fyrir rullunni og notið þar stuðnings, Gore Verbinkis, leikstjóra myndarinnar, og það gerði útslagið.

„Mér fannst ég vera að taka skref í rétta átt," segir Depp í viðtalið við breska dagblaðið The Guardian, í tilefni af frumsýningu framhaldsmyndar Pirates of the Carribean. „Svona sá ég Jack skipstjóra fyrir mér og fannst að hann ætti að vera." Þeir hjá Disney sáu ekki eftir því að hafa samþykkt Depp, myndin malaði gull og hann var tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir leik sinn.

Innblástur fyrir hlutverkið sótti Depp meðal annars í Keith Richards, gítarleikara Rolling Stones, en hann hefur samþykkt að koma fram í þriðju sjóræningjamyndinni. „Við hittumst á hótelherbergi og klæddum okkur eins og sjóræningjar," segir Depp. „Hann leit ótrúlega vel út."

Í viðtalinu kemur fram að þó að Depp leiki núna í sumarsmellum leggi hann ekki meira upp úr aðsókninni en áður. „Ég hef leikið í myndum sem þóttu algjört klúður vegna þess að þær skiluðu ekki miklum gróða. Ég var eitur í beinum peningamannanna. Það skipti mig hins vegar engu máli, ég var stoltur af þessum myndum og finnst þær allar góðar. Það hefur ekkert breyst við þetta."



**JOHNNY DEPP** Hitti Keith Richards og þeir klæddu sig eins og sjóræningjar.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Eiríkur genginn til liðs við Fróða

Eiríkur Jónsson blaðamaður hefur verið ráðinn til starfa hjá Tímaritaútgáfunni Fróða. „Ég fer upp á Fróða því þar eru starfandi þeir menn sem ég hef unnið best og mest með í blaðamennsku, þeir Mikael Torfason og Reynir Traustason, auk annarra," segir Eiríkur.

Hjá Fróða hittir Eiríkur fyrir gamla kollega af DV, þau Andra Ólafsson, Bergljótu Davíðsdóttur og Jón Trausta Reynisson. Eins og kunnugt er var Mikael Torfason ráðinn aðalritstjóri útgáfunnar fyrir skömmu.



Eiríkur er á leið í sumarfrí en hefur störf hjá Fróða í haust. Ekki er ljóst í hvaða blöð Eiríkur mun skrifa. „Það er margt spennandi í pípunum. Það eru miklar hræringar á fjölmiðlamarkaðinum og það er ekki á vísan að róa þar," segir Eiríkur. „En við spyrjum að leikslokum."

Eiríkur hefur komið víða við á fjölmiðlaferli sínum. Hann hefur meðal annars starfað við dagskrárgerð í sjónvarpi og útvarpi en var lengst af blaðamaður á DV.

**EIRÍKUR JÓNSSON** Hann hefur ráðið sig til starfa hjá Tímaritaútgáfunni Fróða þar sem hann hittir fyrir Mikael Torfason og Reyni Traustason.



**MIKAEL TORFASON** Var ráðinn aðalritstjóri Tímaritaútgáfunnar Fróða fyrir skömmu.



**KEIRA KNIGHTLEY** Blæs á kjaftasögur um að hún sé haldin átröskun.

# Ekki með átröskun

Leikkonan unga Keira Knighley neitar því að vera með átröskun. Breska slúðurpressan hefur mikið velt sér upp úr grönnum líkamsvexti leikkonunnar en hún þvertekur fyrir að þjást af þessum hræðilega sjúkdómi.

Hún viðurkennir þó að amma hennar hafi þjáðst af lystarstoli. Hún segist því þekkja vel til sjúkdómsins og segir að hann sé ekkert til að grínast með. Hún er nú á fullu á kynna nýjustu mynd sína „Pirates of the Carribean, Dead Mens Chest".

AUGLÝSINGFRÁ CANAL+: ÍSLAND Í BAKGRUNNI

# Íslenskir selir heiðraðir á Cannes

Auglýsingin March of the Emperor, sem tekin var að mestu leyti hér á landi, fékk gullverðlaun á auglýsingahátíðinni í Cannes fyrir skömmu. Kvikmyndafyrirtækið Pegasus sá um framkvæmdahlið auglýsingarinnar en meðal leikenda voru selirnir í Húsdýragarðinum.

„Auglýsingin var öll mynduð hér á landi og allir leikararnir, um



**NAPÓLEON Á ÍSLANDI** Um sextíu íslenskir leikarar voru fengnir til að bregða sér í hlutverk Napóleons.

sextíu talsins, eru íslenskir nema aðalparið," segir Einar Sveinn markaðsstjóri Pegasus. Meðal tökustaða voru Vatnajökull, Kirkjubæjarklaustur, Jökulsárlón og Húsdýragarðurinn. „Það reyndist heldur erfitt að taka upp atriðið með selunum enda ekki hægt að leikstýra þeim," útskýrir Einar Sveinn. „Fyrst reyndum við að koma green-screen-tjaldi í tjörnina hjá þeim en það datt um koll. Við þurftum því að koma aftur nokkrum dögum síðar og þá vorum við færri starfsmenn og með færri tæki. Við létum selina stjórna í stað þess að reyna að stjórna þeim og þá gekk þetta upp."

Auglýsingin var framleidd fyrir frönsku sjónvarpsstöðina Canal+. Hún fjallar um tvo vinnufélaga, karl og konu, sem eru að ræða um kvikmyndir. Maðurinn segir konunni frá mynd sem hann sá sem heitir March of the Emperor og fjallar um ferðalag keisaramörgæsa. Konan misskilur manninn hins vegar eitthvað og sér fyrir sér Napóleon og herlið hans á þrammi á miðri Antartíku með tilheyrandi gríni. Í lýsingum sínum kemur maðurinn meðal annars inn á það hvernig selur hafi étið eina af mörgæsunum, sem konan sér fyrir sér sem hermann Napóleons, en þar koma selirnir í Húsdýragarðinum við sögu.

kristjan@frettabladid.is



**NÝJUSTU SJÓNVARPSSTJÖRNUR ÍSLANDS** Selirnir í Húsdýragarðinum slógu í gegn í auglýsingunni frá Canal+.








**JÓNÍ JÓNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA** Sýning Jóníar verður opin til 23. júlí.

# Draumar fangaðir í Gallerí Turpentine

Jóní Jónsdóttir myndlistarkona opnaði sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti um síðustu helgi. Hún hefur starfað með Gjörningaklúbbnum í tæpan áratug en á sýningunni eru ljósmyndir, innsetningar og vídeóverk. Hljómsveitin Mínus lék fyrir gesti á opnuninni.



**MYNDLISTARSÉRFRÆÐINGAR** Hreinn Hringsson myndlistarmaður og Edda Jónsdóttir galleristi.



**ÁNÆGÐIR MEÐ SÝNINGUNA** Lárus Páll og Huginn Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON



**SKÁLAÐ FYRIR GLÆSILEGRI SÝNINGU** Þórunn Gísladóttir og Sigurlilja Jóhannsdóttir.

# Litadýrð í Parísartískunni

París þekkt fyrir að vera höfuðborg tískunnar. Þar eru flest tískuhúsin með höfuðstöðvar sínar og borgin sjálf er iðandi af fólki sem tengist tísku á einn eða annan hátt.

Á þriðjudaginn var lauk tískuvikunni fyrir vor/sumar 2007 í herrafatnaði þar á bæ. Stærstu hönnuðir heims lögðu línurnar fyrir næsta sumar og gáfu félögum sínum í Mílanó ekkert eftir en tískuvikan þar er nýafstaðin. Hápunktur vikunnar var lokasýningin en þá kom fram hönnuðurinn Hedi Slimane fyrir Dior og spekúlantar halda að þetta hafi verið hennar síðasta sýning fyrir hátískumerkið.

Litadýrð verður greinilega meiri en oft áður hjá herrunum og þá helst sterkir litir eins og bleikur, gulur og rauður í bland við ljósgrátt og hvítt. Klútar koma í stað bindis og klæðskerasniðnir jakkar í margs konar munstrum voru áberandi ásamt litríkum skóm og sokkum. Það er því ákveðinn kynlaus og töffaralegur blær sem svífur yfir herratískunni næsta sumar.

alfrun@frettabladid.is



**KYNLAUS TÍSKA** Stundum mátti ekki á milli sjá hvort kona eða karl væri í fötunum en eitt er víst að þessi klæðnaður frá HERMES mundi sóma sér vel á báðum kynjum.



**SVALIR KAPPAR** Fyrirsæturnar sem sýndu fyrir hönnuðinn Paul Smith voru flottir drengir í hvítum buxum, gulum skóm og vestispeysum.



**GIVENCHY** Svöl sólgleraugu sem passa mjög vel við stutterma skyrtu og hvítar buxur. Gæti verið nýjasti stíllinn á golfvöllunum næsta sumar.



**DIOR** Ekki var jafn mikil litagleði í hönnun Hedi Slimane fyrir Dior en hún hefur vakið mikla athygli fyrir tilraunakennd snið og falleg efni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**JAPÖNSK TÍSKA** Hönnuðurinn Masamoto er mjög vinsæll og hér eru falleg röndótt jakkaföt og svört skyrta. Algengt var að skyrtan, bindið og jakkafötin væru í sama lit.



**SUMARLEGT** Flottur gulur jakki frá YSL. Skemmtilegt litasamsetning.



**BLEIK JAKKAFÖT** Sonia Rykiel er skemmtilegur hönnuður og hér eru bleik jakkaföt og munstruð skyrta við.



**YVES SAINT LAURENT** Þetta virðulega tískuhús klikkar sjaldan og hér er falleg samsetning frá þeim með ljósbrúnni skyrtu, klút um hálsinn og ljósbláum jakka.


Með rétta dótið handa þér!

Höfum gott úrval af farangursboxum, toppgrindarbogum og öðrum vörum á frábæru verði.



15% sumarafsláttur
Verð kr. 67.660
X8 15" - 4 stk.
Borbet álfelgur - 2006 lína

Wheel Wax álfelgubón
Ver álfelgur gegn tæringu.



Verð kr. 1.990

Einangruð kaffikrús með 12v hitara



Verð kr. 1.299

Gott úrval farangurs-boxa



Verð frá kr. 34.990



Bakkskynjarakerfi í alla tegundir bíla.
SPIN LINE kerfi með stafrænum skjá.
Verð kr. 11.990

Verslun & Varahlutir
Grjóthálsi 1 · Sími: 575-1240 · www.bl.is



KILLER LINE bassakeila frá SPIN LINE
Gerðu frábær kaup á SPIN LINE!
300 w með boxi kr. 11.499
400 w með boxi kr. 13.499
500 w með boxi kr. 16.699
600 w með boxi kr. 19.899



Verð kr. 39.995
DVD kerfi frá SCOTT í ferðalagið - hvar sem er - hvenær sem er!




Hér er verslunin!









**HAMINGJUSÖM** Kate Bosworth og Orlando Bloom hafa aldrei verið hamingjusamari saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Sambandið aldrei traustara

Allt gengur nú í haginn hjá Hollywood parinu Kate Bosworth og Orlando Bloom. Þau voru mikið í fréttunum á síðasta ári, enda leit þá út fyrir að upp úr sambandi þeirra myndi slitna. Nú segjast þau aldrei hafa verið eins hamingjusöm.

Ástæða þess að sambandið gekk ekki sem skyldi áður var að þau dvöldust mjög lengi í burtu frá hvort öðru við tökur á kvikmyndum. Bosworth var í Ástralíu að taka upp Superman Returns á meðan Bloom var við tökur á Pirates of the Caribbean. Þrátt fyrir allt segir Kate að þau hafi á endanum komist í gegnum vandræðin. „Þetta var sannarlega erfitt en þannig er það alltaf í samböndum. Það var nú það sem ég lærði í fyrra, ég komst að því að sambönd eru og verða alltaf erfið. Á sama tíma eru þau samt fallegasti og besti hlutur sem fyrirfinnst í veröldinni.“

# Víkingar fyrir vestan

Keppnin um Vestfjarðavíkinginn hefst í dag á Ísafirði og stendur fram á laugardag. Keppt verður í níu greinum og ber þar hæst Herkúlesarhaldið, Mylluganga, steinatök, dekkjavelta og kútakast. Vestfjarðavíkingurinn hefur verið haldinn síðan árið 1993 í ár taka átta kraftajötnar þátt. Þeir eru Arnar Már Jónsson, Benedikt Magnússon, Georg Ögmundsson, Guðmundur Otri Sigurðsson, Jón Valgeir Williams, Sigfús Fossdal, Stefán Sölvi Pétursson og Svavar Sigursteinsson.

„Við verðum með þyngsta aflraunastein sem notaður hefur verið á Íslandi, hann er heil 191 kíló,“ segir Guðmundur Otri sem er aldursforseti keppninnar í ár. „Ég býst nú ekki við að vinna sjálfur, maður verður meira í að halda hópnum saman og hvetja menn áfram,“ segir Otri. Það var Magnús Ver Magnússon sem sigraði Vestfjarðavíkinginn í fyrra en hann verður ekki með í ár vegna meiðsla. Otri segir að þá gefist yngri mönnunum tækifæri til að sanna sig: „Þeir Benedikt, Stefán Sölvi og Georg eru sigurstranglegastir. Benedikt er alveg yfirnáttúrulega sterkur, ekki nema 23 ára gamall. Stefán Sölvi er svo ekki nema tvígurur svo þessir drengir gætu vel átt heima í keppni um sterkasta mann heims. Þeir fá alla vega tækifæri til að sanna sig nú um helgina,“ segir Otri. Mikil og góð hefð hefur verið fyrir góðu veðri þegar Vestfjarðavíkingurinn hefur verið haldinn, ef frá er skilið árið í fyrra þegar gerði vitlaust veður. Otri er bjartsýnn fyrir mótið í ár: „Það var spáð snarvitlausu veðri en við erum búnir að hrópa á Þór og Óðinn og það virðist ætla að verða blíða.“

-hdm



**GUÐMUNDUR OTRI** Aldursforsetinn í keppninni um Vestfjarðavíkinginn sem hefst í dag.

# Tvöföld HM veisla í Egilshöll

Um helgina fer fram ein allsherjar HM veisla í Egilshöll í tilefni þess að úrslitin munu ráðast á Heimsmeistaramótinu. Mikið verður um að vera í Egilshöll þessa tvo daga sem veislan stendur yfir. Leikurinn um bronsið og úrslitaleikurinn sjálfur verða sýndir á sérútbúnu 200 fermetra sýningartjaldi og risastóru hljóðkerfi, en hvort tveggja mun vera það stærsta sem notað hefur verið fyrir viðburð sem þennan. Auk knattspyrnuleikjanna munu Bubbi Morthens, Tónleikurinn Bítl og Paparnir stíga á svið um helgina.

Ólafur Örn Jónsson hjá Vivius segir að HM veislan hafi ekki átt sér langan aðdraganda. „Við vorum í rauninni bara að horfa á leikinn hérna í Sportbitanum í Egilshöllinni um síðustu helgi, málið er það að við erum viðburðarstjórnunarfyrirtæki og okkar hlutverk er að finna viðburði til þess að fylla Egilshöllina og þegar við fengum þessa hugmynd þá kýldum við þetta bara spontant í gegn,“ segir Ólafur.



**ÓLAFUR ÖRN JÓNSSON** Báðir leikirnir um helgina verða sýndir á 200 fermetra risatjaldi í Egilshöll. Nokkrir tónlistarmenn munu einnig leika í Egilshöll um helgina. Það er fyrirtækið Vivius sem skipuleggur atburðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BUBBI** Bubbi Morthens mun stíga á svið í Egilshöllinni bæði á laugardag og sunnudag.

Miðaverð á HM veisluna er 1000 krónur og segir Ólafur að þeim peningum verði vel varið. „Stefnan hjá okkur er að fólk fái úrslitaleikina eins beint í æð og hugsast getur, upplifunin á að komast næst því að vera á sjálfum vellinum. Við erum með sætapláss fyrir sex þúsund manns og Ölgerðin mun koma með allt sitt, bæði bjór og gosdrykki. Dominos mun svo sjá um veitingarnar,“ segir Ólafur og lofar því að stemmingin í Egilshöllinni verði ólýsanleg enda er ekkert til sparað.

Bubbi Morthens og Bítl-strákarnir munu stíga á svið bæði kvöldin en á laugardagskvöldinu munu Paparnir slá upp brjáluðum dansleik. Aldurstakmark í veisluna er 18 ár en Ólafur segir að auðvitað geti þeir sem eru yngri en 18 ára mætt í fylgd með fullorðnum til þess að horfa á leikina.

Að fenginni reynslu mælir Ólafur með því að þeir sem eigi kost á því að skilja bílana eftir heima geri það, enda sé bílastæðapláss takmarkað við Egilshöllina. Forsala miða fer fram á midi.is en einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn.

**valgeir@frettabladid.is**

# Kristin Davis kosin kynþokkafyllst

Leikkonan Kristin Davis var valin kynþokkafyllsta konan af breska tímaritinu EVE. Davis er best þekkt fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Beðmál í borginni eða Sex and the City og þykir hún hafa margt til brunns að bera þegar kemur að fegurð og útgeislun. Það voru fjögur þúsund lesendur blaðsins sem stóðu fyrir valinu. Í öðru sæti var leikkonan Catherine Zeta-Jones en merkilegt þykir að allar konurnar sem voru í topp tíu sætunum voru á milli þrítugs og fertugs. Það þykir sýna að fegurðin fölni ekki með aldrinum.



**KRISTIN DAVIS** Leikkonan var í fyrsta sæti í vali á kynþokkafyllstu konunni og þykir bera þann heiður vel.




ÁLFABAKKA

THE BREAK UP KL. 3-5:45-8-10:20
THE BREAK UP VIP KL. 4:15-8-10:20
THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal KL. 3-5:30-8
CARS enskt tal KL. 3-5:30-10:20
THE LAKE HOUSE KL. 3:30-5:45-8-10:20
SLITHER KL. 10:30 B.I. 16
SHE´S THE MAN KL. 8

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

THE BREAK UP KL. 3:45-6-9-10:15-11:30
THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 8:15-10:30 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal KL. 4-6:30
*CARS enskt tal KL. 3:45-8:15
*POSEIDON KL. 6 B.I. 14

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

THE BREAK UP KL. 8-10:10
THE CLICK KL. 8 B.I. 10
THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 10:10 B.I. 12

AKUREYRI

THE BREAK UP KL. 6-8-10:10
THE LAKE HOUSE KL. 8-10:10
BÍLAR ísl. tal KL. 5:40

THE BREAK UP KL. 6-8:15-10:30
THE LAKE HOUSE KL. 6-8:15-10:30
CARS enskt tal KL. 6-8:30-10:50
BÍLAR ísl. tal KL. 6-8:30
KEEPING MUM KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12
POSEIDON KL. 10:50 B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Hlæjum með nördunum en ekki að þeim

Nú er það komið á hreint hverjir munu skipa knattspyrnuliðið Nörd sem mun skemmta áhorfendum Sýnar á haustmánuðum. Einvalalið sérfræðinga og þjálfara mun gera allt til þess að gera piltana að betri knattspyrnumönnum á þremur mánuðum. Logi Ólafsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, hefur fengið það krefjandi verkefni að þjálfa KF Nörd. „Æfingar hófust í vikunni og til að byrja með er verið að kanna ástandið á mönnum og athuga hvar þeir standa gagnvart greininni. Niðurstaðan er náttúrlega sú að þetta eru menn sem hafa ekkert komið nálægt þessu áður og er verkefnið því verðugt hvað það varðar.“

Þó að æfingar séu skammt á veg komnar segir Logi hópinn ná vel saman og að þeir muni nálgast þetta með jákvæðum formerkjum og hafa gaman af þessu. „Það verður þó að segjast eins og er að það er ekki gott ástand á leikmönnum liðsins, líkamlegt ástand og knattspyrnuhæfni er lítil sem engin,“ segir Logi.

Það er raunverulegur metnaður sem knýr leikmenn KF Nörd áfram og kveðst Logi þess fullviss að menn fari út í þetta ævintýri af heilum hug til þess að taka framförum í knattspyrnu. „En það verður náttúrulega að taka mið af bakgrunni leikmanna en staðan er sú að þeir vita ekki neitt um íþróttina.“

Liðið mun koma til með að æfa tvisvar til þrisvar sinnum í viku næstu þrjá mánuði og munu æfingar liðsins fara fram í Kaplakrika í Hafnarfirðinum en FH hefur lánað liðinu aðstöðu til æfinga. „Leikmenn hafa komið því þannig fyrir að þeir hafi rúman tíma til þess að geta stundað þetta af kostgæfni enda er þetta tímafrekt. Ég verð þó að segja að þetta krefst ákveðins hugrekkis að taka þátt í þessu, menn verða opinberar persónur fyrir vikið en við leggjum mikla áherslu á það að hafa þetta jákvætt og uppbyggilegt. Við ætlum ekki að hlæja að þeim heldur ætlum við að hlæja með þeim.“

Í lok æfingatímabilsins mun KF Nörd svo leika gegn nýkrýndum Íslandsmeisturum í knattspyrnu og má búast við hörku viðureign. „Við höfum ekki sett okkur markmið fyrir þann leik en munum gera það þegar á líður. Ég er að minnsta kosti mjög bjartsýnn á að þetta verði skemmtilegt.“



**KF NÖRD** Frá vinstri efri röð: Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Vilhjálmur Andri, Kristján Helgi Benjamínsson, Ingþór Guðmundsson, Einar Örn Ólafsson, Hermann Fannar Gíslason, Ragnar Elías Ólafsson, Tandri Waage, Þórarinn Gunnarsson, Logi Ólafsson þjálfari. Frá vinstri neðri röð: Ivan Ólafsson, Gunnlaugur Snær Ólafsson, Ágúst Hlynur Hólmgeirsson, Davíð Fannar Gunnarsson, Guðni G. Kristjánsson, Kári Gunnarsson, Björn Elíeser Jónsson, Hilmar Kristjánsson.

valgeir@frettabladid.is



**JAN MAYEN** Hljómsveitin Jan Mayen mun leikur gagnvirkt videoverk úr Lord of the Rings seríunni.

# Hiphop í bland við klassík

Hljómsveitin Jan Mayen leikur á tvennum tónleikum í dag. Ókeypis er á báða tónleikana en þeir fyrri verða í Gallerí Humar eða frægð klukkan 17 en þeir seinni á Amsterdam klukkan 22. Á tónleikunum mun sveitin flytja gagnvirkt vídeóverk við kvikmyndina Lord of the Rings og verður útkoman samblanda af tónlist úr kvikmyndinni og rapptextar eftir þá sjálfa á meðan atriði úr kvikmyndinni verða sýnd á skjá fyrir aftan.

Valgeir Gestsson, söngvari og annar gítarleikari sveitarinnar, segir að áhugi þeirra á klassískum tónverkum hafi verið kveikjan að þessu. „Tónlistin í Lord of The Rings er algjör klassík og við höfum oft gripið í hana til þess að skemmta okkur sjálfum á æfingum. Fyrir tónleikana í Smekkleysu vildum við hafa þetta dálítið öðruvísi og því bætum við smá hiphopi í þetta. Það eru skemmtilegar andstæður.“

Hljómsveitin mun síðar í sumar leika á Innipúkanum en fljótlega munu upptökur hefjast á nýju efni frá sveitinni sem ætti að heyrast á útvarpsstövum síðsumars. **- vör**





Við mismunandi veðurskilyrði þarf málningu sem endist vel

Útitex er mjög sterk utanhússmálning sérhönnuð á steypu. Hún hefur sterkt yfirborð og fæst að sjálfsögðu í hundruðum Flügger lita.

Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hvolsvöllur

## Aron Einar til AZ

Aron Einar Gunnarsson, 17 ára gamall leikmaður Þórs á Akureyri, hefur gert tveggja ára samning við AZ Alkmaar í Hollandi, lið þeirra Grétars Rafn Steinssonar og Jóhannes Karls Guðjónssonar. Aron hefur verið undir smásjánni hjá AZ allt frá því að hann fór til reynslu hjá liðinu í apríl sl. en mörg önnur lið í Evrópu vildu fá hann í sínar raðir.

**sport**

sport@frettabladid.is

LIÐ ÍBV Í LANDSBANKADEILDINNI: VERÐUR MEÐ FJÓRA LEIKMENN UTAN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

# *Munum aðeins spila þremur í einu*

ÍBV hefur náð samkomulagi við Bandaríkjamanninn Mark Schulte um að hann gangi til liðs við Eyjaliðið og verður hann löglegur þann 15. júlí næstkomandi. Mun Schulte, sem lék með ÍBV sumarið 2004 við afar góðan orðstýr, mun að öllum líkindum skrifa undir samning sem gildir út næsta ár en hann hefur verið að spila í Úrúgvæ það sem af er ári.

Schulte verður fjórði leikmaðurinn í röðum ÍBV sem kemur frá landi utan evrópska efnahagssvæðisins en samkvæmt reglum KSÍ er liðum aðeins heimilt að tefla fram þremur slíkum í hverjum leik.

„Við gerum okkur grein fyrir þessari stöðu og það er ljóst að einn þessara leikmanna verður skilin eftir utan hóps í leikjum. Við spilum bara á þremur í einu," sagði Gísli Hjartarson, stjórnarmaður hjá ÍBV, við Fréttablaðið í gær. Hinir þrír leikmennirnir sem um ræðir eru þeir Andrew Mwesigwa frá Úganda og Bandaríkjamennirnir Jonah Long og Chris Vorenkamp. Allir hafa þeir átt fast sæti í byrjunarliði ÍBV upp á síðkastið og segir Gísli að ÍBV hafi ekki hug á því að segja upp samningi við neinn þeirra.

Einhverjir Eyjamenn hafa sett spurningamerki við réttmæti þess að fá til sín erlendan leikmann, með öllum þeim kostnaði sem honum fylgir, sem má síðan ekki spila fyrir liðið. Gísli segir ekki óeðlilegt að slíkar óánægjuraddir geri vart við sig en fullyrðir að koma Schulte til ÍBV sé aðeins til að styrkja liðið. „Hann kemur ekki fyrr en eftir 15. júlí og ætlar að verða hjá okkur næsta sumar einnig. Það er ástæðan fyrir því að við fáum hann. Svo verður alltaf eitthvað um leikbönn og meiðsli svo að Schulte er ekkert annað en mjög góð viðbót við hópinn," segir Gísli.

## > Styttist í Sigurbjörn



Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, mun væntanlega ekki spila með liðinu gegn Breiðablik á sunnudaginn en hann kjálkabrotnaði fyrir tæpum sex vikum. „Ég er kominn með ansi myndarlega grímu til að spila með en hvaða áhrif hún hefur á eftir að koma í ljós. Ég er byrjaður að hlaupa og skokka en hvort að ég geti komið við sögu á eftir að koma í ljós, en það er ekki mjög líklegt. Ég vonast til að komast í hópinn gegn Bröndby," sagði Sigurbjörn en Valur mætir Danska liðinu þann 13. júlí. Þá styttist einnig í Val Fannar Gíslason sem skaddaði liðbönd fyrir nokkrum vikum en hann gæti spilað með liðinu á svipuðum tíma og Sigurbjörn.



**GLENN ROADER** Tekur Intertoto-keppnina mjög alvarlega. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Glenn Roeder:

## Hreifst af leik Lilleström

**FÓTBOLTI** Glenn Roeder, knattspyrnustjóri Newcastle, segist hafa hrifist af spilamennsku norska liðsins Lilleström í leik liðsins gegn Keflavík í Intertoto-keppninni um síðustu helgi. Lilleström vann leikinn örugglega 4-1 og segir Roeder að bæði liðin njóti góðs af því að deildarkeppnin sé í fullum gangi á Íslandi og í Noregi.

„Lilleström átti sigurinn skilinn og eru mun líklegri til að komast áfram þrátt fyrir að síðari leikurinn sé eftir," segir Roeder sem var á vellinum í Noregi en Newcastle mætir sigurvegaranum úr einvíginu í næstu umferð. Roeder bætti því við að hann ætlaði sér að sterka upp sínu sterkasta liði í leikjunum gegn Lilleström eða Keflavík. **- vig**

# Hver tekur við Breiðabliki?

**Leit Breiðabliks að nýjum þjálfara er í fullum gangi eftir að Bjarni Jóhannsson hætti þjálfun liðsins. Blikar bjuggu til óskalista sem þeir hafa fikrað sig eftir en eiga enn eftir að finna rétta manninn í starfið. Málið gæti þó klárast í dag.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Breiðabliks stefndi að því að kynna leikmenn fyrir nýjum þjálfara á æfingu liðsins í gær, en tókst það ekki. Arnar Bill Gunnarsson hefur stýrt liðinu á æfingum frá því á mánudaginn þegar Bjarni Jóhannsson kvaddi leikmenn á æfingu og tilkynnti að hann væri hættur þjálfun liðsins.

Ólafur Þórðarson, sem hætti þjálfun ÍA í síðustu viku, var einn hinna efstu á blaði Blika sem höfðu fljótlega samband við Ólaf. Skagamaðurinn tjáði þeim aftur á móti í fyrradag að hann hygðist ekki ætla sér að taka við liðinu en hann ætlar að taka sér frí frá þjálfun um stundarsakir.

Pétur Pétursson, þjálfari 2. flokks karla hjá Blikum, sagði við Fréttablaðið í gær að hann myndi ekki taka við liðinu, þrátt fyrir að Blikar myndu biðla til hans um það. Pétur hefur ekki tíma til þess að eigin sögn og hyggst einbeita sér að öðrum verkefnum í bili.



**ÞJÁLFARALAUSIR Á ÆFINGU** Blikar eru hér á æfingu í Kópavogi í gær, án þjálfara. Arnar Bill Gunnarsson sem var aðstoðarmaður Bjarna, stjórnaði æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fréttablaðið hafði samband við marga þjálfara sem ekki eru samningsbundnir liðum í gær en enginn vildi kannast við að Blikar hefðu haft við sig samband.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, vildi lítið tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær en sagðist vonast eftir því að málið skýrðist sem allra fyrst. Hann staðfesti að Blikar væru í viðræðum við ákveðinn þjálfara en vildi ekki tilgreina hver sá aðili væri. **- hþh/- vig**



**ÍSLANDSMEISTARARNIR** Fagna hér marki gegn FH sem þeir mæta einmitt í Landsbankadeild karla í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslandsmeistarar FH:

## Fá Norðmann á reynslu

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH fengu í gær Norskan framherja á reynslu til sín en hann mun dveljast hér á landi þar til á laugardaginn. Kappinn heitir Andre Lindbeak og er sterkur markaskorari sem var síðast á mála hjá sænska liðinu Landskrona. Þetta kom fram í kvöldfréttum NFS í gær.

Linbeak var á sínum tíma á mála hjá Las Palmas á Spáni en þegar hann var seldur á milli liða í heimalandi sínu var hann dýrasti leikmaður í sögu norska boltans, en hann kostaði þá 60 milljónir króna.

Allan Dyring, sem kom til FH fyrir sumarið, hefur valdið vonbrigðum og ekki enn náð að skora á Íslandsmótinu. Þá er Atli Viðar Björnsson með slitin krossbönd og spilar ekki meira með í sumar. **- hþh**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6631

200.000 kr. úttekt

Útivistartilboð

með völdum Mitsubishi Pajero, Outlander og Pajero Sport.

Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Af því tilefni fylgir 200.000 kr. úttekt hjá Ellingsen völdum Pajero, Outlander og Pajero Sport. Njóttu sumarsins á sprækum fjórhjóladrifsbíl með fullu skotti af dóti frá Ellingsen.

Ellingsen

Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháls 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891



Íslandsmeistarar FH taka á móti KR í kvöld í stórleik 10. umferðar Íslandsmótsins:

# FH á eftir að tapa fleiri stigum

**FÓTBOLTI** FH er með býsna vænlega stöðu á toppi Landsbankadeildar karla eftir fyrri níu umferðir mótsins. Liðið hefur ekki enn tapað leik, og trónir nú á toppnum með 23 stig, níu fleiri en Víkingar sem eru í öðru sætinu.

FH vann fyrri leik liðanna 3-0 í Forstaskjólinu. „Við töpuðum illa en gáfum þeim tvö mörk, það var ekki svo mikill munur á liðunum, alls ekki,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, við Fréttablaðið í gær.

Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö mörk í fyrri hálfleiknum og Atli Viðar Björnsson bætti um betur á lokamínútum leiksins og innsiglaði niðurlægingu Vesturbæinga á heimavelli.

Það liggur ljóst fyrir að síðustu forvöð eru að renna upp til að stöðva sigurgöngu FH áður en þeir tryggja sér titilinn.

„Ég sagði fyrir nokkrum umferðum að þeir myndu missa stig og þeir hafa misst fjögur stig síðan. Ég veit að þeir munu missa fleiri stig en ég hef séð marga leiki með FH og get ekki séð að þeir hafi þetta mikla yfirburði. Þetta hefur dottið með þeim og þeir hafa einstaklinga sem geta klárað leikina, í því liggur meginmunurinn, ekki að liðið sé eitthvað mikið betra, alls ekki, í það minnsta ekki í þeim leikjum sem ég hef séð,“ sagði Teitur.

„Ég sá þá síðast á móti Grindavík og þar var leikurinn í járnum allt þar til það detta inn tvö mörk upp úr engu, það hefur verið einkennandi í sumar. Menn eru alls ekki að gefast upp, það getur enginn leyft sér það. Öll hin liðin eru í einum hnapp, við erum einu stigi frá öðru sætinu og þremur frá fallsæti, þetta er því enginn munur. Það getur ekkert lið leyft sér að slaka á,“ sagði Teitur, sem er vongóður fyrir kvöldið.

„Ég hef alla trú á því að FH eigi eftir að gefa fleiri stig frá sér og við erum staðráðnir í því að gera það sem við getum til þess,“ sagði Teitur Þórðarson.

**- hþh**



ÚTSALAN
hefst í dag kl.10
40%
afsláttur
opið til kl. 21 í kvöld

Paul Smith
Tiger of Sweden
Bruuns Bazaar
Acne jeans
Fred Perry
Mads Nörgaard
Matinique
Dyrberg Kern
Lloyd
Original Penguin

Kultur menn
kringlunni s. 512 1710



Klæjar þig í tærnar?
Gætu það verið **fótsveppir?**




LAMISIL®
TERBINAFINE
...einu sinni á dag í viku drepur fótsveppinn

***Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.***

Lyf & heilsa
***Við hlustum!***

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.




**LANGBESTAR** Valsstúlkur hafa 56 sinnum fagnað marki í Landsbankadeildinni í sumar í þeim átta leikjum sem liðið hefur spilað. Valur virðist vera með yfirburðalið í deildinni í ár og þarf nánast kraftaverk til að koma í veg fyrir að liðið hampi Íslandsmeistaratitlinum í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Valur ekki enn Íslandsmeistari

**Margir knattspyrnuáhugamenn eru á því að Valur sé svo gott sem búið að tryggja sér sigur í Landsbankadeild kvenna. Þjálfarinn hefur þó varann á.**

**FÓTBOLTI** Nánast kraftaverk þarf til að koma í veg fyrir að Valur standi uppi sem sigurvegari Landsbankadeildar kvenna í haust eftir að helsti keppinautur liðsins, Breiðablik, tapaði óvænt fyrir KR í Frostaskjólinu í fyrradag. Valur er nú með sex stiga forystu og hefur skorað 52 mörk þegar helstu liðin hafa leikið átta af fjórtán leikjum og þarf liðið að misstíga sig all hrapalega ef það ætlar sér að verða af titlinum.



ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR

Einhverjir kunna að minnast ummæla Elísabetar Gunnarsdóttur, þjálfara Vals, eftir tapleik liðsins gegn Breiðabliki í fyrri umferð Íslandsmótsins í fyrra, þegar hún óskaði Blikum hjartanlega til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn. Þá, líkt og í ár, voru Valsstúlkur og Blikar með yfirburðalið og nokkuð ljóst að innbyrðis viðureignir liðanna myndu fara langt með að ráða úrslitum mótsins. Nú þegar dæmið hefur snúist við er Elísabet ekki á því að óska sjálfri sér til hamingju. Hún hló dátt þegar Fréttablaðið rifjaði upp orð hennar frá því síðasta sumar.

„Þetta var nú bara sálfræðibrella sem skilaði ekki ætluðum árangri,“ sagði Elísabet og glotti. Hún segir engan hafa óskað sér til hamingju með titilinn, að minnsta kosti enn sem komið er. „Og ég á nú ekki von á því,“ bætti hún við. Þjálfarinn ítrekar að þótt staðan sé óneitanlega mjög góð fyrir Valsstúlkur geti allt gerst í fótbolta. „Þetta er í okkar höndum en mótið er ekki búið. Við megum ekki missa einbeitinguna og ef við ætlum að halda að þetta sé búið þá getum við klúðrað þessu.“

Athygli vekur að þróunin í Landsbankadeild kvenna í ár er keimlík þeirri sem var uppi á teningnum í fyrra, nema að Breiðablik og Valur hafa skipst á hlutverkum. Í fyrra var Valur talið með langbesta liðið á pappírunum og gerði mjög góða hluti í Evrópukeppninni á meðan Breiðablik virtist njóta þess að vera ekki í sviðsljósinu og sigraði að lokum tvöfalt. „Það er rétt að þetta hefur algjörlega snúist við í ár og það er kannski að mörgu leyti betra að vera taldir minni spámennirnir. Við vorum kannski svolítið sjálfsöruggar í fyrra og gerðum ákveðin mistök sem við höfum nú lært af,“ segir Elísabet.

Karl Brynjólfsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá Breiðabliki, segir að árangurinn það sem af er leiktíð vissulega vera vonbrigði en Blikar ætluðu sér stóra hluti fyrir tímabilið í ár. „Auðvitað eru þetta ákveðin vonbrigði. Staðan er ekki glæsileg fyrir okkur en ég ætla nú samt ekki að óska Elísabetu til hamingju með titilinn alveg strax,“ sagði Karl við Fréttablaðið í gær og reyndi að einblína á björtu hliðarnar. „Það er ekki líklegt að Valur misstígi sig í deildinni en við eigum ennþá góða möguleika á bikarnum og svo er auðvitað Evrópukeppnin handan við hornið þar sem við ætlum að standa okkur vel,“ sagði Karl. **vignir@frettabladid.is**

Sameining handknattleiksdeilda KA og Þórs:

# Liðið mun skarta nýju nafni og búningi

**HANDBOLTI** Ef verður af sameiningu handknattleiksdeilda KA og Þórs á Akureyri, eins og allt bendir til, mun hið nýja félag spila undir nýju nafni og í nýjum búningi. Þetta staðfesti Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar KA, við Fréttablaðið í gær. Viðræður um sameiningu eru á lokastigi en að sögn Hannesar „á eftir að hnýta nokkra lausa enda.“ Stefnt er að því að fá niðurstöðu í málið áður en júlímánuður er á enda.

„Félagið mun hvorki heita KA/Þór né ÍBA,“ sagði Hannes en viðurkenndi að ekki væri búið að ákveða hið nýja nafn. Svo virðist sem hinn sögulegi og skærguli keppnisbúningur KA og hinn rauðleiti búningur Þórs verði lagðir á hilluna. Hannes segir að nýr búningur sé í vinnslu en hann vill ekkert segja til um hvernig hann kæmi til með að líta út. Ýmsar vísbendingar benda þó til þess að skjaldarmerki Akureyrarbæjar verði notað sem fyrirmynd þegar kemur að framleiðslu nýja búningsins.

Hannes sagði að ekki væri ennþá búið að ganga frá þjálfaramálum hins nýja félags en aðrir fjölmiðlar hafa sagt frá því að Rúnar Sigtryggsson verði þjálfari hins nýja liðs. Hannes vildi lítið tjá sig um þær fullyrðingar og ítrekaði að ekki væri búið að ráða þjálfara. **- vig**



**SKJALDARMERKI AKUREYRAR** Gæti verið notað til hliðsjónar þegar búningur hins nýja handboltaliðs á Akureyri verður framleiddur.

Real Madrid er þegar byrjað að taka til eftir forsetakosningarnar:

# Capello kominn og aðrir á leiðinni

**FÓTBOLTI** Fabio Capello var í gær útnefndur nýr knattspyrnustjóri Real Madrid, rétt eins og nýskipaður forseti, Ramon Calderon, hafði lofað. Capello sagði upp hjá Juventus í fyrradag og var ekki lengi að fljúga til Madrídar og skrifa undir þriggja ára samning. Hinn sextugi Ítali stýrði Madrídarliðinu til Spánarmeistaratitilsins á tímabilinu 1996/1997, á hans eina tímabili sem knattspyrnustjóri.

„Hann er sannur sigurvegari, sem er mikilvægt hjá klúbbi sem hefur ekki unnið titilinn í þrjú ár," sagði Calderon, sem lofaði einnig að kaupa Kaká, Cesc Fabregas og Arjen Robben. „Þremenningarnir eru samningsbundnir sínum félögum en við þurfum að hafa samband við þau," sagði Calderon, sem segir að Fabregas vilji koma til liðsins en ákvörðunin sé hjá Arsenal. Hann telur sjötíu prósent líkur á því að Fabregas fari til Madrídar.

„Robben verður vonandi fyrstur til að koma. Við höfum þegar verið í sambandi við Roman Abramovich og ég held að allt sé á réttri leið. Leikmaðurinn vill koma hingað og ég býst við því að við göngum frá þessu," sagði Calderon og talaði næst um Kaká.

„Sá þriðji er Kaká, Brasilíumaðurinn hjá AC Milan. Við vitum að það verður erfitt þar sem Milan vill ekki selja leikmanninn. Ef leikmaðurinn ákveður að fara gefur það okkur meiri möguleika," sagði Calderon.

Ruud van Nistelrooy, sóknarmaður Manchester United, gæti verið á leiðinni frá Englandi, líkt og Cristiano Ronaldo en báðir hafa verið orðaðir við Real Madrid.

„Hann (van Nistelrooy) er einn af kostunum okkar en ég er ekki viss um hver ákvörðunin verður hjá Capello. Ég veit heldur ekki með Ronaldo, það er eitthvað sem Capello ákveður. Einn af andstæðingum mínum í forsetakosningunum náði samningum við hann en ég veit ekkert um það og því verðum við að bíða og sjá," sagði Calderon.

Ef svo færi að Juventus yrði dæmt niður um deild, sem er hættan eftir skandalinn stóra á Ítalíu, má búast við því að nokkrir leikmenn fylgi Capello frá Ítalíumeisturunum til Spánar. **- hþh**


**CAPELLO** Er ætlað að koma með gullaldartímana aftur til Real Madrid. NORDICPHOTOS/AFP


**ROBBEN** Fær líklega ekki að fara til Real Madrid. NORDICPHOTOS/AFP

Englandsmeistarar Chelsea:

## Gætu kært Real Madrid

**FÓTBOLTI** Chelsea munu fara fram á það við FIFA að rannsaka ólögleg samskipti Real Madrid við Arjen Robben. Ramon Calderon, nýr forseti Real, hefur gefið það út að Real vilji kaupa Hollendinginn og hefur sagt að Robben vilji koma, en hann greindi frá því að búið væri að ræða við Robben.

„Við sjáum að hr. Calderon staðfestir að hafa talað við Arjen. Þar af leiðandi mun Chelsea tala við FIFA og biðja sambandið um að skoða ólöglegar samræður að hálfu Real Madrid. Það hafa ekki verið neinar viðræður á milli Chelsea og Real Madrid og því má félagið ekki ræða við leikmanninn," sagði Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea í gær. **- hþh**



**TIL HEIÐURS PESSOTTO** Fabio Cannavaro og Gianluca Zambrotta bera borða til heiðurs fyrrverandi liðsfélaga sínum sem á stendur „Pessotto, við erum með þér." NORDICPHOTOS/AFP

Gianluca Pessotto:

## Fagnaði á sjúkrahúsinu

**FÓTBOLTI** Gianluca Pessotto er á sjúkrahúsi að jafna sig eftir að hafa fallið niður úr glugga úr höfuðstöðvum Juventus í síðustu viku. Pessotto lék á árum áður með Juventus og er góður vinur margra landsliðsmanna Ítalíu.

„Ég sagði honum af sigri Ítalíu og hann steytti hnefann af ánægju. Ég sá á honum að hann var mjög, mjög ánægður," sagði Antonio Conte, fyrrum samherji Pessotto sem heimsótti hann á sjúkrahúsið strax eftir leikinn. Alessandro Del Piero tileinkaði Pessotto markið sem hann skoraði gegn Þjóðverjum í undanúrslitaleiknum.

Pessotto er á góðum batavegi eftir fallið þar sem hann slasaðist illa, hann getur þó ekki talað en tjáir sig með öðrum leiðum. **- hþh**

Leikmannamál Liverpool:

## Gonzales og Aurelio komnir

**FÓTBOLTI** Fabio Aurelio og Mark Gonzales skrifuðu í gær undir samninga við enska úrvalsdeildarfélagið Liverpool. Gonzalez fékk loks atvinnuleyfi í gær en Liverpool sótti fyrst um það fyrir ári síðan. Hann stóð sig frábærlega með Real Sociedad á síðasta tímabili þar sem hann var í láni.

„Þetta eru frábærar fréttir enda er þetta leikmaður sem stuðningsmennirnir munu hrífast af. Hann er spennandi leikmaður með góðar fyrirgjafir, mikla tækni og er óhræddur við að taka varnarmenn á," sagði Rafael Benítez um Gonzalez en Aurelio er vinstri bakvörður, og verður fyrsti Brasilíumaðurinn til að spila fyrir Liverpool.

„Fabio er leikmaður með mikla hæfileika, Tækni hans er frábær og hann gefur okkur mikla möguleika, hann hefur rétta hugarfarið og er fæddur sigurvegari," sagði Benítez um Aurelio sem var undir hans stjórn hjá Valencia. **- hþh**

ALDREI AFTUR SPÓLUR – BYLTING Í HREYFIMYNDUM

TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK




JVC GZMG30
30GB HARÐUR DISKUR

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **30GB** hörðum diski (**allt að 37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökuflögu með 800.000 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990




JVC GZMG37
30GB HARÐUR DISKUR

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **30GB** hörðum diski (**allt að 37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökuflögu með 800.000 pixela upplausn, 2.7" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 99.990




JVC GZMG70
30GB HARÐUR DISKUR

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Digital TÖKUVÉL með **30GB** hörðum diski (**allt að 37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (1600x1200), 1/4,5" upptökuflögu með 2.12 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 7,1x7x10.9.

TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

JVC GZMC500

5 MILLJÓN PUNKTA MYNDAVÉL OG STAFRÆN TÖKUVÉL Í EINU TÆKI



TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

MEÐ 4GB MicroDrive

Ótrúlega Nett **Digital Media TÖKUVÉL** með þremur 1/4.5" upptökuflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel **KYRRMYNDATÖKU** (2.560x1.920 Pixlar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt er að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort. Með 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef- og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptöku, Snapshot möguleika, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð í sm (bxhxd): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.

5 MEGA PIXEL

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 179.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



**KLINSMANN** Hughreystir sína menn eftir að Þjóðverjar duttu út í undanúrslitum fyrir Ítölum. NORDICPHOTOS/AFP

Jürgen Klinsmann:

# Ákveður framtíðina fljótlega

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfari Þjóðverja, Jürgen Klinsmann, ætlar að taka sér tíma í að ákveða hvort hann haldi áfram þjálfun liðsins. Franz Beckenbauer er meðal þeirra sem hafa biðlað til hans um að halda áfram en Klinsmann, sem býr í Kaliforníu, ætlar að velta málinu vel fyrir sér.

„Staðan sem ég er í er ekki sú mikilvægasta núna. Ég þarf að fá tíma til að átta mig á öllu sem hefur gerst og að tala við fjölskylduna mína,“ sagði Klinsmann sem var í óða önn að byggja upp nýtt landslið sem byggt er mikið til af ungum leikmönnum.

„Framtíðin er gríðarlega björt og hefur vakið mikla athygli. Við þurfum ekki að óttast framtíðina, í Þýskalandi höfum við alla ástæðu til að vera bjartsýn yfir henni,“ bætti Klinsmann við. - hþh



**BALLACK** Gat ekki haldið aftur af tárunum eftir leikinn. NORDICPHOTOS/AFP

Michael Ballack:

# Betra liðið vann

**FÓTBOLTI** „Þetta átti ekki að verða,“ sagði tárvotur Michael Ballack eftir að Ítalir slógu gestgjafana Þjóðverja út úr HM eftir framlengdan undanúrslitaleik á þriðjudaginn. Ballack gat ekki haldið aftur tárunum eftir leikinn.

„Það er mjög sárt að vera sleginn út svona, þegar ein mínúta er eftir. Þetta er sárt en ekki óverðskuldað. Við byrjuðum of hægt en stóðum okkur betur í síðari hálfleiknum. Ítalirnir fengu betri færi í framlengingunni og áttu sigurinn líklega skilinn,“ sagði Ballack sem brotnaði nánast saman þegar hann var spurður hvort þetta væri verra en þegar hann missti af úrslitaleiknum 2002 vegna leikbanns.

„Mér er kannski ekki ætlað að verða heimsmeistari. Þetta er erfitt,“ sagði Ballack. - hþh

Wimbledon-mótið í tennis:

# Baghdatis vann Hewitt

**TENNIS** Það var mikill handagangur í öskjunni á Wimbledon-mótinu í tennis í gær þegar undanúrslit í einliðaleik karla fóru fram. Fresta þurfti reyndar leik nokkrum sinnum vegna rigningar en af þeim sökum þurfti að fresta einni viðureigninni þar til í dag, leik Rafael Nadal og Jarkko Nieminen.

Kýpverjinn Marcos Baghdatis mun mæta öðrum þeirra í undanúrslitum en hann vann í gær Ástralann Lleyton Hewitt í fjórum settum. Baghdatis skaust á stjörnuhimininn þegar hann komst í úrslit opna ástralska mótsins þar sem hann mætti Roger Federer en þeir gætu mæst aftur nú.

Svisslendingurinn þurfti ekki að hafa mikið fyrir sigrinum gegn Mario Ancic frá Króatíu en hann mætir Svíanum Jonas Björkman sem vann heldur óvænt Tékkann Radek Stepanek. Er þetta besti árangur hins 34 ára gamla Svía í einliðaleik karla en hann hefur unnið marga titla í tvíliðaleik í gegnum tíðina. - esá

Ítalskir fjölmiðlar eru ánægðir með landsliðið:

# Leikmenn Ítalíu hylltir sem hetjur í heimalandinu

**FÓTBOLTI** Ítalskir fjölmiðlar ausa lofi yfir leikmenn landsliðsins eftir að það tryggði sér sæti í úrslitum HM í Þýskalandi með fræknum 2-0 sigri á Þýskalandi í fyrradag. Afrekið þykir mikill sigur fyrir ítalska knattspyrnu, ekki síst vegna áfallsins sem hún varð fyrir þegar upp komst um svindl stærstu félagsliða landsins sem nú er réttað yfir.

„Við elskum ykkur,“ sagði á forsíðu blaðsins Corriere dello Sport og var í framhaldinu rætt um að frammistaðan gegn Þýskalandi færi í sögubækurnar sem ein sú besta frá ítalska landsliðinu frá upphafi. Ítalir unnu Þjóðverja 4-3 í undanúrslitum HM árið 1970 en flest blöðin eru sammála um að sigurinn í fyrradag hafi verið meira afrek. „Við unnum Þjóðverja á þeirra heimavelli þar sem 60 þúsund manns voru á móti okkur, á leikvangi þar sem þýska liðið hafði aldrei tapað leik,“ sagði enn fremur í Corriere.

„Ítalir eru sterkari en allir aðrir,“ sagði fyrirsögnin í blaðinu Messaggero sem kemur út í Róm og með fylgdu fjölmargar myndir af leikmönnum liðsins, grátandi af gleði. „Ítalska landsliðið sterkara en skandallinn,“ segir í La Gazzetta dello Sport og í blaðinu L´Unita mátti lesa í fyrirsögn: „Ítalir á fljúgandi ferð.“

Flestir eru fjölmiðlar sammála um það að árangur ítalska liðsins á HM má að mestu þakka þjálfaranum Marcello Lippi og er honum hrósað í hástert fyrir þann djarfa leik að setja Allesandro Del Piero og Vincente Iaquinta inn á undir lokin og stilla þannig upp fjórum sóknarmönnum í einu. „Hernaðarbragð Lippis gekk fullkomnlega upp, sigurinn á Þjóðverjum var sigur hans,“ sagði m.a. í La Repubblica. - vig



**MAÐUR MARGRA ANDLITA** Marcello Lippi er orðinn þjóðhetja í heimalandi sínu eftir sigurinn frækna á Þjóðverjum í fyrradag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Frábærir Frakkar í úrslitaleikinn

**Frakkar gerðu það sem þurfti til að vinna lánlaust lið Portúgals í undanúrslitum HM í gær. Rétt eins og í leik liðanna í undanúrslitum EM 2000 var það vítaspyrna Zinedines Zidane sem skildi á milli í leikslok.**

**FÓTBOLTI** Portúgalar geta borið höfuðið hátt eftir tap liðsins fyrir Frakklandi í undanúrslitum HM í knattspyrnu í gær. Þeir gerðu sig reyndar seka um klaufaleg mistök í fyrri hálfleik þegar vítaspyrna var dæmd eftir brot á Thierry Henry en Zinedine Zidane brást þá ekki bogalistin frekar en fyrri daginn.

Í síðari hálfleik róaðist leikurinn nokkuð en Portúgalar gerðust mjög ágengir við franska markið undir lok leiksins og voru óheppnir að jafna ekki leikinn.

Frakkar byrjuðu nokkuð vel og sýndu efnilega tilburði í spili sínu en það voru þó Portúgalar sem áttu fyrstu færi leiksins. Deco og Maniche áttu góð skot að marki auk þess sem Figo átti eitraða sendingu fyrir markið á 10. mínútu. Greinilegt var að Portúgalar ætluðu ekki að vera í hlutverki lítilmagnans og ætluðu að hefna fyrir ófarirnar á EM 2000, þar sem Zinedine Zidane skoraði sigurmarkið í leik liðanna í undanúrslitum úr vítaspyrnu.

Það virtist því kaldhæðni örlaganna þegar Jorge Larrionda dómari frá Úrúgvæ dæmdi víti er Ricardo Carvalho gerði klaufaleg mistök í baráttunni við Thierry Henry. Fótur Carvalho flæktist fyrir Henry sem féll í kjölfarið og vítið því dæmt. Ricardo varð fyrsti markvörður sögunnar til að verja þrjár vítaspyrnur en hann gerði það gegn Englendingum í vítaspyrnukeppninni í 8-liða úrslitum en kom engum vörnum við gegn Zidane.

Strax frá fyrstu mínútu var púað á Portúgalann Cristiano Ronaldo, væntanlega vegna þess fjölmiðlafárs sem hefur átt sér stað eftir leikinn gegn Englandi og brottvikningu Waynes Rooney í þeim leik. Skömmu eftir víti Frakka lætur Ronaldo sig falla í teig andstæðingsins en dómarinn lætur ekki blekkjast.

Síðari hálfleikur hófst með því að Frakkar áttu tvö góð skot að marki sem Ricardo varði vel. En Portúgalar minntu á sig er Pauletta fékk ágætis skotfæri skömmu síðar en skot hans fór í hliðarnetið. En við tók langur leikkafli þar sem lítið var um að vera, Frakkarnir vörðust vel og reyndu að sækja hratt en án árangurs.

Á 78. mínútu dró svo aftur til tíðinda. Cristiano Ronaldo tók aukaspyrnu langt út á velli en lét fast skot vaða sem Barthez markvörður náði ekki að halda. Boltinn var í lausu lofti og Luis Figo var klaufi er hann skallaði boltann yfir markið úr ákjósanlegu færi. Fernando Meira fékk svo frábært skotfæri í uppbótartíma en Portúgölum virtist fyrirmunað að skora en þeir sóttu stíft þessar lokamínútur leiksins.

Fögnuður Frakka var vitanlega mikill í leikslok. Þeir mæta nú Ítölum í úrslitaleik, rétt eins og á EM 2000.

Það var áberandi hversu oft Portúgalar reyndu að fiska vítaog aukaspyrnur en þeim varð lítið ágengt þar sem Larrionda dómari lét ekki blekkjast. Hann áminnti þó ekki leikmenn fyrir leikaraskap þótt tækifæri væru til þess. Alls hafði helmingur þeirra leikmanna sem höfu leik í gær fengið áminningu í útsláttarkeppninni en aðeins tveir, Carvalho og Louis Saha, verða í leikbanni í lokaleik liðanna í mótinu en þeir voru þeir einu sem fengu áminningu í leiknum í gær. Var það mikill léttir fyrir Frakka.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**FRAKKAR FAGNA** Franskir leikmenn fagna sigrinum gegn Portúgal í gær en Simao Sabrosa og félagar hans eru skiljanlega sársvekktir. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS



**SVEKKJANDI** Luis Figo fór illa að ráði sínu er hann skallaði yfir markið úr ákjósanlegu færi er stutt var til leiksloka. NORDIC PHOTOS/AFP



**GULLS ÍGILDI** Zinedine Zidane skoraði eina mark leiksins. NORDIC PHOTOS/AFP

Þýskir fjölmiðlar spara ekki stóru orðin eftir að Þjóðverjar duttu út á HM:

# „Við grátum með ykkur strákar“

**FÓTBOLTI** Þýska þjóðin er í sárum eftir að Ítalir skoruðu tvö mörk á lokamínútum framlengingarinnar í undanúrslitaleiknum á þriðjudag. Öskubuskuævintýri gestgjafanna er þar með lokið en þeir voru vongóðir um að endurheimta Heimsmeistaratitilinn á heimavelli eftir sextán ára bið.

„Draumurinn er úti,“ - „Nótt táranna,“ og „Við grátum með þér,“ eru nokkrar af fyrirsögnunum sem slengt er fram í Þýskum fjölmiðlum eftir tapið og risastórar myndir af leikmönnum að þerra tárin og hughreysta hvern annan taka nú allt pláss í öllum blöðum.

„Heimsmeistaramótið hefur breytt hugarástandi landsins,“ sagði í BZ tímaritinu en mikið fer fyrir stoltinu eftir gott gengi liðsins. Fánar Þjóðverja voru áberandi í gær þrátt fyrir tapið og segir í ýmsum miðlum að samstaðan hjá Þjóðverjum hafi ekki verið meiri síðan síðari Heimsstyrjöldinni

„Draumurinn um sigur er dáinn, en Þýskaland vann samt, af því við munum aldrei gleyma þessum dögum. Stoltið og gleðin í kringum svarta, rauða og hið gyllta umkringir hetjurnar sem héldust saman af Klinsmann,“ sagði jafnframt í BZ.

Blöðin voru einnig flest sammála um það í umfjöllum sínum að Ítalir hefðu átt sigurinn skilinn. „Ítalirnir voru einfaldlega betri. En strákar, þið erum samt hetjur! Við grátum með ykkur strákar“ sagði í einu útbreiddasta dagblaði Þýskalands, Bild. 30 milljónir Þjóðverja horfðu á leikinn í sjónvarpi og milljónir anarra á börum og almenninssvæðum. - hþh



**GLEÐI OG VONBRIGÐI** Þessar þýsku stúlkur voru kátar á meðan á leiknum stóð en eftir úrslitin breyttist gleðin í sorg. NORDICPHOTOS/AFP

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

*MIÐAÐ VIÐ EINGREIÐSLU

4.664 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. OKTÓBER*

SUMARTILBOÐ

STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ!

Eiginkonur fótboltastjarnanna eru mættar aftur
í nýrri þáttaröð – þeirri svæsnustu til þessa.

FOOTBALLERS' WIVES
Í kvöld kl. 21.20



GOTT FÓLK McCANN

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Dorothy, this guy would go home with a gardening tool if it showed interest.“**

**Svar:Laurel úr kvikmyndinni Jerry Maguire árið 1997.**

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: KRISTJÁN HJÁLMARSSON HEFUR FENGIÐ NÓG

## *Nóg komið af HM*

Fjörugasti leikur HM hingað til var undanúrslitaleikurinn á milli Þjóðverja og Ítala. Leikmenn beggja liða höfðu vart undan hraða leiksins því ef annað liðið dirfðist að sækja fékk það strax andstæðinginn í bakið. Svo óheppilega vill til að ég spila fótbolta með félögum mínum á þriðjudögum í Hafnarfirði. Fyrir vikið stangaðist leikur Ítala og Þjóðverja á við fótboltaæfingu okkar. Við ákváðum að fresta æfingunni þar til yfir lauk hjá stórveldunum tveimur, en sú viðureign átti heldur betur eftir að dragast á langinn. Stór hluti þeirra drengja sem spriklar með mér í boltanum býr í og við miðbæ Reykjavíkur. Það tekur því töluverðan tíma að safna öllu liðinu saman áður en rennt er af stað í fallegasta bæjarstæði landsins. Ég klæddi mig í gallann þegar venjulegur leiktími var hálfnaður í leik Ítala og Þjóðverja til að flýta fyrir för okkar á æfinguna góðu. Þegar örfáar mínútur voru eftir af seinni hálfleik framlengingar taldi ég óhætt að leggja af stað. Ég taldi víst að ef ég færi til svila míns, sem býr í næstu götu, gæti ég flýtt enn frekar fyrir för okkar á æfinguna en samt náð leiknum enda stefndi leikurinn í vítaspyrnukeppni.



**ÞÝSKALAND OG ÍTALÍA** Það urðu margir svekktir yfir úrslitum leiksins.

Aðeins sekúndubroti eftir að ég skellti útidyrahurðinni á eftir mér heyrði ég mér til mikillar skelfingar fagnaðaróp í nálægum íbúðum. Það rann strax upp fyrir mér hvað hafði gerst. Annað hvort liðið hafði skorað og ég hafði misst af lokamarkinu. Eða það hélt ég. Þegar ég kom nánast grátbólginn til svila míns opnaði hann hurðina og sagði: „Ertu að grínast í mér? 2-0 fyrir Ítali!“ Ég missti andlitið og endurtók það sem hann hafði verið að segja. Ítölsku leikmönnunum hafði tekist á 30 sekúndum að gera það sem þeim hafði ekki tekist í þá tvo tíma sem ég horfði á, og það ekki einu sinni heldur tvisvar. Útreið mín var mikil, í raun verri en þýska liðsins. Ég var með stór og mikil plön um helgina þar sem heimsmeistarakeppnin var fléttuð inn í. Eftir þessar sviptingar í lífi mínu hef ég ákveðið að forgangsraða hlutunum upp á nýtt og af fenginni reynslu fær heimsmeistarakeppnin að fjúka. Fyrir vikið mun ég missa af leiknum um þriðja sætið og sjálfum úrslitaleiknum. Það er samt allt í lagi því ég hef talið sjálfum mér trú um að heimsmeistarakeppnin sé eingöngu til þess fallin að gera fólki eins og mér gramt í geði.



▶ **20.10** *Drama*

HÁLANDAHÖFÐINGINN



▶ **20.35** *Sakamál*

BONES



▶ **22.40** *Spenna*

X-FILES



▶ **21.00** *Keppni*

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ **14.00** *Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN EFTIR HÁDEGI

## SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Mótorsport **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (8:31)

**18.30** **Sögurnar okkar (5:13)** Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir ferðast um Ísland og fjalla um merka staði.
**18.40** **Strákurinn í næsta húsi**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.10 Hálandahöfðinginn (6:10)** (Monarch of the Glen VI) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína.
**21.15** **Sporlaust (19:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (46:47)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (48:49) **23.55** Kastljós **0.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** My Wife and Kids **11.05** Whose Line Is it Anyway? 3 **11.30** 3rd Rock from the Sun

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** The Sketch Show **15.00** Two and a Half Men **15.20** Related **16.00** Batman **16.25** Leðurblökumaðurinn **16.50** Noddy **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Svínasúpan (e)** Frábærir grínþættir sem sýndir voru við miklar vinsældir á Stöð 2 árið 2004.
**20.05** **Eldsnöggt með Jóa Fel (6:6)** Idol-stjörnurnar Snorri og vinur hans Alexander koma í heimsókn ásamt ástvinum sínum og börnum.
▶ **20.35 Bones (11:22)** (Bein) Nýr hörkuspennandi sakamálaþáttur.
**21.20** **Footballers' Wives (1:8)** (Ástir í boltanum) Hér áður fyrr voru það poppstjörnur og kvikmyndastjörnur.
**22.35** **Dead Funny** (Drepfyndið) Dularfull morðgáta með óvæntum endi. Stranglega bönnuð börnum.

**0.10** Into The West (1:6) **1.40** Huff (4:13) (Bönnuð börnum) **2.35** Contract Killer, The (Sat sau (Stranglega bönnuð börnum) **4.10** Footballers' Wives **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Bernie Mac (13:22) (e)**
**20.00** **Friends (11:17)**
**20.30** **Twins (6:18)** (Model Student) Mitchee og Farrah fá báðar umferðarsektir og verða að mæta aftur í ökuskóla.
**21.00** **Smallville (8:22)** (Solitude) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.
**21.50** **Killer Instinct (6:13)** (Who's Your Daddy) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco. Bönnuð börnum.
▶ **22.40 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið.

**23.30** Clubhouse (10:11) (e) **0.15** Sirkus RVK (e) **0.45** Friends (11:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Run of the House (e) **16.10** Beautiful People (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
**19.45** **Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
**20.30** **Völli Snær** Undrakokkurinn Völundur er áhorfendum SKJÁSEINS ekki að öllu ókunnugur.
▶ **21.00 Rock Star: Supernova – NÝTT!** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum; Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr Guns n'Roses?

**23.00** C.S.I: Miami **23.50** Jay Leno **0.35** America's Next Top Model V (e) **1.30** Beverly Hills 90210 (e) **2.15** Melrose Place (e) **3.00** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið ▶**14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** **Kvöldfréttir**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20** **Brot úr fréttavakt**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** What's the Worst That Could Happen? **8.00** Live From Bagdad **10.00** A Shot at Glory **12.00** My Boss's Daughter **14.00** Live From Bagdad **16.00** A Shot at Glory **18.00** My Boss's Daughter **20.00** **What's the Worst That Could Happen?** (Hvað er það versta sem gæti gerst?) Geggjuð grínmynd. Kevin er atvinnuþjófur og skrambi góður í sínu fagi. Aðalhlutverk: Danny Devito, Martin Lawrence, John Leguizamo, Bernie Mac. Leikstjóri: Sam Weisman. **22.00X-2** (Ofurmennin 2) Hörkugóð spennumynd um veröld sem við gætum allt eins lifað í. Hér er á ferðinni sjálfstætt framhald þar sem ofurmennin snúa aftur. Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Patrick Stewart, Ian McKellen, Halle Berry. Leikstjóri: Bryan Singer. 2003. Bönnuð börnum. **0.10** Air Panic (Bönnuð börnum) **2.00** National Security (Bönnuð börnum) **4.00** X-2 (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Extreme Close-Up **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** Rise of the Geeks **14.00** THS Angelina Jolie **15.00** Glamour's 50 Biggest Fashion Dos and Don'ts **16.00** Exposed: The 25 Most Notorious Fashion Week Moments **17.00** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Colin Farrell **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Sexiest **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Colin Farrell **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **2.00** 101 Craziest TV Moments

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán
kr. 24.893 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
Nú fáanlegur með 1500dci díselvél
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, sóllúga.



Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.
Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

Með bílinn handa þér

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Footballers' Wives** **Stöð 2** kl. 21.20

### *Eiginkonur í sviðsljósinu*

Poppsöngvarar og kvikmyndaleikarar hafa lengi verið í hópi fínasta og frægasta fólksins en í dag eru fótboltakapparnir ekki síðri stjörnur. Þessir moldríku herramenn sýna listir sínar og þokka á knattspyrnuvellinum á meðan konur þeirra baða sig í sviðsljósinu utan vallar.
Nú er fimmta serían af Footballers' Wives komin á skjáinn og verður fyrsti þátturinn sýndur í kvöld. Breska pressan hefur staðfest að þættirnir eru enn svæsnari og svakalegri en þeir fyrri. Í fyrsta þættinum kemst Amber að því að Bruno kann að hafa valdið dauða Conrads; sem og hann gerði eins og áhorfendur muna úr lokaþætti síðustu þáttaraðar.




# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**




▶ **19.20**

*Keppni*

STERKASTI MAÐUR ÍSLANDS 2006

SÝN besta sætið

**15.15** HM 2006 **17.00** 4 4 2 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**18.55** **Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
▶ **19.20** **Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2006) Upptaka frá keppninni um Sterkasta mann Íslands.
**19.45** **Landsbankadeildin 2006**
**22.00** **Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?

**23.50** Landsbankadeildin 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Sakamálaleikritið: Flugurnar hvísla **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Parísardraumar **15.03** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík

**16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan **23.00** Töfrateppið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / T pp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður








o p i ð v i r k a d a g a 1 0 - 1 8 l a u g a r d a g a 1 1 - 1 6



Vaxtalaus júlí

vaxtalausar raðgreiðslur allan júlí
til allt að 12 mánaða

mira art
H Ú S G Ö G N

b æ j a r l i n d 6 2 0 1 k ó p a v o g i s í m i 5 5 4 6 3 0 0 w w w . m i r a a r t . i s







K O R T E R • I S



## HRÓSIÐ

*... fá Friðrik Ármann Guðmundsson og fjölskylda hans fyrir að stýra Melabúðinni með myndarbrag um áratugaskeið.*

# Góð helgi...



**Kaffi:** Það er alltaf tilvalið að byrja helgina á góðum kaffibolla, hvort sem það er gert á kaffihúsi eða heima. Kemur skapinu í lag.



**Útivist:** Samkvæmt veðurfræðingum er ekkert lát á úrkomu um helgina en það er alltaf hressandi að fara í göngutúr um íslenska náttúru í rigningarsudda. Þingvellir, Heiðmörk eða Laugardalurinn eru skemmtilegir staðir þar sem grasið grænkar í rigningunni.



**Sýning:** Opnun á sýningunni Landslagið og þjóðsagan á Listasafni Íslands á laugardaginn kl. 11. Þetta er sumarsýning safnsins sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.



**Fótbolti:** Um helgina verður stórviðburður í Egilshöll tileinkaður úrslitakeppni HM í fótbolta. Dagskráin byrjar 17 á laugardaginn og stendur yfir alla helgina. Bubbi mun koma fram og fótboltaunnendur geta horft á úrslitaleikinn á risaskjá.



**Tónleikar:** Tónlistarmaðurinn Curver mun þeyta skífum á Bar 11 á föstudagskvöldið. Aðgangur er ókeypis og mun Curver bjóða upp á skemmtilega blöndu af gamaldags rokki og róli og garage-tónlist.



**Kolaportið:** Þessi skemmtilegi markaður þreytist seint. Þarna kennir ýmissa grasa, og má finna þar matvæli, búsáhöld og fatnað. Tilvalið að skella sér þangað og gera góð kaup. Opið alla laugardaga og sunnudaga.



**LÁRÉTT**
**2** ófá **6** nafnorð **8** horfðu á **9** æxlunarkorn **11** tveir eins **12** aðfall **14** fet **16** tveir eins **17** útsæði **18** vogur **20** smáorð **21** afl.

**LÓÐRÉTT**
**1** nýja **3** mannþvaga **4** plana **5** almætti **7** frægð **10** þrá **13** heyskaparamboð **15** ala **16** ll **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** mörg **6** no **8** sáu **9** gró **11** ðð **12** aðsog **14** skref **16** tt **17** fræ **18** vík **20** að **21** orka
**LÓÐRÉTT: 1** unga **3** ös **4** ráðgera **5** guð **7** orðstír **10** ósk **13** orf **15** fæða **16** tvo **19** kk




JÚLÍUS STEINAR HEIÐARSSON: STOFNAÐI ÚRAMERKIÐ 101 REYKJAVIK

# Með úr á báðum höndum

„Ég hef alltaf haft mikla úradellu og safna flottum gömlum úrum,“ segir Júlíus Steinar Heiðarsson sem ásamt félögum sínum Sigurði Birni Gilbertssyni úrsmiði og Grímkatli Pétri Sigurðssyni margmiðlunarfræðingi stofnaði úramerkið 101 Reykjavík fyrir tveimur árum. Nafnið er dregið af staðsetningu höfuðstöðva fyrirtækisins en hún er á Óðinsgötunni og úrin eru einungis til sölu hjá Gilberti úrsmiði en búð hans er staðsett á Laugaveginum.

„Talan 101 kemur mikið við sögu hjá okkur og því fannst okkur nafnið tilvalið. Einnig var það úr númer 101 í röðinni af sýnishornunum sem fór í framleiðslu.“ Eftirspurnin eftir úrunum hefur verið framar björtustu vonum hjá félögunum og nú eru fáanlegar þrjár gerðir í herralínunni. Islandus nefnist stærsta úrið, A2 nefnist annað úrið, sem er að þeirra sögn úr fyrir veiði- og jeppadellu kalla enda vatnshelt og með annars konar sérútbúnaði. Svo er þriðja týpan í bígerð en hún er mun sérhæfðari en hin tvö og eru kafarar og björgunarsveitarmenn að prufa úrið. Í júní komu kvenmannsúr á markaðinn frá 101 Reykjavík.



**JÚLÍUS STEINAR HEIÐARSSON** Stofnandi úramerkisins 101 Reykjavik og hefur vanið sig á að ganga með úr á báðum höndum. Hann er sonur Heiðars snyrtis, en Heiðar gaf syni sínum ráðleggingar varðandi nýju kvenmannslínu merkisins.

„Það er alltaf erfitt fyrir karlmenn að hanna fyrir konur en við erum sem betur fer vel giftir og svo hjálpaði pabbi minn mikið með litavalið enda lentum við í smá veseni því konur vilja víst fjölbreytt litaúrval. Okkur vantaði því smá hjálp,“ segir Júlíus og hlær, en pabbi hans er Heiðar Jónsson, betur þekktur sem Heiðar snyrtir og lumar hann örugglega á nokkrum góðum ráðum varðandi litasamsetningar.

Partarnir í úrin eru framleiddir í Sviss og Þýskalandi en svo eru þeir settir saman hér heima af Gilberti úrsmiði og syni hans Sigurði sem einmitt á fyrirtækið með Júlíusi. Júlíus segir að þeir hafi viljað fara aftur í tímann þegar lærðir úrsmiðir gerðu öll úr og við kaup á úri frá þeim er úrið smurt og hreinsað og einnig fylgir með útprentun á öllum mælingum. „Gilbert úrsmiður er eins konar andlegur leiðtogi okkar og hefur hjálpað okkur mikið enda meistari í þessu fagi.“

Júlíus hefur vakið athygli manna fyrir það að ganga alltaf með úr á báðum höndum og segir hann að það hafi byrjað með því að hann hafi viljað sýna fólki tvær týpur af úri enda ágætis auglýsing. „Svo vandist ég þessu bara og skil eiginlega ekki af hverju ég byrjaði ekki fyrr að ganga með tvö úr fyrr því sem flugmaður getur þetta verið gagnlegt í löngum flugum og miklum tímamismun.“

Júlíus hefur verið flugmaður í tuttugu ár og vinnur nú fyrir Flugfélag Íslands, en úrin eiga hug hans allan. „Ég vonast eftir því að geta bara snúið mér alfarið að þessu. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert.“

alfrun@frettabladid.is



**STRÁKARNIR Á BAK VIÐ ÚRIN** Þremenningarnir Júlíus, Sigurður og Grímkell ásamt andlegum leiðtoga sínum Gilberti úrsmiði en Sigurður er sonur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bandaríska sendiráðið bauð til veglegrar veislu á Kjarvalsstöðum á þriðjudagskvöld til að fagna þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna. Á boðstólum voru pítsur frá Domino's, bandarískar pylsur og paprikuskrúfur og auðvitað sérgerðir bandarískir hamborgarar. Af drykkjum var vel veitt af rauðvíni, hvítvíni, bjór og gosi. Fjöldi gesta lét sjá sig í veislunni sem þótti heppnast einkar vel. Þarna mátti meðal annarra sjá fjölda erlendra sendiherra á Íslandi, Georg Lárusson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, ásamt unnustu sinni, Súsönnu Svavarsdóttur menningargagnrýnanda og Dagnýju Lárusdóttur.



Í veislunni voru líka borgarstjórinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og hans hægri hönd, Jón Kristinn Snæhólm, Jói línudansari, Kristín Tómasdóttir, sjónvarpskona á NFS, Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor og Guðfinnur Sigurvinsson, fréttamaður á Ríkissjónvarpinu. Afar skemmtileg hljómsveit lék þekkta ameríska slagara fyrir gesti. Hljómsveitina skipuðu ekki ómerkari menn en Tómas R. Einarsson, bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir og Jón Jósep Snæbjörnsson sem hélt um hljóðnemann.

Útvarpsmennirnir Andri Freyr Viðarsson og Búi Bendtsen eru komnir í sumarfrí frá X-fm. Þeir félagar hafa stjórnað hinum vinsæla morgunþætti, Capone, á stöðinni en nú herma fregnir að óvíst sé hvort þeir snúi aftur eftir frí. Dr. Gunni greinir frá því á heimasíðu sinni að honum hafi verið sagt upp vegna niðurskurðar og fleiri munu hafa fengið sömu skilaboð um síðustu mánaðarmót. Fréttir herma að endurskipulögð X-fm muni byggjast upp á íþróttaþætti Valtýs Björns Valtýssonar og klassískri rokktónlist. Þar með á að höfða til eldri aldurshóps undir stjórn nýs dagskrárstjóra, Snorra Sturlusonar.



-hdm



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, VILLTUR LAX, SKÖTUSELUR og KEILA

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Opna nýjan veitingastað

Veitingamennirnir Skjöldur Sigurjónsson og Kormákur Geirharðsson hafa tekið höndum saman við athafnamennina og fótboltatvíburana Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni. Saman ætla þeir á næstunni að opna nýjan veitingastað þar sem verslunin Spaksmanns spjarir var áður til húsa í Þingholtsstræti.



**KORMÁKUR GEIRHARÐSSON**

„Þetta er veitingastaður sem hefur staðið tilbúinn í nokkra mánuði nema að það á eftir að gera eldhúsið boðlegt,“ sagði Kormákur í samtali við Fréttablaðið. Verið er að byggja hótel á svæðinu og verður rekstur veitingastaðarins tengdur því. Sjálfur veitingastaðurinn verður á þeirri hæð sem Spaksmanns spjarir voru áður. Í kjallaranum, þar sem skemmtistaðirnir Sportkaffi og Felix voru áður, verður svo dansstaður. Kormákur segir að dansstaðurinn verði best hljóðeinangraði staður landsins, enda hafi mikið verið lagt upp úr því að ekkert heyrist upp á veitingastaðinn eða hótelið. Hann segir að nýlega hafi verið gengið frá samningum um rekstur staðarins og nú verði farið í að móta útlit og stefnu.



**ARNAR GUNNLAUGSSON**

„Við erum komnir með frábært starfsfólk og erum að fara í að klára konseptið. Veitingastaðurinn verður væntanlega nýttur sem morgunverðarsalur fyrir hótelið. Hvað skemmtistaðinn varðar munum við einfaldlega líta í kringum okkur og finna út hvað vantar. Við erum ekki að fara að apa eftir öðrum,“ segir Kormákur. Hann vill ekki slá því föstu hvenær staðurinn verður opnaður. „Það verður með haustinu. Ef vel gengur að afla leyfa þá væri menningarnótt stórkostlegur tímapunktur, en þetta á allt eftir að koma í ljós.“ - hdm


SKAFMIÐALEIKUR
HAGKAUPA OG COCA-COLA
ÞÚ KAUPIR 4-PAKKA AF COKE EÐA COKE LIGHT Í HAGKAUPUM FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS
OG FÆRÐ Í KAUPBÆTI 2 GLÆSILEG HM™ GLÖS AUK SKAFMIÐA.
SPENNANDI VINNINGAR Á HVERJUM MIÐA.
HM LEIKUR
HAGKAUPA OG COCA-COLA.
4 x 2L
Coca-Cola
Upplifum stemninguna
OFFICIAL PARTNER
2006 FIFA WORLD CUP™
Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## Lærdómur

Ég hef enga formlega menntun what so ever. Ég klúðraði því. Ég er ekta íslenskur tossi. Ég féll á samræmdu prófunum, í stærðfræði og dönsku. Síðan hef ég alltaf verið bitur út í Danmörku eins og komið hefur fram. Ég féll í fleiri fögum en ég kláraði í menntaskóla. Eina prófið sem ég er með er meiraprófið. Þar náði ég samt ekki nema sex og eitthvað í meðaleinkunn. (Og það með því að svindla í undirvagni). Mér fannst skólar leiðinlegir og ég hef alltaf átt erfitt með að einbeita mér að einhverju sem ég hef ekki beinan áhuga á. Ég ber samt alveg virðingu fyrir menntun og myndi alveg þiggja að fá að læra eitthvað í háskólanum. En það er bara ekki í boði. Háskóli Íslands er mér og mínum líkum lokuð bók. Og ég nenni ekki að fara í öldungadeildina því ég er svo þreyttur á kvöldin og heilinn í mér er yfirleitt sofnaður einum til tveimur tímum á undan mér.

**ÉG KANN** ekki að margfalda eða deila og ég er ekkert allt of sleipur í mínus heldur. Ég kann ekki málfræði vel og stafset eftir minni. Ég tala sænsku ágætlega en er ófær um að skrifa hana.

**EN MENNTUN** er margs konar. Menntunarleysi mitt hefur gert það að verkum að ég hef þurft að vera útsjónasamur. Ég hef þurft að skapa mér vinnu til að lifa. Ég hef sjálfmenntað mig. Ég hef, til dæmis, nú um nokkurt skeið, stundað fjarnám í gegnum Google. Það hentar mér mjög vel. Þar fæ ég svör við flestöllu sem mig langar að vita, einmitt þegar mig langar til að vita það. Wikipedia hefur líka reynst mér haukur í horni.

**EN HELSTI** styrkur minn er samt hvað ég tala fallega og góða íslensku. Ég var alinn upp af gömlu fólki. Ég kann orð sem margir skilja ekki. Ég las mikið sem krakki. Ég las eiginlega allt sem ég náði í. Þetta hefur gert það að verkum að ég kann að koma orðum að hugsunum mínum og jafnvel orða þær skemmtilega. Það er ekki öllum gefið og fyrir það er ég þakklátur. Í því felst styrkur minn. Það er hræðileg líðan að hafa eitthvað að segja en kunna ekki að segja það.

**FLESTIR** foreldrar vilja að börn þeirra fái menntun. En menntun er margs konar. Lestur bóka er ómetanleg menntun. Þú getur borgað barninu þínu fyrir að lesa bók. Það er góð fjárfesting.





